



Rafrænt einelti -skilningur og þekking unglinga-

Helga Lind Pálsdóttir

Lokaverkefni til MA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Rafrænt einelti
-skilningur og þekking unglinga-

Helga Lind Pálsdóttir
17.11.82-4099

Lokaverkefni til MA gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarkennari: Halldór S. Guðmundsson
Aðstoðarleiðbeinandi: Krístrún Birgisdóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní, 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Helga Lind Pálsdóttir, 2011

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2011

Jamie er heimskur hommi, feitur og ljótur.
Hann verður að deyja! Mér er alveg sama
þótt þú deyjir. Öllum er sama, svo gerðu
það bara. Allir voeru miklu ánægðari fyrir
vikið!

Jamey Rodemeyer, 14 ára tók sitt eigið líf eftir að hafa þolað stríðni og einelti á netinu og í skólanum í langan tíma. Þetta voru ein af síðustu skilaboðum sem hann fékk á Formspring (Samfélagssíðu þar sem hægt er að tjá sig nafnlaust). Þetta gerðist í september 2011.

(Linton, 2011).

Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar var að varpa ljósi á hugarheim unglunga varðandi rafrænt einelti. Leitast var við að fá fram og skoða mat unglunga á ástæðum og afleiðingum rafræns eineltis og hvort skilningur og mat stúlkna og drengja væri á einhvern hátt ólíkt. Þá er fjallað um skilgreiningar á rafrænu einelti, helstu boðleiðir og tegundir rafræns eineltis.

Rannsóknin var eigindleg og tekin voru tvö hópviðtöl við nemendur á unglingastigi tveggja grunnskóla. Helstu niðurstöður benda til þess að unglingar hafa takmarkaðan skilning og þekkingu á rafrænu einelti. Að þörf sé á aukinni fræðslu og að nafnleyndin sem oft fylgir rafrænu einelti kunni að vera stór áhrifaþáttur og ein helsta ástæða þess að unglingar lenda í og /eða taka þátt í rafrænu einelti. Nafnleyndin geri einnig að verkum að erfitt er að takast á við rafrænt einelti og afleiðingar þess. Kom fram að vegna nafnleyndar geranda álitu unglingarnir í rannsókninni það bera lítinn árangur að leita aðstoðar fullorðinna í rafrænu einelti. Töldu unglingarnir að þeir sem lenda í rafrænu einelti kjósi fremur að leita aðstoðar vina en fullorðinna, foreldra eða skólayfirvalda.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til mikilvægi þess að auka umræðu og fræðslu um rafrænt einelti, sérstaklega meðal ungmenna. Einnig gefa niðurstöðurnar tilefni til að rafrænt einelti verði skilgreint verkefni og viðfangsefni í eineltisáætlunum í grunn- og framhaldskóla.

Lykilorð: Rafrænt einelti, unglingar, nafnleynd, fræðsla.

Abstract

The goal of this project was to shed a light on the ideas and attitudes of teenagers towards cyber-bullying. The goal was to uncover and analyse the teenager's beliefs about the causes and effects of cyber-bullying, with a special view towards the possible differences in thinking between the male and female participants. The project deals with definitions of bullying and the main conduits for and varieties of cyber-bullying. Applying a qualitative approach, the project is based on two group interviews involving teenage pupils of two different elementary schools. The primary findings suggest that teenagers generally lack an understanding and awareness of cyber-bullying, which indicates the need for education on the subject. Cyber-bullying was found to thrive on anonymity which seemed to be a deciding factor for teenagers to participate in, or be victims of, cyber-bullying. Anonymity is the primary problem when it comes to dealing with cyber-bullying and its effects. The project found that teenagers victimised by cyber-bullying preferred to seek the assistance of peers rather than adults, parents or school authorities. The teenagers interviewed expressed they felt it was futile to seek assistance from adults in cases of cyber-bullying, since the bullying is anonymous.

The findings of the project indicate the importance of raising awareness of the subject matter, especially in the case of teenagers who ought to be educated on the topic. The findings also indicate that schools need to make cyber-bullying part of their anti-bullying-programs; that it is a social issue that needs to be addressed.

Key words: Cyber-bullying, teenagers, anonymity, awareness.

Formáli

Ritgerð þessi er 30 ECTS eininga lokaverkefni í meistaranámi til starfsréttinda við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Leiðbeinandi ritgerðarinnar er Halldór Sigurður Guðmundsson, lektor við Félagsráðgjafardeild. Færi ég honum mínar bestu þakkir fyrir faglega leiðsögn og ábendingar. Fyrir góðar leiðbeiningar, ómældan stuðning, hvatningu og vinsemd vil ég þakka aðstoðarleiðbeinanda mínum Krístrúnu Birgisdóttur. Ömmu minni, Sveinbjörgu Guðmundsdóttur vil ég þakka fyrir yfirlestur á ritgerð þessari sem og þeim fjölmörgum sem skrifaðar hafa verið á vegferð minni við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Vinum mínum Kristínu Jónu og Helga Guðnasyni vil ég þakka fyrir þýðingu á útdrætti. Þá vil ég sérstaklega þakka þátttakendum í rannsókninni, án þeirra hefði hún ekki orðið að veruleika.

Þá vil ég koma þökkum á framfæri til Gunnhildar Völu Valsdóttur fyrir aðstoð við rannsókninna og Hólfríði Þórisdóttur íslenskufraeðingi. Sambíóunum og Pylsuvagninum á Selfossi vil ég þakka fyrir styrk í formi gjafabréfa til þátttakanda.

Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni sem hefur veitt mér ómetanlegan stuðning, þolimæði og hvatningu. Sérstaklega fær maðurinn minn Tómas Davíð þakkir, án þín hefði þetta ekki tekist.

Ritgerð þessi er tileinkuð öllum þeim er hafa orðið fyrir og verða fyrir rafrænu einelti með von um betri tíma.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	7
1.1 Val á viðfangsefni.....	7
Eigið viðhorf til efnisins.....	8
1.2 Markmið rannsóknar	8
1.3 Mikilvægi rannsóknar og hagnýtt gildi	9
1.4 Uppbygging ritgerðarinnar	9
2. Fræðileg umfjöllun um rafrænt einelti	11
2.1. Kenningar um unglingsárin og þroskann.....	11
2.1.1 Hugrænar þroskakenningar (e. Cognitive development theories).....	11
2.1.2 Kenning Erikson's um þroska sjálfsins	12
2.1.3 Félagsnámskenningin	12
2.2 Rafrænt einelti og skilgreiningarvandinn.....	12
2.2.1 Hvað er rafrænt einelti	13
2.2.2 Tengsl rafræns eineltis og hefðbundins eineltis.....	13
2.2.3 Áskoranir við skilgreiningu rafræns eineltis	14
2.2.4 Einkenni rafræns eineltis	16
Vísitandi og illgjörn hegðun	16
Endurtekning	17
Valdaójafnvægi.....	17
Nafnleynd	18
Hvergi skjól – fórnarlamb allan sólarhringinn	18
Stærð áhorfendahópsins.....	19
2.3 Rafrænt einelti, tegundir og helstu boðleiðir	19
2.3.1 Boðleiðir.....	20
Skyndiskilaboð (e. Instant Messaging)	20
Spjallsvæði (e. Chat Rooms)	20
Tölvupóstur (e. Electronic Mail).....	20
SMS - Smáskilaboð (e. Text Messaging).....	21
Samfélagssíður/Samskiptasíður á netinu (e. Social Networking Sites)	21
Blogg (e. Blogg)	22
Vefsíður/ Heimasíður (e. Web Sites)	22
Netleikir (e. Internet Gaming)	22
2.3.2 Tegundir rafræns eineltis	22
Netrifrildi (e. Flamming).....	22
Rafræn áreitni (e. Harassment)	23
Mannorðspjöll (e. Denigration).....	23
Persónueftirlíking (e. Impersonating)	23

Trúnaðarbrestur (e. Outing and Trickery).....	24
Útskúfun (e. Exclusion).....	25
Rafrænt umsátur (e. Cyber – Stalking)	25
Að lemja sér til ánægju (e. Happy slapping).....	25
2.4 Staða þekkingar	25
2.4.1 Áhrifaþættirnir: Tíðni, kyn og aldur	26
Tíðni rafræns eineltis	26
Kynja- og aldursmunur í rafrænu einelti	27
2.4.2 Gerendur og þolendur rafræns eineltis.....	28
Gerendur	28
Þolendur	30
2.4.3 Afleiðingar rafræns eineltis	31
Afleiðingar rafræns eineltis á líf og líðan þolanda	32
2.4.4 Leiðir til að takast á við rafrænt einelti (<i>e. Coping- Strategies</i>).....	33
Hvað er best að gera- hvað virkar.....	34
2.4.5 Viðhorf unglunga til rafræns eineltis	35
2.5 Viðbrögð samfélagsins við rafrænu einelti.....	35
2.5.1 Foreldrar og skólinn	36
Foreldrar	36
Skólinn	38
Kennarar og skólafélagsráðgjafar	39
2.5.2 Löggjafinn.....	40
Löggjafinn og rafrænt einelti.....	42
Aðkoma félagsþjónustu og barnaverndar í rafrænum eineltismálum.....	42
2.5.3 Úrræði	43
3. Framkvæmd rannsókna og aðferðafræði	45
3.1 Rannsóknarspurningar	45
3.2 Rannsóknaraðferð	45
3.2.1 Rýnihópar	45
3.2.2 Val á þátttakendum	46
3.2.3 Gagnaöflun	47
3.2.4 Skráning og úrvinnsla gagna	47
3.3 Siðferðileg álitamál.....	48
3.3.1 Persónuvernd	49
3.3.2 Upplýst samþykki.....	49
3.4 Styrkleikar og takmarkanir rannsókna	49
4. Niðurstöður	51

4.1 Virkni þátttakanda	51
4.2 Viðhorf þátttakenda til rafræns eineltis	51
4.2.1 Nafnleyndin	53
4.2.2 Hvar fer rafrænt einelti fram?	54
4.2.3 Þolendur og gerendur	57
4.2.4 Hópurinn.....	59
4.2.5 Öryggisleysi	59
4.3 Rafrænt einelti í daglegu lífi	60
4.3.1 Rafrænt einelti í skólanum	61
4.4 Stákar, stelpur og rafrænt einelti	62
4.5 Rafræn stríðni, rífrildi eða einelti?	64
4.6 Að takast á við rafrænt einelti	66
4.6.1 Foreldrar og skóli.....	68
4.6.2 Lausnir	69
5. Umræður og lokaorð	70
5.1 Umræða um niðurstöður	70
Boðleiðir.....	70
Viðhorf og þekking unglunga á rafrænu einelti.....	71
Nafnleyndin og áhrif hennar	73
Kynjamunur í rafrænu einelti	73
Viðbrögð við rafrænu einelti og úrræði.....	74
5.2 Samantekt	75
5.3 Lokaorð	76
5.3.1 Helsti lærdómur og framtíðarrannsóknir	77
5.3.2 Vangaveltur höfundar	78
Heimildaskrá	80
Fylgiskjöl	87
Fylgiskjal I: Kynningarbréf og upplýst samþykki	87
Fylgiskjal II: Viðtalsvísir	89

1. Inngangur

Einelti er ekki nýtt vandamál heldur hefur það verið þekkt í mörg ár og áratugi. Jafnvel í hinni sígildu skáldsögu Charles Dickens um Oliwer Twist frá árinu 1839 er fjallað um einelti; tilfinningalegt einelti, líkamlegt, munnlegt og hópeinelti (Gordon, Madonna og Banas, 2009).

Með aukinni tækniþróun, Internetinu og GSM sínum hefur sprottið upp ný gerð af einelti. Rafrænt einelti, þar sem gerendur nota tæknina til þess að niðrast á, niðurlægja og særa annan einstakling. Rannsóknir sýna að rafrænt einelti er vaxandi vandamál hér á landi sem og annars staðar í heiminum (Kiriakidis og Kavorua, 2010). Það sem aðgreinir rafrænt einelti frá hefðbundnu einelti er meðal annars að hefðbundið einelti er oftast bundið við skóla, skólalóðina og heimferð frá skóla. Hið rafræna einelti gengur lengra. Í skjóli tækni, fjarlægðar og nafnleyndar ná gerendur til þolanda allan sólarhringinn, í skólanum jafnt sem inn á heimili þolanda (Calvete, Orune, Estévez, Villardón og Padilla, 2010). Rafrænt einelti, líkt og hefðbundið einelti, getur haft mikil áhrif á þann sem fyrir því verður. Rafrænt einelti er ekki aðeins vandamál einstaklings, þolanda eða geranda, heldur er það samfélagslegt vandamál vegna þeirra afleiðinga sem það hefur í för með sér.

Rannsókn þessi fjallar um rafrænt einelti meðal unglunga. Markmiðið er að lýsa viðhorfum unglunga til rafræns eineltis og auka þannig þekkingu og skilning á fyrirbærinu. Tilgangur þessarar ritgerðar er ekki að fjalla sérstaklega um félagsráðgjöf né skólafélagsráðgjöf. Hinsvegar er ljóst að vegna þess að rafrænt einelti er samfélagslegt vandamál kemur það inn á borð félagsráðgjafa. Því er vonin sú að niðurstöður þessarar rannsóknar nýtist félagsráðgjöfum og skólafélagsráðgjöfum í vinnu sinni á þessu sviði og sé góð viðbót við þekkingargrunn félagsráðgjafar.

1.1 Val á viðfangsefni

Kveikjan að rannsóknarefninu var persónulegur áhugi höfundar á vinnu með unglungum og aukinni velferð þeirra. Hefur rannsakandi unnið þó nokkuð með unglungum í félagsmiðstöðvum, sumarvinnu unglunga og í kristilegu unglingastarfi. Einnig má nefna að höfundur hefur mikinn áhuga á skólafélagsráðgjöf og hefur hug á að taka diplómu í skólafélagsráðgjöf þegar fram líða stundir.

Eineltismál hafa ávallt verið höfundu hugleikin. Við val á rannsóknarefni fyrir MA verkefni þetta, byrjaði rannsakandi á því að athuga hvað hefði verið skrifað um eineltismál. Þar rakst hann á orðið rafrænt einelti sem kveikti áhuga hans um leið. Þegar skoðaðar voru rannsóknir sem þegar eru til um rafrænt einelti kom í ljós að vettvangurinn er ennþá fremur nýr. Fyrstu rannsóknir komu fram á árunum 2004-2005 hér á landi.

Val á rannsóknaraðferð breyttist eftir því sem höfundur las og kynnti sér meira um rafrænt einelti. Upphaflega var ætlunin að gera meginlegu rannsókn um tíðni og eðli rafræns eineltis. Við lestur rannsókna kom fram að frekari þörf væri á að ræða við unglunga og fá fram þeirra skoðanir og skilning á rafrænu einelti. Beindist rannsóknin því í þann farveg að taka rýnihópaviðtöl við tvo hópa; strákahóp og stelpuhóp.

Eigið viðhorf til efnisins

Þegar lagt var upp með rannsóknina var nauðsynlegt fyrir höfund ritgerðarinnar að velja því upp hvort eigin hugmyndir um efnið hefðu áhrif á umfjöllun um það. Eftir umhugsun þá hefur höfundur litla reynslu af eineltismálum, bæði hefðbundnum og rafrænum. Það hefur þó áhrif þegar lesnar eru sögur eða fréttir af því hvernig unglingar hafa komið fram við jafningja sína. Hvernig rafrænt einelti hefur orðið til þess að ungt fólk, í blóma lífsins, tekur sitt eigið líf. Það veldur reiði og sorg að lesa slíkt. Því gerir höfundur sér grein fyrir því að nauðsynlegt er að nálgast efnið út frá hlutleysi og láta ekki tilfinningar hlaupa með sig í gönur.

1.2 Markmið rannsóknar

Rannsóknir sýna fram á að rafrænt einelti er raunveruleg ógn við velferð barna og unglunga í dag (Calvete, o.fl., 2010). Markmið þessarar rannsóknar er að varpa ljósi á hugarheim unglunga varðandi rafrænt einelti og hvernig það birtist þeim í þeirra daglega lífi. Rafrænt einelti hefur ekki fengið mikla umfjöllun í samfélaginu enn sem komið er. Markmið þessarar ritgerðar er því einnig að efla umræðuna og vitund samfélagsins, foreldra og skólayfirvalda um rafrænt einelti, alvarleika og afleiðingar þess.

Í rannsókninni verður lagt upp með eftirfarandi spurningu:

- Hver er sýn unglunga í níunda og tíunda bekk á rafrænt einelti?

Undirspurningar sem unnið verður með í rannsókninni eru:

- *Hverjar eru ástæður og afleiðingar rafræns eineltis að mati unglunga?*
- *Hver eru sjónarmið stráka og stelpna á rafrænt einelti?*
- *Hvernig er hægt að takast á við rafrænt einelti, að mati unglunga?*

1.3 Mikilvægi rannsókna og hagnýtt gildi

Rannsókn þessi er í senn fræðileg og hagnýt. Þær rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar á rafrænu einelti hér á landi hafa lagt áherslu á að útskýra hvað rafrænt einelti er, afleiðingar þess, boðleiðir og birtingarmyndir. Rannsókn Heiðu Kristínar Harðardóttur og Krístrúnar Birgisdóttur (2009) var sú fyrsta sinnar tegundar og sú eina hingað til þar sem rætt var við fagfólk innan skólanna um viðhorf þeirra til rafræns eineltis. Rannsókn þessi er sú fyrsta hér á landi þar sem rætt er við unglunga um viðhorf þeirra og skilning á rafrænu einelti. Rannsóknin telst því frumkvöðlarannsókn á þessu sviði og hafa niðurstöður hennar fræðilegt gildi.

Hagnýtt gildi rannsóknarinnar er, og getur verið, umtalsvert. Byggir hið hagnýta gildi á því að niðurstöður rannsóknarinnar verði nýttar til að skoða, á gagnrýninn hátt, hvernig unnið er með rafrænt einelti og hvað megi betur fara. Einnig er hagnýtingin byggð á því að búa til aðgerðaráætlanir og úrræði gegn rafrænu einelti.

1.4 Uppbygging ritgerðarinnar

Ritgerðin skiptist í fimm kafla. Fyrsti kafli er inngangur að rannsókninni. Í öðrum kafla er farið yfir fræðilegan bakgrunn um rafrænt einelti. Rætt verður um skilgreiningu rafræns eineltis og birtingarmyndir þess. Fjallað verður um stöðu þekkingar hvað varðar tíðni og kynjamun, þolendur og gerendur, afleiðingar rafræns eineltis sem og leiðir til að takast á við það. Að lokum verður tekið fyrir hvernig samfélagið og löggjafinn bregst við rafrænu einelti. Þriðji kafli fjallar um aðferðafræði rannsóknarinnar. Gerð verður grein fyrir gagnasöfnunaraðferðum og úrvinnslu gagna. Rætt verður um hvernig þátttakendur voru valdir og farið verður yfir siðferðileg álitamál. Þá endar þriðji kafli á umræðu um styrkleika og takmarkanir rannsóknarinnar. Fjórti kafli byggir á niðurstöðum

rannsóknarinnar. Í þeim kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum og þeim þeim sem fram komu við gagnaúrvinnslu. Fimmti og síðasti kaflinn er tileinkaður umræðu um niðurstöður og tengingu þeirra við fræðilega umfjöllun. Rætt verður um hvaða lærdóm megi draga af rannsókninni og settar verða fram hugmyndir að mögulegum framtíðarrannsóknum um rafrænt einelti. Kaflinn endar á vangaveltum höfundar og lokaorðum.

2. Fræðileg umfjöllun um rafrænt einelti

Í þessum kafla verður fjallað um rafrænt einelti út frá fræðilegu sjónarhorni. Rýnt verður í rannsóknir um rafrænt einelti, sem og bækur og vefsíður um efnið. Markmið kaflans er að draga saman helstu þekkingu um rafrænt einelti, skilgreiningu þess, birtingarmyndir og áhrif þess á líf og líðan geranda og þolanda.

2.1. Kenningar um unglingsárin og þroskann

Unglingsárin eru mikilvægur tími fyrir mótun sjálfsmyndar hvers og eins. Á unglingsárunum mótast sjálfsmyndin, jákvætt eða neikvætt viðmót á eigin sjálfi (Rosenberg, 1965), að miklu leyti eftir þeim skilaboðum sem hið félagslega umhverfi sendir frá sér. Persónuleiki hvers og eins mótast einnig mikið á unglingsárum. Ekki er auðvelt að útskýra hugtakið persónuleiki. Grunnhugmyndin er þó eitthvað á þá leið að persónuleikinn er þeir innri þættir sem gerir hegðun einstaklingsins samkvæma sjálfri sér og breytilega frá því hvernig aðrir myndu hegða sér í sömu aðstæðum (Hampson, 1982).

Hér á eftir verður fjallað um nokkrar af þeim kenningum sem viðkoma unglingsárunum og þroska sjálfsmyndar og persónuleikans. Leitast verður við að skoða hvernig kenningar um þroska sjálfins geta haft áhrif á málefni tengd rafrænu einelti.

2.1.1 Hugrænar þroskakenningar (e. Cognitive development theories).

Hugrænar þroskakenningar fjalla um þróun vitundarlífsins. Hvernig skynjun, dómgreind, rökfærslu- og ályktunarhæfni, hugsun og mál þroskast hjá hverjum og einum (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2010). Í hugrænum þroskakeningum er lögð áhersla á að skoða hvernig fólk hugsar og hvernig hugsunin þroskast og breytist með aldrinum (Kail og Cavanaugh, 2010).

Í erlendum rannsóknum um rafrænt einelti hefur komið fram að gerendur gera sér sjaldan grein fyrir afleiðingum gjörða sinna og þeim skaða sem þeir valda með hegðun sinni. Ein ástæða þessa er að gerendur sjá ekki viðbrögð þolanda (Dehue, Bolman og Völlink, 2008). Ef þessi þekking er sett í samhengi við hugrænar þroskakeningar má ætla að vegna þess hve hugsun unglunga og dómgreind á eftir að þroskast hafi það áhrif á hegðun geranda í rafrænu einelti (Sutton, Smith og Swettenham, 1999).

2.1.2 Kenning Erikson's um þroska sjálfsins

Í kenningu Erikson's um þroska sjálfsins er rætt sérstaklega um unglingsárin. Samkvæmt kenningunni takast á tvö öfl á unglingsárunum, sjálfið og hlutverkaruglingur. Á þessum árum veltir unglingurinn gjarnan fyrir sér hver hann er og hver staða hans er innan samfélagsins. Út frá þessu þroskastigi myndast persónueinkenni unglingsins, ný viðhorf og ný heimssýn. Samkvæmt kenningu Erikson's eru unglingsárin sá tími er börn taka mikilvæg skref frá foreldrum sínum í átt til sjálfstæðis. Tími þar sem unglingurinn reiðir sig meira á vinina, álit þeirra og skoðanir en áður. Takist unglingnum vel til með þessi nýju verkefni unglingsáranna hefur hann samkvæmt kenningunni náð að móta sterka sjálfsmynd og hæfileikann til að mynda innihaldsrík vinasambönd (Beckett og Taylor, 2010).

2.1.3 Félagsnámskenningin

Félagsnámskenningin byggir á herminámi. Það er að segja, börn læra ákveðna hegðun með því að fylgjast með og líkja eftir hvernig aðrir gera. Kenningin gengur út frá tveimur þáttum, annars vegar fyrirmynd hegðunar og hins vegar styrkingu hegðunar (Berk, 2007). Fáir einstaklingur umbun fyrir ákveðna hegðun, styrkist hegðunin og heldur áfram. Sé honum refsað fyrir hegðunina, hættir hún. Samkvæmt kenningunni heldur fólk áfram tiltekinni hegðun svo lengi sem þeim er umbunað fyrir hana (Thio, 2007).

Unglingar finna oft fyrir mikilli pressu að falla inn í hópinn. Einelti verður því oft hópþyrirbæri þar sem gerandinn er hvattur áfram vegna þess að enginn vill skera sig úr hópnum með því að verja þolandann. Gerandinn fær þannig umbun fyrir hegðun sína og heldur hún því áfram. Aðrir í hópnum sjá jákvæð viðbrögð sem gerandinn fær og taka jafnvel beinan þátt í eineltinu í framhaldinu (Mouttapa, Valente, Gallaher, Rohrbach og Unger, 2004).

2.2 Rafrænt einelti og skilgreiningarvandinn

Heildstæð skilgreining á rafrænu einelti sem endurspeglar skilning unglinga á vandamálinu er einn af lykilþáttum í rannsóknum um rafrænt einelti (Vandebosch og Cleemput, 2009). Í þessum kafla verður fjallað um rafrænt einelti og þær áskoranir sem fræðimenn hafa staðið frammi fyrir við skilgreiningu á fyrirbærinu. Fjallað verður um tengingu rafræns og hefðbundins eineltis og að lokum verður rætt um þá þætti er greina rafrænt einelti frá hefðbundnu.

2.2.1 Hvað er rafrænt einelti

Rafrænt einelti er sú tegund eineltis þar sem Internetið og GSM símar eru notaðir til að koma á framfæri niðrandi og ærumeiðandi upplýsingum um einstakling (Heiða Kristín Harðardóttir og Krístrún Birgisdóttir, 2009). Rafrænt einelti er eins og annað einelti, þegar einstaklingur verður fyrir endurteknu neikvæðu áreiti frá einum eða fleiri aðilum og á erfitt með að verja sig (Belsey, 2005).

Tilgangur rafræns eineltis er yfirleitt, að hálfu geranda, að valda þolanda opinberri niðurlægingu. Sem dæmi getur rafrænt einelti verið að dreifa niðrandi slúðri um þolanda, búa til vefsíður sem sérstaklega eru ætlaðar til að niðurlægja. Dreifa lítillækkandi myndum og myndböndum um þolanda á Internetinu eða búa til sérstaka heimasíðu sem eingöngu er ætlað til að gera lítið úr þolandanum (Hinduja og Patchini, 2011a). Rafrænt einelti getur einnig verið að uppnefna, hótta líkamlegu ofbeldi, skilja útundan og/eða villa á sér heimildir í netheimum til að valda öðrum skaða (Price og Dalgeish, 2010).

Það sem gerir rafrænt einelti frábrugðið hefðbundnu einelti er meðal annars að gerandi þarf ekki að nálgast þolandann beint, hann þarf hvorki að vera sterkur líkamlega né félagslega og enginn þarf, vegna nafnleyndar, að vita að það er hann sem er gerandinn. Þá getur gerandi vegna tækninnar náð til þolanda hvar og hvenær sem er. Jafnvel þótt þolandi slökkvi á tölvunni og/eða GSM síma getur gerandi haldið áfram að senda efni til hans (Saft, e.d.-a).

2.2.2 Tengsl rafræns eineltis og hefðbundins eineltis

Þekkingargrunnur á hefðbundnu einelti getur reynst gagnlegur ef ekki nauðsynlegur til að skilja betur rafrænt einelti (Shariff, 2008). Hefðbundið og rafrænt einelti hafa nokkur sameiginleg einkenni. Í bæði hefðbundnu og rafrænu einelti er um að ræða sálfélagslegt ofbeldi, áreiti sem gerist oftast en einu sinni og valdaójafnvægi milli geranda og þolanda. Bæði hefðbundið og rafrænt einelti innihalda tvenns konar ofbeldi, beint og óbeint. Beint ofbeldi er til dæmis líkamlegar árásir og/eða hótanir um líkamlegt ofbeldi. Óbeint ofbeldi tekur til árása á persónuleg sambönd þolanda og mannorðspjalla svo sem að dreifa niðrandi slúðri um þolanda (Sourander, Ikonen, Lindroos, Luntamo, Koskelainen, Ristkari og Helenius, 2010; Wade og Beran, 2011). Þrátt fyrir að rafrænt og hefðbundið einelti hafi ákveðin sameiginleg einkenni má ekki líta á þetta tvennt sem sama fyrirbæri.

Því rafrænt einelti, sem og hefðbundið, hefur séreinkenni sem ekki er hægt að líta fram hjá (Dooley, Pyzalski og Cross, 2009).

Nýlegar rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli þess eineltis sem fer fram í skóla og/eða í félagslífi og þess eineltis sem fer fram á Internetinu. Börn og unglingar sem eru viðriðin hefðbundið einelti, sem gerendur eða þolendur, eru líklegri til að einnig eiga hlutdeild í rafrænu einelti (Dehue o.fl., 2008; Twyman, Seylor, Taylor og Comeaux, 2010). Ekki er þó hægt að fullyrða um þessi tengsl og mikilvægt er að skoða aðra undirliggjandi þætti er varða rafrænt einelti (Bauman, 2010). Li (2007) gerði rannsókn á tengslum hefðbundins og rafræns eineltis. Fram kom að þeir sem voru þolendur hefðbundins eineltis í skóla voru allt að þrisvar sinnum líklegri til að verða einnig þolendur rafræns eineltis. Þeir sem lögðu aðra í einelti í skóla voru sjálfir þrisvar sinnum líklegri til að verða þolendur rafræns eineltis. Í sambærilegri rannsókn Hinduja og Patchini (2007) bentu niðurstöður til þess að hægt væri að útskýra allt að 10% rafræns eineltis með hefðbundnu einelti.

2.2.3 Áskoranir við skilgreiningu rafræns eineltis

Rafrænt einelti er tiltölulega nýtt fyrirbæri sem á síðustu árum hefur kallað á aukna athygli rannsakenda (Calvete, o.fl., 2010). Líkt og með öll ný fræðisvið þarf að búa til hugtök og skilgreiningar um fyrirbærið sem rannsaka á og er rafrænt einelti þar engin undantekning (Kowalski, Limber og Agatston, 2008). Það hefur þó reynst erfitt að búa til skilgreiningu um rafrænt einelti sem fræðimenn eru á eitt sáttir um. Því hafa verið notaðar mismunandi skilgreiningar í rannsóknum um rafrænt einelti (Calvete o.fl., 2010). Hefur það aftur orðið til þess að niðurstöður rannsókna hafa verið mjög misjafnar til dæmis hvað varðar tíðni á rafrænu einelti sem mælist frá 9%-49% (Price og Dalgeish, 2010).

Flestar skilgreiningar á rafrænu einelti samanstanda af tveimur þáttum. Í fyrsta lagi að hluta eða allri skilgreiningu hefðbundins eineltis og hins vegar lýsingu á þeim rafrænu leiðum sem eineltið fer í gegnum (Vandebosch og Cleemput, 2008). Hér á eftir koma dæmi um nokkrar af þeim skilgreiningum sem fræðimenn hafa notað um rafrænt einelti. Til hliðsjónar verður höfð skilgreining og megineinkenni Olweusar á hefðbundnu einelti. Þess má geta að ýmsir skólar hér á landi vinna eftir Olweusaráætluninni gegn einelti (Olweus, e.d.-a).

Einelti er skilgreint sem endurtekið eða viðstöðulaust áreiti/ valdbeiting, munnleg, sálfræðileg eða líkamleg, framkvæmdar af einstaklingi eða hóp einstaklinga sem beita sér gegn annarri manneskju eða hópi einstaklinga gegn þeirra vilja. Helstu einkenni eineltisins eru: neikvætt og illgirnislegt atferli, atferli sem endurtekur sig og stendur í nokkurn tíma, samskipti sem einkennast af ákveðnu ójafnvægi aflsmuna eða annars valds (Olweus, e.d.-a).

SAFT, samtök um ábyrga netnotkun barna og unglunga á Íslandi skilgreina rafrænt einelti þegar „*Internetið og/eða GSM símar eru notaðir til að koma niðrandi og oft á tíðum meiðandi upplýsingum um einstaklinga á framfæri*“ (SAFT, e.d.-a).

Dæmi um skilgreiningar sem fræðimenn hafa notað í rannsóknum sínum eru: „*Árásargjörn og vísitandi hegðun einstaklings eða hóps sem notar rafrænar leiðir. Hegðun sem gerist endurtekið gegn þolanda sem á erfitt með að verja sig*“ (Smith, Mahdavi, Carvalho, Fisher, Russell og Tippett, 2008). Bill Belsey einn af frumkvöðlum í rannsóknum um rafrænt einelti skilgreinir það á eftirfarandi hátt; „*Notkun einstaklings eða hóps á upplýsinga- og fjarskiptatækni til að vísitandi, endurtekið og með illgjörnum hætti valda öðrum einstaklingi eða hópi einstaklinga skaða*“ (Vandebosch og Cleemput, 2008). Sameer Hinduja og Justin W. Patchini hafa lagt mikið til rannsókna um rafrænt einelti. Skilgreining þeirra á rafrænu einelti er töluvert einfaldari en margar, er hún eftirfarandi; „*Vísitandi og úthugsuð hegðun sem veldur öðrum skaða í gegnum rafrænan texta*“ (Patchini og Hinduja, 2006). Að lokum skilgreina Kiriakidis og Kavorua (2010) rafrænt einelti á eftirfarandi hátt; „*Rafrænt einelti inniheldur notkun rafrænna miðla til að hóta og valda öðrum skaða. Tölvupóstur, spjallrásir, GSM símar, skyndiskilaboð, SMS og Internetsíður eru verkfæri sem eru notuð til að valda niðurlægingu, ótta og tilfinningu um hjálparleysi*“ (Kiriakidis og Kavorua, 2010).

Ljóst er að skilgreiningar á rafrænu einelti geta verið mismunandi og taka til ólíkra þátta. Eru sumar ítarlegar á meðan aðrar eru stuttar og einfaldar. Margar nefna að rafrænt einelti innihaldi hegðun sem er illgjörn, úthugsuð og vísitandi. Sumar taka sérstaklega fram form mögulegs eineltis á meðan aðrar gera það ekki. Taka sumar fram valdaójafnvægi á milli þolanda og geranda en aðrar láta slíkt liggja á milli hluta (Kiriakidis og Kavorua, 2010).

Helsti ágreiningur fræðimanna varðandi skilgreiningu á rafrænu einelti er annars vegar hugmyndin um endurtekningu og hversu oft atvik þurfi að koma upp til að geta

talist sem rafrænt einelti, hins vegar hugmyndin um valdaójafnvægi og hvernig það birtist í rafrænu einelti (Tokunaga, 2010).

2.2.4 Einkenni rafræns eineltis

Líkt og áður kom fram hafa rafrænt og hefðbundið einelti nokkur sameiginleg einkenni. Rafrænt einelti líkt og hefðbundið inniheldur illgjarna hegðun, endurtekningu og valdaójafnvægi. Þá segja sumar kenningar einnig að rafrænt einelti sé vísitandi og úthugsuð hegðun (Kiriakidis og Kavorua, 2010). Í rafrænu einelti birtast þessir þættir þó ekki á sama hátt og í hefðbundnu einelti og verður gerð betri grein fyrir því hér á eftir. Þá verður rætt um séreinkenni rafræns eineltis, til dæmis nafnleyndina, hinn ósýnilega áhorfendahóp og hvernig þolandi í rafrænu einelti hefur hvergi skjól fyrir eineltinu (Englander, 2011; Sourander o.fl., 2011; Dehue o.fl., 2008).

Vísitandi og illgjörn hegðun

Hinduja og Patchini (2007) segja að í rafrænu einelti felist hegðun þar sem einn eða fleiri aðilar vísitandi og á illgjarnan hátt gera lítið úr öðrum með rafrænum leiðum.

Skrafaður texti sem sendur er öðrum í gegnum rafrænar leiðir hefur tilhneigingu til að misskiljast og jafnvel vekja upp illindi (Vandebosch og Cleemput, 2009). Þegar eitthvað er skrifað á Internetinu eða í gegnum SMS skilaboð fylgja því hvorki tilfinningar, tjáning né svipbrigði. Það sem sent er í saklausu gríni getur þannig birts viðtakanda sem illgjörn árás. Á þessum forsendum má því velja því upp hvort hegðun af hálfu geranda sé í raun vísitandi (Vandebosch og Cleemput, 2008).

Því er þó ekki haldið fram að öll hegðun á Internetinu sem svipar til rafræns eineltis sé í raun misskilið grín. Þegar gerandi birtir niðrandi myndir af öðrum á Internetinu, sendir þolanda skilaboð sem vitað er að særa eða dreifir slúðri um hann til að klekkja á mannorði viðkomandi, er varla hægt að segja að um óviljandi skaða sé að ræða. Í þeim tilvikum er yfirleitt um að ræða vísitandi og illgjarna hegðun (Hinduja og Patchini, 2011a).

Samkvæmt rannsóknum gera unglingar sér oft ekki fyllilega grein fyrir afleiðingum gjörða sinna og þeim særindum sem þeir mögulega valda með hegðun sinni. Einnig sýna rannsóknir að unglingar og gerendur rafræns eineltis geri sér almennt ekki grein fyrir mögulegum áhorfendahópi og hversu miklum skaða eitt atvik á Internetinu getur valdið þolanda. Má velja því upp, annarsvegar vegna þroskaleysis unglunga og hinsvegar vegna

takmarkaðs skilning unglunga á afleiðingum rafræns eineltis, hvort rafrænt einelti sé í raun vísitandi hegðun (Hinduja og Patchini, 2011a; Sourander o.fl., 2010).

Endurtekning

Ein af grunnstoðum skilgreininga á einelti er að hegðun þurfi að vera endurekin (Olweus, e.d.a). En hvað er endurtekning á Internetinu? Hvort skilgreining á rafrænu einelti þurfi að innihalda hugtakið endurtekið er, eins og áður kom fram, mjög óljóst og umdeilt atriði á meðal fræðimanna (Vandebosch og Cleemput, 2009).

Auðvelt er að átta sig á endurtekningu ef talin eru SMS eða tölvupóstur sem sendir eru til sama þolanda (Dooley o.fl., 2009). Það getur hinsvegar reynst töluvert erfiðara að skilgreina endurtekningu þegar efni er sett á Internetið. Myndir og myndbönd sem sett eru á til dæmis Facebook.com eða Youtube.com geta dreifst á gríðarlega stóran hóp á mjög stuttum tíma, margir geta skoðað efnið og deilt því með öðrum. Því hefur atvik sem átti að vera einu sinni, að hálfu geranda, orðið margendurtekið (Twyman o.fl., 2010). Í rannsókn Vandebosch og Cleemput (2009) kom fram að unglingar hafa oft ekki skilning á þessu og telja það, í mörgum tilfellum, ekki endurtekningu að setja efni á Internetið einu sinni.

Vert er því að spyrja hvort endurtekningin í rafrænu einelti sé fólgin í hversu oft efni er sett á Internetið eða hversu oft efni er skoðað á Internetinu. Eða er endurtekningin fólgin í þeim skiptum sem þolandi fer á Internetið eða skoðar símann sinn og upplifir neikvæðar tilfinningar og vanlíðan vegna atviksins? (Vandebosch og Cleemput, 2009; Dooley o.fl., 2009). Ljóst er að hugmyndin um endurtekningu í rafrænu einelti er töluvert á reiki og erfitt er að festa niður hvað hún þýðir í raun og veru (Kiriakidis og Kavorua, 2010).

Valdaójafnvægi

Í hefðbundnu einelti er valdaójafnvægi. Þegar einhver með meiri völd notfærir sér stöðu sína og veldur einstaklingi með minni völd skaða (Wade og Beran, 2011). Vald í hefðbundnu einelti er oft tengt mismun í félagslegri færni og/eða líkamlegum styrk milli þolanda og geranda. Vald í rafrænu einelti getur hins vegar verið góð þekking á Internetinu, tölvum og tækni. Valdið einskorðast því ekki við þá sem hafa yfirburði á sviði líkamlegs styrks eða góðrar félagslegrar stöðu heldur dreifist valdið víðar (Dooley o.fl., 2009; Vandebosch og Cleemput, 2009). Í rafrænu einelti mætti því segja að

tækjaeign, aðgangur að tæknibúnaði og tölvukunnátta séu vald geranda. Valdleysið er hinsvegar falið í erfiðleikum þolanda við að takast á við og stöðva eineltið, meðal annars vegna nafnleyndarinnar (Dooley o.fl., 2009).

Nafnleynd

Nafnleyndin er eitt af aðalsmerkjum rafræns eineltis að mati unglunga og vegna hennar þykir mörgum rafrænt einelti verra en hefðbundið (Mishna, Sainim og Solomon, 2009). Internetið gerir einstaklingum kleift að búa til persónur, persónulegar síður (*e.profile*), stofna aðgang að samfélagssíðum, spjallrásum og stofna tölvupóstföng og nota þetta allt nánast til nafnlaust (Kiriakidis og Kavorua, 2010).

Vegna nafnleyndarinnar vita þolendur ekki hver stendur á bak við eineltið og eykur það á ótta þeirra, hræðslu og valdaleysi. Nafnleyndin gerir það einnig að verkum að þótt þolandi vildi og treysti sér til að verja sig gegn eineltinu, til dæmis með því að ræða við geranda, gefst þess ekki færi (Kiriakidis og Kavorua, 2010). Að gerandi geti verið undir nafnleynd hefur sýnt sig að dragi úr félagslegri ábyrgð, ýti undir andfélagslega hegðun og geti virkað sem hvati fyrir unglunga að taka þátt í rafrænu einelti (Twyman o.fl., 2010; Wade og Beran, 2011). Í rannsókn Vandebosch og Cleemput (2009) viðurkenndu margir þátttakenda sem höfðu tekið þátt í rafrænu einelti að þeir hefðu ekki gert eða sagt suma hluti við þolanda nema vegna nafnleyndarinnar.

Þrátt fyrir nafnleyndina vita þolendur rafræns eineltis oft eða telja sig vita hver gerandinn er. Er það vegna þess að hin rafræni vettvangur er í mörgum tilfellum aðeins einn af þeim stöðum sem gerandinn leggur þolandann í einelti (Ybarra og Mitchell, 2004).

Hvergi skjól – fórnarlamb allan sólarhringinn

Vegna tækninnar og Internetsins geta gerendur náð til þolanda allan sólarhringinn með tölvupóstum, SMS-skilaboðum, samfélagssíðum á borð við Facebook, Formspring, Youtube o.fl. (Calvete o.fl., 2010). Í dag eru Internetið og GSM símar í huga margra unglunga helsta lífæð félagslegra samskipta. Eru margir unglingar þannig tengdir (*e. on-line*) allan sólarhringinn og hægt er að ná til þeirra hvenær dags sem er. Þetta gerir þau einnig að mögulegum þolendum rafræns eineltis allan sólarhringinn (Hinduja og Patchini, 2010).

Eðli rafræns eineltis er þannig að þótt þolendur grípi til þess ráðs að slökkva á tölvunni eða GSM síma til að forðast einelti hindrar það ekki geranda í að senda SMS, tölvupósta eða birta særandi ummæli um viðkomandi á samfélagssíðum. Jafnvel setja niðrandi myndir og myndbönd á Internetið. Þegar þolandinn sest næst við tölvuna, fer á Internetið eða kveikir á símanum sér hann allt sem sagt hefur verið um hann. Efnið hefur jafnvel þegar dreifst á stóran hóp áhorfenda. Að komast í öruggt skjól undan rafrænu einelti getur því verið erfitt (Sourander o.fl., 2010; Bauman, 2010).

Stærð áhorfendahópsins

Internetið er opinber vettvangur, efni sem sett er þar er aðgengilegt stórum hópum og auðvelt að finna fyrir þá sem leita. Efni sem einu sinni fer á Internetið er orðið opinbert og getur verið erfitt að ná því út þaðan. Í sumum tilvikum er það ógerlegt (Anna Margrét Sigurðardóttir, 2005).

Unglingar skilja oft ekki til fullnustu stærð mögulegs áhorfendahóps þegar efni fer á Internetið, né þann hraða sem efnið dreifist á. Jafnvel þegar efni eins og myndir, myndbönd og/eða skrifaður texti er settur á Internetið en tekinn þaðan út fljótt aftur, hafa þegar margir séð það. Í sumum tilvikum hefur þolandi þá þegar orðið fyrir óbætanlegum sálfélagslegum og/eða tilfinningalegum skaða (Sourander o.fl., 2010; Hinduja og Patchini, 2010; Bauman, 2010). Stærð mögulegs áhorfendahóps er mikill áhrifapáttur í rafrænu einelti. Vegna þess hve margir verða vitni að eineltinu verður niðurlæging þolanda oft mun meiri en í hefðbundnu einelti og afleiðingarnar því jafnvel verri (Price og Dalgeish, 2010).

2.3 Rafrænt einelti, tegundir og helstu boðleiðir

Hér að ofan hefur verið reynt að varpa ljósi á hvað rafrænt einelti er. Í þessum kafla verður fjallað um helstu boðleiðir og flokka rafræns eineltis.

Rafrænt einelti getur tekið á sig margar myndir og takmarkast þær í raun aðeins við hugmyndaflug gerandans. Hér verða aðeins teknar fyrir algengustu leiðir rafræns eineltis sem vitað er um. Listinn er því ekki tæmandi.

2.3.1 Boðleiðir

Með boðleiðum er átt við með hvaða tækni gerandi nálgast þolanda. Boðleiðir rafræns eineltis geta verið eftirfarandi:

Skyndiskilaboð (e. Instant Messaging)

Spjallforritið MSN og spjallmöguleikinn á Facebook.com eru dæmi um skyndiskilaboð. Með skyndiskilaboðum á þar til gerðum spjallrásum gefst fólki tækifæri til að eiga persónuleg og bein samskipti hvert við annað á Internetinu.

Á slíkum spjallrásum getur fólk verið undir nafni eða gervinafni (*e.nick*). Það að geta verið undir gervinafni gefur gerendum í rafrænu einelti tækifæri til að senda þolanda dónaleg, særandi og/eða ógnandi skilaboð undir nafnleynd (Kowalski o.fl., 2008; Family Safe Computers, e.d.).

Spjallsvæði (e. Chat Rooms)

Spjallsvæði eru netsíður þar sem fólk getur skráð sig inn undir ákveðnu nafni/gervinafni (*e.nick*) og spjallað við einstaklinga og stærri hópa um ýmis mál. Á spjallsvæðum getur fólk spurt spurninga, svarað spurningum annarra eða tjáð sig um ákveðin málefni (Kowalski o.fl., 2008). Munurinn á spjallsvæði og skyndiskilaboðum er að á spjallsvæðinu er stærri hópur að tala saman og mörgum gefst tækifæri á að svara spurningum. Skyndiskilaboð eru hinsvegar samskipti á milli tveggja aðila (Family Safe Computers, e.d.).

Rafrænt einelti inn á spjallsvæðum getur falist í því að einn eða fleiri einstaklingar reyna að svara öllu sem þolandi setur inn á síðuna á niðrandi og niðurlægjandi hátt. Gerandinn setur jafnvel inn sérstakt umræðuefni/þráð eingöngu til að gera lítið úr þolanda (Heiða Kristín Harðardóttir og Krístrún Birgisdóttir, 2009).

Tölvupóstur (e. Electronic Mail)

Tölvupóstur er eitt mest notaða samskiptaforrit í heiminum í dag. Tölvupóstur berst hratt á milli fólks og getur dreifst til margra með aðeins einni sendingu (Kowalski o.fl., 2008). Í rafrænu einelti getur gerandi til dæmis notað tölvupóst til að senda þolanda ógnandi og særandi skilaboð. Einnig getur hann notað tölvupóst til að senda öðrum og oft stórum hóp niðrandi upplýsingar og myndir af þolandanum (Education, e.d.). Hafi gerandi komist yfir tölvupóstfang og lykilorð þolanda, getur hann sent tölvupósta í nafni

þolandans sem geta komið sér illa fyrir hann. Þá getur gerandi skráð tölvupóstfang þolanda inn á síður sem verður til þess að viðkomandi fær mikið af pósti sendan til sín, gegn sínum vilja (Heiða Kristín Harðardóttir og Krístrún Birgisdóttir, 2009).

SMS - Smáskilaboð (e. Text Messaging)

Ein vinsælasta samskiptaleið unglunga í dag er í gegnum GSM síma, símtöl og SMS. SMS eru skrifuð smáskilaboð send á milli með GSM sínum. Rafrænt einelti í gegnum SMS getur falist í því að gerandi sendir þolanda niðrandi, særandi og/eða ógnandi skilaboð (Education, e.d.). Í dag eru ýmsar heimasíður sem bjóða upp á að senda ókeypis SMS, til dæmis ja.is, nova.is og vodafone.is. SMS sem send eru af þessum síðum geta verið nafnlaus.

Margir GSM símar í dag eru með innbyggðar myndavélar og aðgang að Interneti. Með þessari tækni geta gerendur tekið myndir og myndbönd af þolendum í niðrandi aðstæðum og sett beint á Internetið. Er sú aðferð rafræns eineltis sívaxandi (Kowalski o.fl., 2008; SAFT, e.d.-c).

Samfélagssíður/Samskiptasíður á netinu (e. Social Networking Sites)

Samfélagssíður eru einskona samfélag fólks á Internetinu. Myspace.com, Twitter.com, Youtube.com, Formspring.me og Facebook.com eru allt dæmi um samfélagssíður. Á slíkum síðum búa einstaklingar til sína eigin síðu með persónulegum upplýsingum (*e.profile*) um sig sem aðrir geta skoðað. Á samfélagssíðum geta einstaklingar til dæmis deilt hugsunum sínum, áhugamálum, myndum o.fl. með vinum. Sumar síður bjóða einnig upp á að skilja eftir athugasemdir á síðu og við myndir sem viðkomandi á. Slíkar athugasemdir geta bæði verið jákvæðar og uppbyggjandi en þær geta einnig verið illgjarnar, ljótar, niðrandi og orðið að einelti á Internetinu (Ása Baldursdóttir, 2009; Kowalski o.fl., 2008). Á samskiptasíðunni Youtube.com getur fólk hlaðið niður myndböndum sem allir geta nálgast, svo lengi sem þeir hafa aðgang að tölvu og Interneti. Í rafrænu einelti getur verið að gerandi hlaði niður myndbandi inn á Youtube.com sem er niðurlægjandi fyrir þolanda. Þetta er gert í óþökk þolandans sem hefur litla stjórn á atburðarrásinni eftir að myndabandið hefur verið birt (Heiða Kristín Harðardóttir og Krístrún Birgisdóttir, 2009).

Blogg (e. Blogg)

Blogg er persónuleg dagbók á Internetinu sem er aðgengileg öllum nema að sérstakar læsingar séu til staðar. Á flestum bloggsíðum eru gestabækur þar sem lesendur geta skilið eftir athugasemdir. Rafrænt einelti á bloggsíðum getur falist í því að eigandi síðunnar birtir neikvæðar og niðrandi upplýsingar um þolanda á síðunni sinni. Eða að gerandi skilur eftir ljót og særandi skrif í gestabók þolandans (Kowalski o.fl., 2008; Doktor, e.d.).

Vefsíður/ Heimasíður (e. Web Sites)

Heimasíða er síða á Internetinu sem hefur sérstakt lén sem vísar á hana. Heimasíða getur samanstaðið af texta, myndum og öðrum upplýsingum sem sá er býr hana til kys að hafa þar. Að búa til haturssíðu (*e. Hate sites*) er ein aðferð rafræns eineltis. Tilgangurinn með slíkum síðum er að gera grín að og niðurlægja þolanda til dæmis með óviðeigandi myndbirtingum og háðung. Fleiri taka jafnvel þátt í eineltinu með því að deila síðunni áfram til annarra (Directgov, e.d.; Kowalski o.fl., 2008).

Netleikir (e. Internet Gaming)

Margir tölvuleikir í dag fara fram í gegnum Internetið. Rafrænt einelti í slíkum leikjum er þegar gerandi ræðst markvisst á þolanda og markmiðið er fremur að eyðileggja fyrir honum heldur en að vinna leikinn (Heiða Kristín Harðardóttir og Krístrún Birgisdóttir, 2009).

2.3.2 Tegundir rafræns eineltis

Allt rafrænt einelti hefur það sameiginlegt að markmið geranda er að koma niðrandi og særandi athugasemdum til þolanda eða dreifa slíkum upplýsingum um hann til stærris hóps (SAFT, e.d.-a). Hér á eftir verður farið yfir helstu tegundir rafræns eineltis.

Netrifrildi (e. Flaming)

Þegar tveir eða fleiri einstaklingar lenda í orðaskiptum á netinu sem einkennast af dónalegu, móðgandi, niðrandi, særandi innihaldi og/eða hótunum er talað um netrifrildi. Netrifrildi byrja oft sem eðlileg samskipti milli einstaklinga. Þegar annar aðilinn bregst illa við einhverju sem sagt hefur verið og svarar með reiðilegum athugasemdum leiðast samskiptin stundum út í persónulegar árásir sem flokkast undir netrifrildi. Getur það síðan leitt til rafræns eineltis (Willard, 2007; Li, 2010a).

Netrifrildi stendur yfirleitt ekki yfir í langan tíma, heldur lognast það fljótt út af. Í netrifrildi er hegðun ekki endurtekin og þátttakandi aðilar eru oft með svipaða félagsfærni og því er ekki um að ræða valdaójafnvægi í samskiptum. Netrifrildi er að þessu leyti frábrugðið rafrænu einelti og hafa fræðimenn velt fyrir sér hvort rétt sé að setja þetta tvennt undir sama hatt (Willard, 2007).

Rafræn áreitni (e. Harassment)

Rafræn áreitni er þegar gerandi notar persónulegar leiðir svo sem tölvupóst, skyndiskilaboð, SMS og samfélagssíður til að koma miklu magni af niðrandi, særandi og ógnandi skilaboðunum áleiðis til þolanda (Li, 2010a; Kowalski o.fl.,2008). Aðal einkenni rafrænnar áreitni er endurtekning (Netplaces, e.d.). Gerandi sendir endurtekið skilaboð til þolandans og fær jafnvel vini sína til að gera slíkt hið sama svo að fjöldi skilaboða aukist. Hvert sem þolandi lítur berast því skilaboð og árásir. Rafræn áreitni stendur yfirleitt í lengri tíma og einkennist af miklu valdaójafnvægi milli geranda og þolanda. Er valdaójafnvægið tilkomið vegna þess hve lítil tók þolandi hefur á að verja sig gegn eineltinu og magns þeirra skilaboða sem hann fær sent til sín (Willard, 2007).

Mannorðspjöll (e. Denigration)

Þegar gerandi býr til lygasögur og dreifir slúðri um þolanda á Internetinu í þeim tilgangi að eyðileggja persónuleg sambönd og hnekkja á mannorði hans er talað um mannorðspjöll. Gerandi notar margvíslegar leiðir til að koma slúðrinu áfram svo sem heimasíður, tölvupósta og samfélagssíður. Þolandi mannorðspjalla er oft sá síðasti til að heyra þær sögur sem um hann ganga. Enda er tilgangur geranda ekki að senda skilaboð beint til þolanda heldur að koma niðurlægjandi skilaboðunum um þolanda áleiðis til stærri hóps og til þess að valda sem mestum skaða (Willard, 2007).

Persónueftirlíking (e. Impersonating)

Persónueftirlíking er þegar einstaklingur villir á sér heimildir á Internetinu. Í þessari gerð rafræns eineltis þykist gerandinn vera þolandinn á Internetinu. Gerandi hefur þannig komist yfir notendanafn og lykilorð þolanda og fer inn á persónulegar síður hans og/eða tölvupósta. Þaðan sendir hann skilaboð eða breytir upplýsingum um þolanda sem verður niðurlægjandi, kemur sér illa fyrir eða jafnvel stefnir þolanda í hættu (Kowalski o.fl., 2008; Li, 2010a).

Dæmi um persónueftirlíkingu: Tveimur vinkonum varð á og úr urðu vinaslit. Önnur var mjög ósátt og fór inn á Myspace síðu vinkonu sinnar. Þar skrifaði hún ljóta hluti um alla hennar (nú þolanda) nánustu vini. Einnig setti hún ósmekklega mynd af vinkonu sinni sem forsíðumynd. Því næst sendi hún póst á alla vini hennar þar sem hún hvatti þá til að skoða Myspace síðuna. Þetta hafði í för með sér að allir nánustu vinir þolandans urðu mjög reiðir, sárir og fúlir. Þó svo að eigandi síðunnar hafi að lokum náð að útskýra hvað hafði gerst hafði atvikið langvarandi áhrif á vinskapi og persónuleg sambönd (Netplaces, e.d.).

Trúnaðarrestur (e. Outing and Trickery)

Trúnaðarrestur í rafrænu einelti er tvennskonar. Í fyrsta lagi uppljóstrun (*e.Outing*) þegar gerandi dreifir til annarra, í gegnum Internetið eða með SMS skilaboðum, persónulegum upplýsingum og leyndarmálum sem þolandi hefur treyst honum fyrir. Í öðru lagi svik (*e. Trickery*) þegar gerandi platar þolanda til að deila með sér leyndarmálum og upplýsingum, að sögn í trúnaði, en deilir síðan með öðrum. Birtingarmyndir þessa geta verið til dæmis að gerandi prentar út netsamtöl hans og þolanda og sýnir öðrum eða áframsendir tölvupósta og/eða skilaboð til annarra. Oft eru þetta upplýsingar sem eru niðurlægjandi og koma sér illa fyrir þolanda (Kowalski o.fl., 2008). Í sumum tilvikum hefur þolandi aðeins sagt ákveðna hluti til að falla í hópinn. Gerandi svíkur hinsvegar loforð um trúnað og verða afleiðingar fyrir þolanda oft umtalsverðar, svo sem vinamissir og útskúfun (Netplaces, e.d.). Trúnaðarrestur felur í sér mikla niðurlægingu og höfnun fyrir þolandann þar sem hann taldi sig vera tala við vin sem væri traustsins verður (Heiða Kristín Harðardóttir og Krístrún Birgisdóttir, 2009).

Raunverulegt dæmi um trúnaðarrest og mögulegar afleiðingar þess er saga Ryan's Halligan. Ryan var ungur drengur sem lengi hafði verið þolandi hefðbundins eineltis. Hann kynntist vinsælli stúlku á Internetinu. Þau töluðu mikið saman og taldi hann að um raunverulegan vinskapi væri að ræða og jafnvel rómantískan áhuga. Stúlkan sýndi öllum vinum sínum persónuleg skilaboð sem Ryan hafði skrifað henni. Fólk hló og gerði grín að honum fyrir vikið. Þetta var aðeins ein af þeim birtingarmyndum eineltis sem Ryan varð fyrir. Ryan Halligan framdi sjálfsvíg stuttu síðar (Ryanpatrickhalligan, e.d.).

Útskúfun (e. Exclusion)

Þegar einstaklingur er vísitandi útilokaður frá hópi á Internetinu er talað um útskúfun (Kowalski o.fl., 2008). Útskúfun getur einnig verið þegar þolanda er synjað um aðgöngu í hóp eða að margir á sama tíma vísitandi eyða þolanda út af sínum vinalista. Þolandi er síðan látinn vita af því, með einhverjum hætti, að honum hafi verið eytt út af mörgum (Willard, 2007).

Það getur verið átakanlegt fyrir einstakling og ekki síst fyrir ungling að upplifa að heill hópur vilji ekki vera vinur á Internetinu og að honum sé meinað að taka þátt í félagslegum athöfnum (Willard, 2007). Útskúfun getur reynst unglingum mjög erfið og er oft versta mögulega aðstaða sem upp getur komið að þeirra mati. Útskúfun getur því haft mikil og neikvæð áhrif á sjálfsmynd unglunga (Netplaces, e.d.).

Rafrænt umsátur (e. Cyber – Stalking)

Í rafrænu umsátri sendir gerandi þolanda sínum endurtekið skilaboð í gegnum rafrænar leiðir. Skilaboð sem eru ógnandi og innihalda hótanir um líkamlegt ofbeldi. Þeir sem eru gerendur í rafrænu umsátri dreifa lygasögum og rógburði um þolandann til að sverta mannorð hans og eyðileggja persónuleg sambönd. Rafrænt umsátur líkist rafrænni áreitni og mörkin þar á milli ekki alltaf ljós. Mörkin eru stundum dregin við það þegar þolandi óttast um öryggi sitt og velferð. Rafrænt umsátur er yfirleitt alltaf tengt lokum á persónulegum, rafrænum og kynferðislegum samböndum (Willard, 2007).

Að lemja sér til ánægju (e. Happy slapping)

Þessi tegund rafræns eineltis felur í sér að hópur einstaklinga ræðst að þolanda og beitir hann líkamlegu ofbeldi með því að slá eða lemja. Einn úr hópi geranda hefur meðferðis GSM síma með myndavél. Tekur hann upp atvikið og setur það á Internetið. Það að atvikið sé sett á Internetið margfaldar síðan niðurlægingu þolandans (Heiða Kristín Harðardóttir og Krístrún Birgisdóttir, 2009).

2.4 Staða þekkingar

Fremur lítið hefur verið skrifað um rafrænt einelti miðað við hefðbundið einelti. Hins vegar bætast sífellt við rannsóknir og skrif um rafrænt einelti og þekkingargrunnurinn stækkar stöðugt (Calvete o.fl., 2010).

Í þessum kafla verður rætt um stöðu þekkingar hvað varðar rafrænt einelti. Fjallað verður um tíðni rafræns eineltis og kynjamun. Komið verður inn á málefni gerenda og þolenda. Rætt verður um mögulegar afleiðingar rafræns eineltis og helstu aðferðir sem þolendur nota til að takast á við það. Í lok kaflans verður fjallað um skilning unglinga á rafrænu einelti og viðbrögð samfélagsins við rafrænu einelti.

2.4.1 Áhrifapættirnir: Tíðni, kyn og aldur

Hér á eftir verður fjallað um tíðni rafræns eineltis, kynja -og aldursmun. Vert er að ítreka að upplýsingar um þessi atriði geta verið mjög breytilegar eftir einstaka rannsóknum. Skiptir máli hvernig rafrænt einelti er skilgreint í viðkomandi rannsókn og rannsóknarsniði (Slovak og Singer, 2001; Hinduja og Patchini, 2011a).

Tíðni rafræns eineltis

Samkvæmt rannsóknum er algengast að rafrænt einelti eigi sér stað inn á spjallrásum (MSN), spjallborðum og á samfélagssíðum (Wade og Beran, 2011; Kowalski o.fl., 2008). Algengasta form rafræns eineltis er samkvæmt rannsóknum að dreifa slúðri, uppnefna þolanda á Internetinu og trúnaðarbrestur (*e. outing and trickery*). Að skilja eftir niðrandi og ærumeiðandi athugasemdir á samfélagssíðu/heimasíðu þolanda er einnig algeng leið í rafrænu einelti. Að setja myndir og myndbönd sem gera lítið úr þolanda á Internetið er ekki jafn algengt en gerist þó engu að síður. Aðferðir sem krefjast meiri tæknikunnáttu, til dæmis að brjótast inn á síður og stela persónuupplýsingum, eru minna notaðar í rafrænu einelti (Price og Dalgeish, 2010; Vandebosch og Cleemput, 2009; Dehue o.fl., 2008).

Talið er að einn af hverjum fimm unglungum verði fyrir rafrænu einelti einhvertímán á unglingsárunum (Goebert, Else, Matsu, Chung-Do og Chang, 2010). Í finnskri rannsókn 2215 unglinga á aldrinum 13-16 ára kom fram að 4,8% töldu sig hafa orðið fyrir rafrænu einelti (Sourander o.fl., 2010). Í bandarískri rannsókn á 636 unglungum á aldrinum 12-18 ára sögðust 11% hafa orðið fyrir rafrænu einelti (Vandebosch og Cleemput, 2009). MacDonald og Roberts-Pittman (2010) gerðu rannsókn á 439 unglungum á aldrinum 17-20 ára. Kom fram að 21,9% töldu sig hafa orðið fyrir rafrænu einelti.

Á Íslandi hafa Saft og Heimili og skóli staðið fyrir yfirgripsmiklum könnunum um örugga netnotkun. Hafa úrtökin verið um 1000 börn og unglingar á aldrinum 9-16 ára. Voru kannanirnar gerðar árin 2003, 2007 og sú nýlegasta er frá árinu 2009. Í könnuninni

frá 2009 kom fram að 14,9% þátttakenda höfðu orðið fyrir stríðni, áreitni og/eða hafði verið ógnað á Internetinu. Hæst var hlutfallið í níunda bekk eða um 19%. Þá var spurt um hvort þátttakendur hefðu einhvertíman sett texta á Internetið sem væri andstyggilegur í garð annarra. Að meðaltali voru 11,6% sem játuðu að hafa gert slíkt en hæst var hlutfallið í 10. bekk, eða um 25% (Heimili og skóli, 2009a).

Kynja- og aldursmunur í rafrænu einelti

Þegar litið er til aldurs þátttakenda í rafrænu einelti benda flestar rannsóknir til þess að algengast sé að unglingar á aldrinum 13-15 ára séu viðriðnir rafrænt einelti. Bæði sem gerendur og þolendur (Calvete o.fl., 2010; Tokunaga, 2007). Þá benda rannsóknir einnig til þess að eftir því sem unglingar eldast aukist tíðni og alvarleiki rafræns eineltis (Kiriakidis og Kavorua, 2010; Slovak og Singer, 2011).

Ekki er hægt að fullyrða um hvort mikill eða lítill kynjamunur sé þegar kemur að rafrænu einelti. Á meðan niðurstöður einstakra rannsókna segja að enginn kynjamunur sé í rafrænu einelti benda aðrar rannsóknir á að svo sé. Segja sumar rannsóknir að strákar séu bæði líklegri til að vera gerendur í rafrænu og hefðbundnu einelti en aðeins líklegri til að vera þolendur í hefðbundnu. Fleiri rannsóknir benda hinsvegar til þess að stelpur séu líklegri til að vera bæði gerendur og þolendur í rafrænu einelti (Kowalski o.fl., 2008; Bauman, 2010; Li, 2010b).

Munur á því hvernig stelpur og strákar líta á mikilvægi félagslegra samskipta og persónulegra sambanda getur haft áhrif á rafrænt einelti. Persónuleg samskipti og persónuleg sambönd hafa meiri þýðingu fyrir unglingsstúlkur en stráka. Strákar og stelpur hafa bæði þörf fyrir vinasambönd, stúlkur hins vegar reiða sig meira á þessi sambönd (Ma og Huebner, 2008; Acitelli og Young, 1996; Parker, Rubin, Erath, Wosjlawowicz og Buskirk, 2006). Sjálfsmynd stúlkna mótast oft af vináttu og persónulegum samböndum. Sjálfsmynd drengja mótast oft meira af stöðu þeirra innan vinahópsins og orðspori (Wade og Beran, 2011; Acitelli og Young, 1996). Það virðist vera sem stelpur og strákar velji sér aðferðir til rafræns eineltis í tengslum við ofangreint. Stelpur nota þannig spjallrásir, tölvupósta og skyndiskilaboð til að spilla og eyðileggja persónuleg sambönd og félagslega ímynd þolandans. Til dæmis með því að opinbera persónuupplýsingar og trúnaðarmál sem láta þolanda líta illa út í augum annarra, dreifa slúðri og/eða skilja útundan (Bauman, 2010). Einnig virðast gerendur oftara vera innan vinahópsins í rafrænu einelti hjá stelpum (Englander, 2011). Strákar virðast fremur fara

þá leið að beita þolanda hótunum á Internetinu eða búa til niðrandi heimasíðu um hann í þeim tilgangi að hnekkja mannorði hans og hafa þolandann að háði (Bauman, 2010).

2.4.2 Gerendur og þolendur rafræns eineltis

Gerendur og þolendur rafræns eineltis hafa nokkur sameiginleg einkenni. Bæði gerendur og þolendur eru, í flestum tilvikum, virkir notendur Internetsins og/eða annarrar samskiptatækni og eyða miklum tíma á Internetinu án eftirlits foreldra í félagslegum tilgangi, til dæmis á samfélagssíðum og spjallrásum (Twyman o.fl., 2010; Vandebosch og Cleemput, 2009; Ybarra og Mitchell, 2004).

Í þessum kafla verður fjallað um gerendur og þolendur í rafrænu einelti. Þá má geta þess að oft er óljós lína á milli þessa tveggja hópa. Líkt og fram í rannsókn Bauman (2010) voru margir bæði gerendur og þolendur. Niðurstöðu hans sýndu að aðeins 1,5% töldu sig vera aðeins geranda, 3% töldu sig vera bara þolanda en 8,6% töldu sig vera bæði geranda og þolanda í rafrænu einelti.

Gerendur

Gerendur í hefðbundnu og rafrænu einelti virðast skiptast í tvo hópa. Þeir sem hafa lágt sjálfsmat, með litla félagsfærni og níðast því á öðrum í leit að viðurkenningu (Kelsey, 2007). Eða vinsælu krakkarnir, þeir sem eru með mikla félagsfærni og leiðtogahæfileika. Krakkar sem oft eru í miklu uppáhaldi hjá kennurum fyrir dugnað og þátttöku í námi og félagslífi (Shariff, 2008).

Algengara er þó að gerendur í rafrænum eineltismálum standi frammi fyrir margvíslegum vandamálum, andlegum og félagslegum. Gerendur í rafrænu einelti eru líklegri en aðrir til að glíma við andfélagslega hegðunarerfiðleika, til dæmis að brjóta reglur, eyðileggja eignir annarra, lenda upp á kast við lögin, lenda í áflogum, stela og vera í neyslu áfengis og fíkniefna. Einnig virðast þessir einstaklingar hafa lítinn áhuga á velferð annarra og hafa jákvæðara viðmót til hefðbundins eineltis (Ybarra, Mitchell, Wolak og Finkelhor, 2006; Sourander o.fl., 2010; Kiriakidis og Kavorua, 2010; Hinduja og Patchini, 2007). Einnig er algengt að gerendur í rafrænu einelti séu með lágt sjálfsmat, eigi fáa góða vini, hafi lítinn stuðning jafningja og lítið eftirlit foreldra (Vandebosch og Cleemput, 2009).

Gerendum rafræns eineltis hefur stundum verið skipt í fjóra hópa.

1. Hefnigjarni engillinn (*e. The vengeful Angel*).
2. Valdabyrstu eða hefnigjörnu nördin (*e. The power hungry or revenge of the nerds*).
3. Vondu stelpurnar (*e. The Mean Girls*).
4. Óvart gerandinn eða af því ég get gerandinn (*e. the inadvertent cyberbully or because i can*).

(Stopcyberbullying, e.d.; Atlantic City Schools, e.d.).

Hefnigjarni engillinn: Sér ekkert rangt við hegðun sína og lítur ekki á sjálfan sig sem geranda í rafrænu einelti. Heldur þykir honum hann vera að réttlæta eitthvað ranglæti, að hann sé að hjálpa einhverjum með því að ráðast á annan á Internetinu. Hefnigjarni engillinn á til dæmis vin sem er lagður í einelti í skóla og ákveður því að hefna vinar síns með því að leggja gerandann í einelti á Internetinu. Hefnigjarni engillinn er yfirleitt einn þegar hann ræðst að öðrum á netinu og gerir það undir nafnleynd (Stopcyberbullying, e.d.; Atlantic City Schools, e.d.).

Valdabyrstu og hefnigjörnu „nördin“: Þeir gerendum sem falla í þennan hóp líkjast mjög gerendum í hefðbundnu einelti. Þessir aðilar níðast á öðrum til að sýna að þeir hafi meiri völd en þolandi. Þessir gerendum eru oft einstaklingar sem verða fyrir hefðbundnu einelti í skóla og hafa ekki styrkleika til að takast á við þann sem leggur þau í einelti í raunveruleikanum. Því vilja þau hefna sín og gera það á Internetinu. Þessir gerendum eru yfirleitt undir nafnleynd og stunda eineltið fyrir framan stóran áhorfendahóp, til dæmis á spjallborðum og á samfélags- og vefsíðum (Stopcyberbullying, e.d.; Atlantic City Schools, e.d.).

Vondu stelpurnar: Í þessari tegund rafræns eineltis vinna gerendum saman og skipuleggja eineltið í hóp. Vondu stelpurnar leggja aðra í einelti sér til skemmtunar og afþreyingar. Oft þykir þeim þetta góð skemmtun en skilja hvorki skaðann né raunverulegar afleiðingar. Gerendum í þessari tegund rafræns eineltis vilja að áhorfendur viti að þær hafi völd til þess að leggja aðra í einelti og skýla sér því ekki á bak við nafnleynd. Vondu stelpurnar þrífast á áhorfendahópnum og þeim viðbrögðum sem þær fá frá honum. Ef viðbrögðin eru jákvæð og ýta undir hegðunina heldur eineltið áfram. Ef viðbrögðin eru neikvæð deyr eineltið fljótt út (Stopcyberbullying, e.d.; Atlantic City Schools, e.d.).

Óvart gerandinn eða af því ég get gerandinn: Þessir gerendur lenda oft í rafrænum rifrildum sem geta endað í rafrænu einelti. Þeir telja sig oft aðeins vera að bregðast við einhverju sem einhver annar gerði á Internetinu og að hegðun þeirra sé því réttlæt看leg. Oft senda þeir skilaboð sem geta verið niðrandi fyrir móttakandann án þess að hugsa um afleiðingar þess eða þá hvernig viðtakandi bregst við þeim (Stopcyberbullying, e.d; Atlantic City Schools, e.d.).

Ástæður þess að unglingar leggja aðra í einelti á Internetinu geta verið margar. Hér á undan voru nefndar nokkrar ástæður fyrir rafrænu einelti. Til dæmis að hefna sín, að sýna sig og til að hafa gaman af, en í rannsókn Raskauskas og Stolts (2007) sögðust 40% leggja aðra í einelti á netinu sér til skemmtunar. Það að 40% valdi öðrum skaða sér til skemmtunar styður þær hugmyndir að vegna fjarlægðar Internetsins og GSM tækninnar sjá gerendur ekki viðbrögð þolanda og gera sér ekki fyllinga grein fyrir afleiðingum og vanlíðaninni sem þau valda. Það síðan dregur úr ábyrgðartilfinningu, samúð og eftirsjá (Raskauskas og Stoltz, 2007).

Þolendur

Í hefðbundnu einelti er algengt að þolandi sé álitinn, bæði félagslega og líkamlega, veikari en gerandi. Í hefðbundnu einelti hefur gerandi ákveðin völd yfir þolanda sem á erfitt með að verja sig. Í rafrænu einelti er þetta ekki jafn áberandi. Allir geta orðið þolendur í rafrænu einelti, hvort sem þeir eru álitnir veikari, sterkari eða jafningjar geranda. Þolendur sem eru veikari en gerandi í raunveruleikanum eru oft þeir einstaklingar sem einnig verða fyrir hefðbundnu einelti. Aðrir líta á og lýsa þessum aðilum sem skrítnum, feimnum og annað í þá áttina. Þolendur sem taldir eru vera jafningjar geranda í raunveruleika eru yfirleitt vinir eða fyrrverandi vinir þar sem vinaslit hefur orðið. Einkennist þetta einelti fremur af stríðni eða rifrildi. Einstaklingar sem í raunveruleikanum eru sterkari geta einnig orðið þolendur rafræns eineltis. Afar ólíklegt er að þessi gerð þolanda lendi nokkru sinni í hefðbundnu einelti. Þegar þolandinn er sterkari aðilinn í raunveruleikanum er líklegt að gerandi noti nafnleynd og tölvukunnáttu til að níðast á honum. Því fær þolandinn, þrátt fyrir getu, ekki tækifæri til að verja sig (Vandebosch og Cleemput, 2008).

Nokkrir áhættuþættir virðast ýta undir það að sumir lenda frekar í rafrænu einelti en aðrir. Til dæmis hafa þolendur í rafrænu einelti oft litla félagsfærni og glíma við námserfiðleika (Sourander o.fl., 2010). Englander (2011) spurði þátttakendur í rannsókn

sinni hvaða ástæður þeir töldu vera fyrir því að sumir lentu í rafrænu einelti. Þau atriði sem nefnd voru, voru að passa ekki inn, vera öðruvísi, útlit og kynhneigð.

2.4.3 Afleiðingar rafræns eineltis

Í þessum kafla verður rætt um afleiðingar rafræns eineltis og hvernig þær geta haft áhrif á líf og velferð þeirra er fyrir því verða.

Allar rannsóknir hingað til hafa sýnt fram á neikvæð áhrif þess, tilfinningalega og sálfélagslega, að verða fyrir rafrænu einelti. Sérstaklega er það talið vera neikvætt fyrir sjálfsmynd unglinga. Afleiðingar rafræns eineltis geta haft neikvæð áhrif á tilfinningalíf og persónulegan þroska þolanda og geta þær brotist út í óeðlilegri og óæskilegri hegðun (Hinduja og Patchini, 2007; Patchini og Hinduja, 2010). Rafrænt einelti og afleiðingar þess hafa langvarandi neikvæð áhrif á velferð einstaklinga, skólagöngu, vinasambönd og tengsl við eigin fjölskyldu. Er því vert að ítreka að rafrænt einelti og afleiðingar þess eru því ekki aðeins vandamál einstaklingsins sem verður fyrir því heldur er rafrænt einelti alvarlegt samfélagslegt vandamál (Price og Dalgeish, 2010; Hinduja og Patchini; 2011a).

Nýlegar rannsóknir um rafrænt einelti hafa sýnt fram á að afleiðingar geti í sumum tilvikum verið verri en afleiðingar hefðbundins eineltis. Ástæður þessa geta verið ýmsar. Einelti sem fer fram á Internetinu nær til eða getur náð til stórs hóps á stuttum tíma. Niðurlæging og skömm þolanda verður því oft enn meiri vegna áhorfendahópsins. Í rafrænu einelti geta gerendur náð til þolanda hvar og hvenær sem er, nafnlaust. Ótti og öryggisleysi verður því oft mikið og meira en í hefðbundnu einelti. Hinsvegar stendur rafrænt einelti yfirleitt yfir í styttri tíma en hefðbundið einelti og hefur það áhrif á alvarleika afleiðinga (Goebert, o.fl., 2010; Price og Dalgeish, 2010; Dooley o.fl., 2009).

Afleiðingar rafræns eineltis eiga ekki aðeins við um þolendur, heldur einnig við um gerendur. Gerendur rafræns eineltis glíma oft við langvarandi afleiðingar svo sem lágt sjálfsmat, leiða, pirring, depurð og ótta sem getur leitt til hegðunarbreytinga og andfélagslegrar hegðunar. Það má þó velta því upp hvort framangreint sé orsök eða afleiðing þess að leggja annan í rafrænt einelti (Hinduja og Patchini, 2011b; Sourander, o.fl., 2010).

Afleiðingar rafræns eineltis á líf og líðan þolanda

Rafrænt einelti getur valdið reiði, pirringi, leiða, ótta, skömm og depurð hjá þeim sem fyrir því verða. Afleiðingar rafræns eineltis geta einnig valdið skertri félagsfærni, kvíða, þunglyndi, lágu sjálfsmati og minna sjálfstrausti. Þá hafa afleiðingar rafræns eineltis verið tengdar við aukna tíðni sjálfsskaðandi hegðunar og sjálfsvígstilrauna (Wade og Beran, 2011; Ybarra og Mitchell; 2004). Afleiðingar rafræns eineltis út á við geta verið töluverðar. Til dæmis hegðunarbreytingar, andfélagsleg hegðun, drykkja, reykningar og aukin ofbeldishneigð. Sem dæmi má nefna að þolendur rafræns eineltis eru allt að átta sinnum líklegri en jafnaldrar til að koma með vopn í skólann (Patchini og Hinduja, 2010; Ybarra og Mitchell; 2004; Wade og Beran, 2010). Einnig hefur rafrænt einelti og afleiðingar þess töluverð áhrif á nám. Birtist það meðal annars í verri ástundun, lakari námsárangri og minni áhuga á skóla yfirleitt (Price og Dalgeish, 2010).

Hinduja og Patchini (2007) spurðu unglunga í rannsókn sinni hvernig þeim hefði liðið eftir að hafa fengið niðrandi, særandi eða ógnandi skilaboð til sín. Algengast var að þolendur upplifðu mikinn pirring og reiði yfir atvikunum en rúmlega fjórðungur fundu fyrir miklum leiða. Í sambærilegri rannsókn Price og Dalgeish (2010) sögðu þáttakendur að afleiðingar rafræns eineltis væru langverstar fyrir sjálfstraustið og sjálfsímyndina. Af þeim sem höfðu orðið fyrir rafrænu einelti, í rannsókninni, upplifði helmingur mikla skömm yfir því að vera þolandi og sögðust um 50% þolenda vera mjög hrædd og óttaslegin eftir að hafa orðið fyrir eineltinu. Óttinn var ekki aðeins til staðar í skóla eða í frístundum heldur upplifðu þau þennan ótta allsstaðar, líka á eigin heimili (Price og Dalgeish, 2010). Ótti er bæði algengur og mikill hjá þolendum rafræns eineltis. Eykst þessi ótti verulega vegna þess að í mörgum tilfellum veit þolandi ekki hver gerandinn er. Það getur verið besti vinurinn eða allur hans nánasti hópur. Óöryggið er því algert (Hinduja og Patchini, 2011a; Bauman, 2010).

Vegna þess mikla óöryggis sem rafrænt einelti hefur í för með sér, verða þolendur rafræns eineltis oft mjög varir um sig, bæði á Internetinu og í raunveruleikanum. Þolendur rafræns eineltis leggja það gjarnan í vana sinn að skanna umhverfi sitt í þeim tilgangi að átta sig á mögulegum gerendum og/eða ógnum og reyna með því að forðast vandræði og niðurlægingu. Rafrænt einelti veldur tortryggni meðal þolenda þar sem allir eru mögulegir gerendur. Tortryggnin verður þess valdandi að hæfnin til að einbeita sér að skóla, námi, fjölskyldu, vinum og félagslegum atburðum verður minni. Það getur

síðan leitt til enn meiri vanlíðunar, einangrunar og hegðunarerfiðleika (Hinduja og Patchini, 2007).

2.4.4 Leiðir til að takast á við rafrænt einelti (e. *Coping- Strategies*)

Seigla, geta barna og unglunga til að takast á vandamál og álag án þess að láta undan því (Zimmerman og Arunkumar, 1994), getur verið mikil. Að takast á við rafrænt einelti getur verið gríðarlega erfitt og átakanlegt ferli.

Parris, Varjas, Meyers og Cutts (2011) skilgreindu þrjár helstu leiðirnar sem unglingar nota til að takast á við rafrænt einelti. Í fyrsta lagi með seiglu. Þolandi kýs að forðast mögulegar aðstæður þar sem rafrænt einelti fer fram, til dæmis með því að loka síðum og/eða hindra sendingar frá ákveðnum aðilum af vana -og netfangalista. Þolandinn leitar eftir félagslegum stuðningi og ráðleggingum um hvernig eigi að takast á við eineltið. Jafnframt sannfærir þolandinn sjálfan sig um að eineltið sé í raun minniháttar mál og heldur áfram að lifa sínu lífi. Í öðru lagi með vörn. Þessi nálgun felur í sér að þolandi tekst beint á við eineltið til dæmis með því að ræða við geranda og reyna þannig að koma í veg fyrir áframhaldandi einelti. Þolendur sem bregðast við með vörn huga að eigin Internetöryggi og persónuvernd, til dæmis með því að skipta um leyniorð, takmarka aðgang annarra inn á eigin síður og/eða vera bara á vefsíðum sem eru taldar öruggar. Í þriðja lagi eru það þeir þolendur sem líta svo á að hvorki sé til leið til að takast á við rafrænt einelti né til að verjast því.

Hefur viðbrögðum þolanda gjarnan verið skipt upp í lausnarmiðaða nálgun (e. *Problem-focused coping*) og tilfinningalega nálgun (e. *Emotion-focus coping*). Í lausnarmiðaðri nálgun notar þolandi aðferðir sem miða að því að takast beint á við vandann og reyna að leysa hann. Til dæmis með því að leita eftir félagslegum stuðningi frá vinum, foreldrum og kennurum. Einstaklingar sem nota lausnarmiðaða nálgun hafa yfirleitt góðan félagslegan stuðning og sjá rafrænt einelti sem viðráðanlegt vandamál. Í tilfinningalegri nálgun reynir þolandi að finna leiðir til að takast á við þær tilfinningar sem rafrænt einelti hefur með sér í för. Þolandi sem beitir tilfinningalegri nálgun leitast eftir félagslegum stuðningi, ekki til að takast á við eineltið heldur til að takast á við þær tilfinningar sem fylgja því. Þessir þolendur eru líklegri til að einangra sig, segja engum frá eineltinu og kenna sjálfum sér um. Einstaklingar sem bregðast við rafrænu einelti með tilfinningalegum viðbrögðum eru oft einstaklingar sem hafa lítinn félagslegan stuðning

og upplifa rafrænt einelti sem óviðráðanlegt vandamál (Tenenbaum, Varjas, Meyers og Parris, 2011; Parris, o.fl., 2011.).

Hvað er best að gera- hvað virkar

Í rannsókn Price og Dalgeish (2010) kom fram að algengasta leið sem unglingar nota til að takast á við rafrænt einelti er að hundska eineltið með því að eyða skilaboðum og hindra frekari sendingar. Samkvæmt rannsókninni reyndist sú aðferð nýtast unglिंगum best. Hinsvegar þótti bera minnstan árangur að ræða beint við geranda (Price og Dalgeish, 2010). Aðrar rannsóknir hafa þó sýnt fram á það að ræða við geranda, sé þess kostur, beri árangur (Farrington og Ttofi, 2009).

Unglingar sem lenda í rafrænu einelti leita yfirleitt til vina eftir stuðningi og ráðum. Price og Dalgeish (2010) spurðu að því í rannsókn sinni hverjum þátttakendur hefðu sagt frá rafrænu einelti. 39,4% sögðust hafa sagt vini frá en aðeins 29,4% sögðu foreldri/um frá. Að mati unglinga fá þau frekar og meiri félagslegan stuðning og skilning frá vinum en foreldrum.

Polendur rafræns eineltis eru tregir við að segja frá eineltinu og eru síður líklegir til að leita sér aðstoðar en þeir sem verða fyrir hefðbundnu einelti (Parris o.fl., 2011; Dehue o.fl., 2008). Það veldur töluverðum áhyggjum að þrátt fyrir alvarlegar sálfélagslegar og tilfinningalegar afleiðingar rafræns eineltis eru allt að 90% sem segja ekki fullorðnum frá eineltinu. Aðeins 9% segjast myndu segja foreldrum sínum frá og aðeins 12% myndu leita til kennara og/eða starfsfólks innan skóla (Hinduja og Patchini, 2007; Price og Dalgeish, 2010; Bauman, 2010). Unglingar óttast skilningsleysi fullorðinna segi þau frá rafrænu einelti og að fullorðnir muni gera of mikið úr vandamálinu, sem gæti leitt til þess að rafrænt einelti myndi frekar aukast. Einnig óttast þau að foreldrar takmarki Internetaðgang, sem er að þeirra mati frekar refsing en varnarráð (Parris o.fl., 2010; Kiriakidis og Kavorua, 2010; Li, 2010b).

Rannsóknir hafa hins vegar sýnt fram á að mesta hjálpin felst í því að ræða við einhvern fullorðinn. Til þess að þolendur geri það er nauðsynlegt að þau hafi einhvern sem þau treysta og eiga gott samband við. Þolendur rafræns eineltis verða að treysta því að segi þau frá verði eitthvað gert og að aðstæður muni breytast til hins betra (Goebert, o.fl., 2010). Í rannsókn sinni spurði Li (2010a) hvað unglिंगum þótti hafa gerst eftir að þeir sögðu frá rafrænu einelti. Niðurstöður vöktu mikla athygli en aðeins 15% sögðu

ástandið hafa batnað. 40% sögðu ekkert hafa breyst en 6% sögðu að ástandið hefði versnað.

2.4.5 Viðhorf unglunga til rafræns eineltis

Það er auðvelt fyrir unglunga að hegða sér eins og þá lystir á Internetinu. Eftirlit með Internetnotkun unglunga er oft bágborin. Ekki vegna þess að foreldrar vilja ekki fylgjast með heldur vegna þess að oft nota unglingar tölvurnar, Internetið og GSM þegar fullorðnir sjá ekki til. Því eru þau hvorki undir leiðsögn né eftirliti. Eftirlitsleysið gefur unglungum tækifæri á að koma illa fram við aðra á Internetinu, jafnvel stunda þar rafrænt einelti án vitneskju fullorðinna og án þess að þurfa að taka ábyrgð á gjörðum sínum (Patchini og Hinduja, 2010).

Flestir unglingar eru ósamþykkir eineltishegðun þegar þau sjá hana gerast hjá öðrum. Hinsvegar virðast unglingar ekki alltaf gera sér grein fyrir ef þau eru þátttakendur í slíkri hegðun og á það ekki síst við í rafrænu einelti (Media Awareness network, 2004). Í heimi unglunga virðast mörkin milli stríðni á Internetinu og rafræns eineltis oft vera mjög óljós. Unglingar tala gjarnan um hvert annað sem fífl, hálfvita, asna, tík án þess að raunverulega meina eitthvað ljótt með því og án þess að hinn aðilinn taki því illa. Það skiptir hins vegar máli hvernig sá sem tekur á móti skilaboðunum skilur þau, upplifir hann stríðni eða einelti? (Vandebosch og Cleemput, 2008).

Í rannsókn Madigan (2010) spurði hún unglunga hver ástæðan, að þeirra mati, væri fyrir því að sumir tækju þátt í rafrænu einelti. Fram kom að margir töldu rafrænt einelti væri einfaldlega tilkomið vegna þess að unglingar eru eins og þeir eru. Þannig væri rafrænt einelti í raun eðlilegur hlutur af unglingsárunum. Einnig kom fram að sumir gerendur í rafrænu einelti gera slíkt sér til skemmtunar og afþreyingar. Einnig til þess að öðlast vinsældir meðal jafningja. Í rannsókn Li (2010a) töldu 18% þátttakenda að tjáningarfrelsi tryggði það að allir hefðu rétt á því að tjá sig á Internetinu og segja sína skoðun. Hvort sem það særði einhvern eða ekki.

2.5 Viðbrögð samfélagsins við rafrænu einelti

Rafrænt einelti er hnattrænt vandamál sem hefur aukist gríðarlega síðastliðin ár og telst vera alvarlegt heilsufarslegt og samfélagslegt vandamál (Dehue o.fl., 2008). Nauðsynlegt er að vekja meðvitund samfélagsins, foreldra, skólastjórnenda og yfirvalda til að

bregðast við rafrænu einelti. Fræðsla, viðhorfsmótun og aðgerðarstefna er eitt af brýnustu viðfangsefnum hvað varðar aðgerðir gegn rafrænu einelti (SAFT, e.d.-b). Slíkt átak verður að vera sameiginlegt milli skóla, unglunga, foreldra, samfélagsins og löggjafans.

Hér á eftir verður fjallað um hlutverk mismunandi aðila í baráttunni við rafrænt einelti. Rætt verður um hlutverk löggjafans, aðkomu félagsþjónustu og barnaverndar. Að lokum verður rætt um úrræði og möguleg úrræði við rafrænu einelti.

2.5.1 Foreldrar og skólinn

Eitt af hlutverkum foreldra og skóla er að gegna samþættu hlutverki við að fræða börn og unglunga um rafrænt einelti, afleiðingar þess og hvernig beri að bregðast við því. Börn og unglingar byrja snemma að nota Internetið í dag og því þarf fræðsla um rafrænt einelti, líkt og hefðbundið einelti, að byrja snemma og oft fyrr en raunin er. Þar þurfa bæði skólinn og foreldrar að taka þátt (Englander, 2011).

Foreldrar

Foreldrar eru þeir sem í flestum tilvikum hafa mestu áhrif á velferð og líf barna sinna. Allt frá byrjun eru foreldrarnir þeir aðilar sem börnin leita til með hvers kyns vandamál og spurningar. Að byggja upp traust og gott samband við börn sín, frá unga aldri, er einkar mikilvægt og ávinningurinn af slíku sambandi á unglingsárum ótvíræður (Sóley S. Bender, 2001). Á unglingsárum er líklegra að unglingar leiti til vina og jafningja eftir stuðningi og ráðleggingum með erfið og persónuleg málefni. Eigi foreldrar gott og traust samband við börn sín á þessum tíma leita þau einnig til foreldra sinna. Þetta getur skipt miklu máli þegar kemur að rafrænum eineltismálum (Englander, 2011).

Það er eðlilegur hluti af unglingsárunum að stíga aðeins frá foreldrum sínum, eignast nýja vini og þróa nýjar samskiptaleiðir. Því telst eðlilegt að unglingar haldi Internet og GSM notkun sinni að einhverju leyti leyndri fyrir foreldrum sínum. Meðal annars til að vernda sitt eigið persónulega rými (Bauman, 2010). Eftirlit foreldra með tölvu og GSM notkun barna sinna er hins vegar gríðarlega mikilvægt. Rannsóknir hafa sýnt að bæði þolendur og gerendur rafræns eineltis hafa minna eftirlit foreldra hvað varðar Internet og tölvunotkun. Einnig hefur verið bent á að þolendur rafræns eineltis eru líklegri til að vera með aðgang að samfélagssíðum og með tölvupóstfang sem foreldrar vita ekki um

(Twyman o.fl., 2010). Þess má geta að á Íslandi eru 35% unglunga í 10. bekk með tölvupóstfang sem foreldrar vita ekki um (Heimili og skóli 2009a).

Jákvætt er að margir foreldrar setja börnum sínum reglur varðandi hversu mikið þau mega vera á Internetinu og hvað þau mega gera þar. Þó er ekki ráðlegt fyrir foreldra að setja of margar og of strangar reglur varðandi GSM og Internetnotkun. Gæti það leitt til þess að unglingar fari annað til að fara á Internetið sem gerir það enn erfiðara fyrir foreldra að fylgjast með (Kerr og Statin, 2000).

Margir foreldrar telja að þau sinni viðeigandi öryggisráðstöfunum til dæmis með því að líta á skjáinn þegar unglingurinn er í tölvunni eða skoða reglulega Internetsögu og fyrri heimsóknir á netinu. Þó virðist sem foreldrar ofmeti oft þær öryggisráðstafanir sem gerðar hafa verið (Liau, Khoo og Ang, 2008). Í Viðhorfskönnun Heimilis og Skóla (2009b) voru foreldrar spurðir nokkurra spurninga sem lutu að meðvitund þeirra um Internetnotkun barna sinna. Spurt var meðal annars hversu vel foreldrar teldu sig þekkja Internetnotkun barna sinna. Tæplega 50% töldu sig þekkja hana nokkuð vel. Flestir foreldrar töldu börnin nota netið til að spila leiki en aðeins 14,4% töldu þau vera á samfélagssíðum á borð við Facebook og Myspace. Aðeins 11% töldu börnin nota Internetið til að vera í samskiptum við vini. 74,1% foreldra skoðuðu Internetsöguna reglulega og 45% foreldra sögðust ræða mjög mikið um öryggi á Internetinu við börn sín (Heimili og skóli, 2009b). Samhliða ofangreindri könnun gerðu Heimili og skóli einnig viðhorfskönnun á meðal barna og unglunga. Munur milli svara foreldra og barna/unglinga vekur þó nokkra athygli. Í barna/unglingakönnuninni sögðust 66,4% nota netið til að spjalla við vini á MSN og 58,8% notuðu netið til að vafra á Facebook. Spurt var hversu mikið börn ræddu við foreldra sína um það sem þau gerðu á Internetinu. Aðeins um 30% sögðust ræða mikið við foreldra sína um örugga Internetnotkun. Athygli vekur að eftirlit foreldra með Internetnotkun minnkar eftir því sem barnið verður eldra (Heimili og Skóli, 2009a). Getur það verið vafasamt þar sem tíðni rafræns eineltis og alvarleiki þess eykst með aldrinum (Englander, 2011).

Þó nokkuð ber á því að foreldrar hafi áhyggjur af Internetnotkun barna sinna. Helsti ótti þeirra beinist að hvers konar misnotkun og/eða að börnin fái sent til sín eða rekist á síður með klámfengnu efni. Hins vegar skortir marga foreldra þekkingu á rafrænu einelti, einkennum þess og algengi. Þannig eru foreldrar oft illa áttaðir á því ef barnið þeirra tekur þátt í eða verður fyrir rafrænu einelti. Nauðsynlegt er því að foreldrar þekki

helstu einkenni rafræns eineltis. Til dæmis ef börn/unglingar hætta allt í einu að nota tölvubúnað, Internetið og GSM símann og virðast vera kvíðin og ef þau þurfa að nota þessa hluti. Fram geta komið líkamleg og andleg einkenni svo sem svefnerfiðleikar, skapgerðarbreytingar líkt og depurð og ótti. Taki unglingur upp á því að einangra sig og/eða daga sig frá áhugamálum sem hann áður stundaði, getur það verið vísbending um rafrænt einelti (Goebert o.fl., 2010).

Ljóst er að ábyrgð foreldra með fræðslu og eftirliti er mikil. Til þess að foreldrar geti sinnt þessu hlutverki er nauðsynlegt að þeir þekki rafræna miðla og þá tækni sem unglíngar í dag nota. Foreldrar verða að vera duglegir að ræða um rafrænt einelti við börnin og hverjar mögulegar afleiðingar þess eru bæði fyrir þolanda og geranda. Unglingar verða að geta treyst því að foreldrar þeirra taki afstöðu ef þau segja frá rafrænu einelti og fái viðeigandi stuðning og utanumhald (Þorlákur H. Helgasson og Heimili og skóli, 2009). Þess ber þó að geta að foreldrar geta ekki staðið einir í baráttunni við rafrænt einelti. Allir sem koma að uppeldi barna verða að taka þátt (Hinduja og Patchini, 2007).

Skólinn

Skólinn þarf að taka skýra afstöðu til rafræns eineltis. Þegar rafrænt einelti kemur upp innan skólans eru skólayfirvöld í fullkomnum rétti til að taka á málum. Það hefur hins vegar þótt óljóst hversu langt skólum er heimilt að ganga ef rafrænt einelti kemur upp utan skólans. Hvaða rétt hefur skólinn til að taka á slíkum málum? Rafrænt einelti hefur áhrif á líðan þolanda í skólanum og námsárangur hans. Skólayfirvöld geta réttlætt inngríp í mál sem upp koma utan skóla með því að sýna fram á að hegðunin bitni á námsumhverfi og daglegum athöfnum í skóla (Hinduja og Patchini, 2011b).

Ásamt því að takast á við þau tilfelli sem upp koma þarf skólinn að sinna fræðslu um rafrænt einelti. Fræðsla þarf þó að vera sameiginlegt átak skólans og foreldra. Fræðsla til nemenda um rafrænt einelti ætti að snúast um örugga Internetnotkun og hvaða hegðun á Internetinu verði ekki liðin. Skólinn verður að ræða við nemendur sína um verstu mögulegu afleiðingar þess að einhver sé lagður í rafrænt einelti, sem er sjálfsvíg, þannig að unglíngar geri sér grein fyrir alvarleika rafræns eineltis (Hinduja og Patchini, 2010). Skólinn þarf stöðugt að halda umræðum um skaðsemi eineltis, hefðbundins og rafræns, á lofti og brýna mikilvægi þess að nemendur leiti til einhvers fullorðins komi upp rafrænt einelti (Goebert o.fl., 2010). Skólinn ætti einnig að sinna fræðslu til foreldra

og starfsfólks skólans um rafrænt einelti. Fræðslu sem snýr að eðli rafræns eineltis, einkennum, birtingarmyndum, mögulegum afleiðingum og hvernig beri að takast á við það (Kiriakidis og Kavorua, 2010).

Flestir skólar í dag eru með virkar eineltisáætlanir. Árangurinn af slíkum áætlunum er ótvíræður (Olweus, e.d.-b; Hjördís Árnadóttir, 2011). Eineltisáætlanir lýsa því í hvers konar ferli eineltismál fara komi þau upp í skólanum, hvert einstaklingur á að snúa sér, hver tekur við erindinu og hvað verði gert í framhaldinu (Hjördís Árnadóttir, 2011). Af einhverjum ástæðum hefur rafrænt einelti ekki verið sett inn í eineltisáætlanir í skólum á markvissan hátt, enn sem komið er. Það er hins vegar nauðsynlegt að skólar setji upp áætlun um rafrænt einelti líkt og hið hefðbundna. Í slíkum áætlunum þurfa að koma fram viðbrögð við rafrænu einelti og skýrar reglur um hvernig verði tekið á slíkum málum (Kiriakidis og Kavorua, 2010). Eineltisáætlanir setja ekki aðeins börnum og unglingum skýrar reglur varðandi einelti, heldur auðvelda þær einnig kennurum og starfsfólki skóla að vera með skýran ramma og vita hvernig á að takast á við einelti. Skorti kennara slíkan ramma verða þeir oft óöryggir um hvernig eigi að bregðast við einelti og hversu langt þeim er heimilt að ganga (Slovak og Singer, 2011).

Kennarar og skólafélagsráðgjafar

Öllum þeim er vinna í skólum ber að stuðla að og viðhalda öryggi og heilbrigðu námsumhverfi fyrir nemendur (mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2006). Samkvæmt flestum eineltisáætlunum er það á ábyrgð umsjónakennara að takast á við eineltismál og koma þeim í viðeigandi ferli (Hjördís Árnadóttir, 2011). Það er því einkar mikilvægt að þeir kynni sér efni um rafrænt einelti og hvernig eigi að takast á við það.

Rafrænt einelti fer oft mjög leynt. Ekki aðeins vegna þess að rafrænt einelti er oft nafnlaust og enginn veit hver gerandinn er. Heldur einnig vegna þess að unglingar segja ekki frá og þá síst kennurum og starfólki skóla (Englander, 2011). Í rannsókn Li (2010a) kom fram að yfir 80% sögðust ekki myndu segja fullorðnum á vegum skólans frá rafrænu einelti. Helstu ástæður þessa voru að unglingar í rannsókninni töldu að starfsfólk skóla myndi hvorki trúa þeim né sýna skilning á vandamálinu. Einnig töldu þau að starfsfólk skóla gætu lítið gert til að hindra rafrænt einelti en höfðu frekar áhyggjur af því að viðbrögð kennara yrðu til þess að einelti myndi aukast (Li, 2010a).

Almennt eru kennarar í dag meðvitaðir um tilvist rafræns eineltis og hafa jafnvel kynnt sér það að einhverju leyti (Yilmaz, 2010). Hinsvegar, vegna þess hve ósýnileg þessi

gerð eineltis er og kennarar sjá það ekki með eigin augum, eru þeir tregari við að takast á við það (Bradshaw, Swayer og O'Brennan, 2007). Einnig skiptir máli að þótt kennarar viti af rafrænu einelti meðal nemanda upplifa margir sig hvorki tilbúna né hafa nægilega þekkingu til að takast á við það (Yilmaz, 2010; Heiða Kristín Harðardóttir og Krístrún Birgisdóttir, 2009).

Fáar rannsóknir hafa skoðað mögulegt hlutverk skólafélagsráðgjafa í rafrænu einelti. Í rannsókn Slovak og Singer (2011) kom fram að skólafélagsráðgjafar eru sammála um að rafrænt einelti er sívaxandi vandamál í skólum, vandamál sem á heima inn á borði skólafélagsráðgjafa. Þeir skólafélagsráðgjafar sem tóku þátt í rannsókninni voru sammála um að með þeim þekkingargrunni og þeirri færni sem námið færir ættu þeir að vera tilbúnir að takast á við rafrænt einelti og afleiðingar þess. Skólafélagsráðgjafar upplifa hinsvegar það sama og kennarar, það er að segja vegna þess hve rafrænt einelti er nýtt og í raun lítil reynsla komin á, upplifa þeir sig illa undirbúna að takast á við rafrænt einelti í raun.

Bæði kennarar og skólafélagsráðgjafar eru þannig meðvitaðir um rafrænt einelti og að það sé vandamál sem fer vaxandi. Hins vegar upplifa þeir sig ekki tilbúna og/eða ekki hafa nægilega reynslu og þjálfun til að takast á við rafrænt einelti komi það upp í skólanum (Slovak og Singer, 2011; Hinduja og Patchini, 2011b).

2.5.2 Löggjafinn

Enn sem komið er eru enginn sérstök lagaákvæði sem taka beint til rafræns eineltis. Það eru hins vegar ákvæði í íslenskum lögum og í alþjóðlegum mannréttindasamningum sem geta átt við um einelti (Þórhildur Línadal, munnleg heimild, 19. september 2011).

Þegar litið er til alþjóðlegra mannréttindasamninga og hvað þeir hafa að segja um einelti ber helst að líta til Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálans) og Mannréttindasáttmála Evrópu en Ísland er aðili að báðum þessum samningum (Daníel Reynisson, 2011). Barnasáttmálinn kemur inn á víðtæk réttindi barna. Tekur hann sérstaklega fyrir vernd barna, vernd gegn öllu ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu. Einnig tekur sáttmálinn fyrir grundvallarmannréttindi barna, réttinn til lífs, friðhelgi, fjölskyldu- og einkalífs, félaga-, skoðana-, tjáningar – og trúfrelsis. Í Barnasáttmálanum er tekið fram að það sé réttur barna að taka þátt í félagslegum athöfnum, að þau megi láta í ljós skoðanir sínar og hafi frelsi til að tjá sig

svo lengi sem það brjóti ekki gegn almennu siðgæði, brjóti á réttindum annarra og/eða skaði mannorð annarra (Umboðsmaður barna, e.d.). Það getur verið vandasamt að setja ákvæði Barnasáttmálans í samhengi við rafrænt einelti. Hvenær á verndunarákvæðið, um að öll börn eigi rétt á vernd betur við en ákvæði um tjáningarfrelsi, að öll börn hafi rétt til að tjá sig? Hvenær brýtur einstaklingur á mannréttindum eða veldur mannorði annars skaða með því sem hann segir eða gerir? Skilur barnið/unglingurinn hvaða skaða hann veldur með ákveðinni hegðun? (Wilson og McAloney, 2010).

Orðið einelti kemur í raun aðeins fyrir á tveimur stöðum í íslenskum lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Það er í lögum um hollustuhætti og aðbúnað á vinnustöðum nr. 46/1980 en þar er komið inn aðgerðir gegn einelti á vinnustað. Hitt lagaákvæðið er að finna í hegningarlögum nr. 19/1940. Þar kemur fram að „*hver sem opinberlega leggur annan mann í einelti með vísvitandi ósönnum skýrslum, sem lagaðar eru til þess að lækka hann í áliti almennings, sæti sektum eða fangelsi allt að 1 ári*“ (Almenn hegningarlög nr. 19/1940). Er því áhugvert að skoða hvenær börn verða sakhæf, hvort raunhæft sé að fara með rafræn eineltismál fyrir dómara og hvort mögulegt væri að sækja skaðabætur vegna rafræns eineltis.

Refsiábyrgð vegna þátttöku í einelti er samkvæmt lögum ekki raunhæf leið. Ber fyrst að nefna sakhæfisaldur sem er 15 ára. Ekki er því leyfilegt að beita börn 15 ára og yngri refsingum. Einnig er gerð krafa um skýran ásetning geranda sem skilyrði fyrir refsingum. Má því velja því upp hvort börn og unglingar sem eru gerendur í rafrænu einelti hafi skýran ásetning og skilji afleiðingar gjörða sinna. Að lokum eru gerðar strangar kröfur um sannanir í refsirétti, sannanir sem oft er erfitt að útvega í eineltismálum. Þó gæti verið auðveldara að útvega slíkar sannanir í rafrænu einelti. Af þessu er ljóst að refsíábyrgð er ekki raunhæf til refsinga í eineltismálum. Hins vegar er vel raunhæft að einelti geti verið skaðabótaskyldt samkvæmt lögum. Að þolandi geti þá krafist eftir atvikum gerenda/ur, foreldra jafnvel skóla um skaðabætur vegna þess eineltis, hefðbundnu eða rafrænu, sem hann hefur orðið fyrir. Talið er að raunhæft sé að sækja skaðabætur til geranda eineltis allt niður að sex til sjö ára aldurs, slíkt þarf hins vegar að meta af dómara í hvert sinn (Daníel Reynisson, 2011).

Löggjafinn og rafrænt einelti

Vegna eðli rafræns eineltis er nauðsynlegt að skoða hvaða lög og reglur ná yfir vernd barna í fjarskiptum. Í lögum nr. 81/2003 um fjarskipti segir að í þágu almannaoðryggis og vegna rannsókna sakamála beri að varðveita gögn notanda í sex mánuði. Með þessari gagnavarðveislu er mögulegt að rekja IP tölur, notendanöfn eða hver sé notandi tiltekins símanúmers. Einnig er hægt að skoða hverjum notandinn hefur tengst, dagsetningar tenginga og magn gagnaflutnings. Er þetta mikilvægur þáttur í að hægt sé upplýsa um rafræn eineltismál. Einnig gefa þessi lög heimild fyrir því að takmarka eða loka aðgangi að vefsíðum sem innihalda efni sem getur talist ærumeiðandi eða brýtur gegn friðhelgi einkalífs eða lögum. Þetta er því mikilvægur þáttur í baráttunni við rafrænt einelti (Daníel Reynisson, 2011).

Aðkoma félagsþjónustu og barnaverndar í rafrænum eineltismálum

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, kemur ekki beint fram hvernig félagsþjónustan eigi að koma að eineltismálum. Má hinsvegar út frá ýmsum greinum laganna rökstyðja hlutverk hennar. Sem dæmi kemur fram í fyrstu grein laganna að sveitarfélögum beri að tryggja þroskavænleg uppeldisskilyrði barna og ungmenna sem og að grípa inn í félagsleg vandamál, sem hefðbundið einelti og rafrænt er. Í annarri grein laganna kemur meðal annars fram að félagsþjónustunni beri að sinna félagslegri ráðgjöf, huga að málefnum barna og unglinga og veita unglingum þjónustu. Í félagslegri ráðgjöf felst að veita upplýsingar um félagsleg réttindamál og stuðning vegna persónulegs og félagslegs vanda. Eins kemur fram í 30 grein laganna að „Félagsmálanefnd er skylt, í samvinnu við foreldra, forráðamenn og aðra þá aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna og ungmenna, að gæta velferðar og hagsmuna þeirra í hvívetna.“ Það er því ljóst að hlutverk félagsþjónustunnar samkvæmt lögum er töluvert hvað varðar eineltismál, hefðbundin og rafræn. Hlutverk sem bæði snýr að forvörnum og að stuðla að vernd barna (Lög nr. 40/1991).

Barnaverndaryfirvöldum er ætlað að fylgjast með hagsmunum og velferð barna. Hvað varðar barnavernd kemur orðið einelti ekki fram í barnaverndarlögum. Má þó ætla að ákveðnar lagagreinar geti átt við um einelti og þolendur þess. Í 2 gr. laganna kemur fram að markmið laganna sé að tryggja þeim börnum er búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu nauðsynlega aðstoð. En börn sem búa við rafrænt

einelti falla vissulega undir þennan markhóp. Þá kemur fram að til að ná markmiðum laganna eigi að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverkum sínum og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Fram kemur í 95. grein að barnaverndarnefndir skuli fylgjast með almennum aðstæðum barna. Sjái barnaverndarnefnd umhverfisþætti sem eru óæskilegir fyrir velferð barnsins ber nefndinni að koma ábendingum til þeirra er málið varðar eða taka sjálf til aðgerða (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Barnaverndaryfirvöldum er ætlað að grípa til verndandi aðgerða þegar skýrar ástæður eru til. Þó er ekki líklegt að einstakt atvik eða atburður sem stendur í stuttan tíma leiði til afskipta barnaverndaryfirvalda (Guðrún Kristinsdóttir, 2004). Eðlilegra þykir því að eineltismál, hefðbundin og rafræn, fari til félagsþjónustunnar. Hennar hlutverk er að sinna félagslegri ráðgjöf og grípa inn í félagsleg vandamál (Lög nr. 40/1991). Rafrænt einelti fer oft mjög leynt og það stendur oft yfir í styttri tíma en hefðbundið einelti (Goebert, 2010). Því er erfitt að meta hvort rafrænt einelti, þó það sé vissulega alvarlegt, nái að verða barnaverndarmál.

2.5.3 Úrræði

Enn sem komið er eru fá úrræði við rafrænu einelti. Flest úrræði um rafrænt einelti byggjast á því að börn og unglingar segi fullorðnum frá eineltinu. Rannsóknir sýna hins vegar fram á að það gera þau sjaldnast. Má því má segja að eitt af brýnustu verkefnum í baráttunni gegn rafrænu einelti sé að fullorðnir einstaklingar, foreldrar og kennarar byggji upp traust samskipti við börn og unglunga þannig að þau þori og vilji segja frá rafrænu einelti (Bauman, 2010).

Forvarnir og fræðsla er eitt mikilvægasta úrræðið við rafrænu einelti. Í ritgerð Heiðu Kristínar Harðardóttur og Krístrúnar Birgisdóttur (2009) um rafrænt einelti, lögðu allir viðmælendur mikla áherslu á forvarnir og fræðslu gegn rafrænu einelti. Forvarnir verða að byrja snemma og oft fyrr en raun ber vitni. Fræðsla um ábyrga Internetnotkun og siðferðislegar skyldur, afleiðingar rafræns eineltis, fyrir bæði gerendur og þolendur, verður að eiga upphaf sitt inni á heimilum en í framhaldinu í nánú samstarfi við skóla. Þegar kemur að forvörnum skiptir máli að foreldrar kynni sér þá tækni sem börn í dag nota og kynni sér möguleg einkenni rafræns eineltis og afleiðingar. Æskilegt er að foreldrar stuðli að opnum samræðum við börn sín um það sem gerist á Internetinu. Með

Því er auðveldara fyrir foreldra að grípa inn í óæskilegar aðstæður sem kunna að koma upp, til dæms rafrænt einelti (Twyman o.fl.,2010; Anna Margrét Sigurðardóttir 2006). Bæði foreldrar og starfsfólk skóla geta stuðlað að forvörnum með því að kenna unglingum leiðir til að minnka líkur á rafrænu einelti. Til dæmis með því að auka persónuvernd og öryggisráðstafanir á Internetinu. Ásamt því að ítreka mikilvægi þess að segja frá rafrænu einelti (Patchini og Hinduja, 2010b).

Skaðabótaskylda er áhugavert umhugsunarefni sem úrræði við rafrænu einelti. Tilgangur skaðabóta er tvíþættur, annarsvegar að bæta þolanda tjón sem hann hefur orðið fyrir. Hins vegar sem varnaðarhlutverk. Það er að segja vegna þess kostnaðar sem það hefur í för með sér að leggja annan í rafrænt einelti forðast gerandi að gera slíkt á nýjan leik. Einnig gætu varnaðaráhrif náð til félagahópsins, það er að segja að aðrir hafa séð að gerandi hafi þurft að greiða þolanda skaðabætur og forðast því að endurtaka hegðunina (Daníel Reynisson, 2011).

Ábendingarhnappur Barnaheillar getur nýst sem úrræði í rafrænu einelti. Ábendingahnappinn er að finna á síðu Barnaheillar (barnaheill.is) og á síðu Heimilis og Skóla (heimiliogskoli.is). Er hnappurinn hugsaður fyrir þá sem vilja tilkynna um óviðeigandi eða ólöglegt efni á Internetinu. Til dæmis ábendingar um efni sem inniheldur óviðeigandi hluti til dæmis meiðyrði, haturstal og hótanir í garð ákveðinna aðila. Með því að tilkynna, fer efnið til skoðunar hjá ríkislögreglustjóra sem kemur málinu í viðeigandi farveg (Barnaheill, e.d.). Velta má upp þeim möguleika hvort hægt væri að nota slíka tækni í auknum mæli til að upplýsa um og takast á við rafrænt einelti.

Ofantalið eru hugmyndir og hugleiðingar um úrræði og möguleg úrræði við rafrænu einelti. Eins og áður sagði eru enn fá úrræði til staðar við rafrænu einelti. Ráðgjöf til unglunga, þolanda og geranda er þó klárlega mikilvægur þáttur í að takast á við rafrænt einelti og afleiðingar þess. Hinsvegar er ljóst að leggja þarf frekari áherslu á fræðslu og forvarnir.

3. Framkvæmd rannsóknar og aðferðafræði

Vinna við rannsóknina hófst á vormánuðum 2011 þegar efnistökur voru ákveðin og grunnhugmyndavinna fór í gang. Í ágúst 2011 byrjaði hin formlega vinna og stóð hún til nóvember 2011. Rýnihópaviðtöl voru tekin við tvo hópa unglunga í níunda og tíunda bekk grunnskóla. Hóparnir voru kynjaskiptir og voru sjö einstaklingar í hverjum hóp. Hér á eftir verður fjallað um framkvæmd rannsóknar, val á þátttakendum, gagnasöfnun, skráningu og úrvinnslu gagna. Að lokum verður farið yfir nokkur siðfræðileg álitamál.

3.1 Rannsóknarspurningar

Í rannsókninni verður leitast við að svara eftirfarandi spurningu

- *Hver er sýn unglunga í níunda og tíunda bekk grunnskóla á rafrænt einelti?*

Undirspurningar sem unnið verður með í rannsókninni eru eftirfarandi

- *Hverjar eru ástæður og afleiðingar rafræns eineltis að mati unglunga?*
- *Hver eru sjónarmið stráka og stelpna á rafrænt einelti?*
- *Hvernig er hægt að takast á við rafrænt einelti, að mati unglunga?*

3.2 Rannsóknaraðferð

Tilgangur rannsóknarinnar er að skyggast inn í hugarheim unglunga hvað varðar rafrænt einelti. Til þess henta eigindlegar rannsóknaraðferðir vel. Eigindlegar rannsóknaraðferðir leggja áherslu á lýsandi gögn. Gögn um upplifanir fólks og þann skilning sem það leggur í sitt félagslega umhverfi. Eigindlegar aðferðir byggja ekki á fyrirframgefnum kenningum heldur er megináhersla lögð á að lýsa félagslegum fyrirbærum (Taylor og Bogdan 1998). Eigindlegar rannsóknaraðferðir henta því vel þegar rannsakandi sækist eftir því að skilja félagslegan veruleika ákveðin hóps (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Í eigindlegum aðferðum fer rannsakandi á vettvang, safnar gögnum og vinnur niðurstöður út frá þeim. Gagnasöfnun í eigindlegum aðferðum fer fram með opnum viðtölum, þáttökuathugunum, rýnihópum og óhefðbundnum aðferðum (Esterberg, 2002).

3.2.1 Rýnihópar

Rýnihópar eru gjarnan notaðir til þess að rannsaka fyrirbæri sem lítil vitneskja er til um (Litoselliti, 2003). Rýnihópar eru hópur 4 til 12 þátttakenda sem valdir hafa verið

sérstaklega með tilgang rannsóknar og markmið í huga. Rýnihópar eru frábrugðnir öðrum hópum að því leyti að markmiðið er ekki að fá sameiginlegt álit hópsins eða reynslu, heldur er tilgangurinn að heyra mismunandi viðhorf og skoðanir á því sem er verið að rannsaka. Rýnihópar henta því vel þegar skoða á eðli fyrirbæra fermur en magn þess eða tíðni (Sóley B. Bender, 2003).

Tilgangur þessarar rannsóknar er að heyra hvert viðhorf unglunga til rafræns eineltis er. Ásamt því að öðlast dýpri skilning á hvernig rafrænt einelti birtist unglungum í daglegu lífi þeirra. Hefur þetta að vitund rannsakanda ekki verið rannsakað áður á Íslandi og taldi rannsakandi því heppilegt að notast við rýnihópa.

3.2.2 Val á þátttakendum

Nauðsynlegt er að velja þátttakendur í rýnihóp út frá tilgangi og markmiði rannsóknarinnar og með rannsóknarspurningu til hliðsjónar (Sóley S. Bender, 2003). Þátttakendur í rýnihóp eru oft valdir á grundvelli þess að þeir hafa eitthvað sameiginlegt svo sem aldur, kyn og/eða menntun og eitthvað sem tengir hópinn við rannsóknarefnið (Hoyle, Harris og Judd, 2002).

Þátttakendur í rannsókninni voru valdir með hentugleika, markmiðs- og veltiúrtaki. Í hentugleikaúrtaki velur rannsóknaraðili úrtak sem auðvelt er að ná til. Markmiðsúrtak er úrtak þar sem rannsakandi notar eigin dómgreind til að velja þátttakendur sem henta markmiðum rannsóknar. Slíkt úrtak er gjarnan notað í rýnihópum. Veltiúrtak er þegar einstaklingur er valinn til rannsóknar, út frá honum eru síðan fleirum bætt við. Rannsóknin byggir ekki á líkindaúrtaki þar sem tilgangurinn er ekki að alhæfa um stærra þýði heldur aðeins að lýsa félagslegum veruleika þeirra er taka þátt í rannsókninni (Þórólfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson, 2003).

Í rannsókn þessari voru valdir tveir átta manna, kynjaskiptir hópar unglunga í níunda og tíunda bekk grunnskóla. Samkvæmt fyrri rannsóknnum ætti sá hópur að geta gefið mikilvægar upplýsingar um rafrænt einelti. Ástæða þess að hóparnir voru kynjaskiptir var sú að höfundur vonaðist til að það myndi gefa meiri breidd í umræður og einnig til að leita eftir hvort fram kæmi kynjamunur í umræðum um rafrænt einelti.

Heildarúrtakið var markmiðsúrtak þar sem þátttakendur voru valdir með tilliti til rannsóknarefnisins. Byrjað var á því að hafa samband við skólastjórnendur tveggja grunnskóla á Suðurlandi. Voru þeir valdir með hentugleikaúrtaki. Báðir skólar gáfu leyfi

fyrir rannsókninni. Höfundur fékk aðstoð skólastjórnanda við að velja þátttakendur fyrir rannsóknina. Í fyrsta skólanum var valinn hópur drengja. Voru þeir valdir með hentugleikaúrtaki þar sem farið var yfir bekkjarlista níunda og tíunda bekkjar og af þeim lista var fimmti hver valinn til þátttöku í rannsókninni. Í seinni skólanum voru þátttakendur stúlkur. Í þeim skóla var bæði hentugleika og veltiúrtaki beitt. Líkt og í skóla eitt, var farið yfir nemendalista níunda og tíunda bekkjar. Í hverjum bekk var valin ein stúlka og síðan vinkona hennar. Þar næst voru valdar tvær stúlkur í hverjum bekk, eftir hentugleika. Samtals voru 16 þátttakendur valdir til rannsóknarinnar. Ekki þykir ástæða til að nafngreina þá grunnskóla er tóku þátt né skýra nánar frá bakgrunni einstaka þátttakanda.

3.2.3 Gagnaöflun

Viðtölin fóru fram þann 3. október 2011. Viðtal við stúlkurnar fór fram fyrir hádegi en við drengina eftir hádegi. Bæði viðtölin fóru fram í skóla viðkomandi hóps og á skólatíma. Í viðtölin mættu sjö stúlkur en ein var fjarverandi. Sjö drengir mættu eða allir þeir er samþykkt höfðu þátttöku.

Fyrir viðtalið hafði höfundur útbúið spurningaramma (Fylgiskjal III) með þeim spurningum og umræðuefnum sem ætlunin var að ræða. Spurningaramminn var opinn, þar sem umræðuefnið var fyrirfram ákveðið en kostur gefinn á opnum umræðum (Esterberg, 2002). Í rýnihópum er mikilvægt að rannsakandi sé sveigjanlegur því umræða getur tekið breytta stefnu frá því sem upphaflega áætlað var. Rannsakandi þarf hinsvegar að passa að umræðan haldist innan ramma rannsóknarinnar (Sóley. S. Bender, 2003).

Gagnaöflun gekk að mestu vel. Stelpurnar voru ekki feimnar við að ræða málin og töluðu frjálst um málefni er varða rafrænt einelti. Strákunum þótti heldur erfiðara að tjá sig í hóp en voru þó fúsir til að ræða þessi mál.

3.2.4 Skráning og úrvinnsla gagna

Viðtölin voru hljóðrituð meðan á þeim stóð og skrifaðar voru vettvangsnótur. Að viðtölum loknum voru þau afrituð orð fyrir orð. Vettvangsnótur voru tengdar við afrituð gögn til þess að fá betri heildarmynd og tilfinningu fyrir gögnunum. Heildarmagn afritaðra gagna var 71 blaðsíða. Að mestu gekk greiðlega að afrita viðtölin þó upp hafi

komið að margir töluðu á sama tíma og erfitt hafi reynst í þeim tilfellum að greina öll orð og hverja rödd.

Vann höfundur út frá hugmyndum um grundaða kenningu (*e. Grounded theory*). Í því felst að gögnin eru greind með opinni kóðun til þess að þau öðlist merkingu. Út frá greiningu eru fundnar þær áherslur sem vinna má út frá og að lokum eru dregnar fram tilgátur og kenningar úr gögnunum (Esterberg, 2002).

Greining gagna byrjaði strax í viðtölum með því að skrifa vettvangsnótur. Eftir að afritun á gögnum var lokið gaf höfundur sér tíma til að kynnast gögnunum. Hlusta aftur á viðtölin með afritun og vettvangsnótur til hliðsjónar. Var þetta gert til að fá tilfinningu fyrir því hvað er mikilvægt, hvað kemur oft upp, hvað leggja þátttakendur áherslu á og annað sem gefur vísbendingu um mikilvægi einstakra atriða í gögnunum. Því næst var ráðist í greiningu gagna. Í því felst að draga gögnin saman (*e. Data reduction*) og flokka þau í megin – og undirþemu. Þemun voru síðan notuð til að vinna niðurstöður (Sóley S. Bender, 2003).

3.3 Siðferðileg álitamál

Allar rannsóknir þurfa að uppfylla siðferðilegar kröfur ekki síður en aðferðafræðilegar. Ber rannsakanda að huga að siðferðislegum skyldum sínum gangvart rannsókninni og þeim er í henni þátt taka. Eru nokkur atriði sem ber að huga að við undirbúning rannsóknar og í samskiptum við þátttakendur. Þátttakendur þurfa að veita upplýst og óþvingað samþykki fyrir þátttöku. Þá þarf rannsakandi að gera þátttakendum grein fyrir hvað felst í þátttöku, meðferð gagna og hvernig verði staðið að trúnaði við þátttakendur. Einnig verður hver þátttakandi að vita að honum sé frjálst að neita og hætta þátttöku að eigin geðþótta (Sigurður Kristinsson, 2003). Í vinnslu rannsóknar og niðurstöðum ber rannsakanda að vanda mál sitt svo að það misskiljist ekki öðrum til miska (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.). Við vinnslu þessarar rannsóknar voru hafðar til hliðsjónar fjórar höfuðreglur í siðferði rannsókna. Þær eru sjálfræðisreglan, skaðleysisreglan, velgjörðareglan og að lokum réttlætisreglan (Sigurður Kristinsson, 2003).

3.3.1 Persónuvernd

Allar rannsóknir sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar ber að tilkynna til Persónuverndar. Tilkynning um rannsókn (nr. S5355/2011) var send til Persónuverndar í ágúst 2011.

Ekki reyndist nauðsynlegt að fá sérstakt leyfi fyrir rannsókninni þar sem hún tekur ekki til samkeyrslu skráa, vinnslu með erfðaefni, - refsiverðan verknað og/eða sakaferils, upplýsinga um vímuefnanotkun, kynlíf og kynhegðunar eða annarra persónulegra og félagslegra vandamála, né kemur þessi rannsókn inn á fjárhag og lánstraust einstaklinga (Persónuvernd, e.d.).

3.3.2 Upplýst samþykki

Í rannsókn þessari eru þátttakendur undir 18 ára og teljast því lögum samkvæmt börn. Sérstakra ráðstafana þurfti því að gæta til að tryggja siðferði rannsóknarinnar. Nauðsynlegt var að fá upplýst samþykki fyrir þátttöku barna frá foreldri/um ásamt því að fá leyfi þátttakenda sjálfra. Þess var gætt að rannsóknin, tilgangur hennar og markmið, væru útskýrð fyrir þátttakendum á viðeigandi hátt (Háskóli Íslands, e.d.).

Eftir að þátttakendur höfðu verið valdir hafði höfundur samband við foreldra símleiðis. Fékk hann leyfi hjá öllum foreldum að senda til þeirra bréf (Fylgiskjal II) með upplýsingum um rannsóknina og upplýstu samþykki. Voru bæði foreldrar og þátttakendur beðnir um að skrifa undir samþykkið hefðu þau hug á þátttöku. Voru þau beðin um að skila leyfinu í lokuðu umslagi, sem fylgdi með, á skrifstofu í sínum skóla. Allar stúlkurnar og foreldrar þeirra samþykktu þátttöku. Í hópi drengja samþykktu sjö þátttöku en ekki barst svar frá einum.

3.4 Styrkleikar og takmarkanir rannsókna

Kostir rýnihópa eru að hægt er að safna fjölbreyttum gögnum sem endurspeglar mismunandi skoðanir og samskipti innan hóps um ákveðið málefni á tiltölulega stuttum tíma (Litoselliti, 2003). Einnig hafa rýnihópar hátt andlitsréttmæti (*e. face validity*) þar sem að orð þátttakanda eru talin trúverðug (Sóley S. Bender, 2003).

Með rýnihópum gefst kostur á að fá betri mynd af því hvernig ákveðið fyrirbæri, í þessari rannsókn rafrænt einelti, birtist í hóp. Með því að nota rýnihóp gafst þannig

tækifæri til að heyra um reynslu og viðhorf unglunga til rafræns eineltis og auka þannig skilning á því hvaða sýn íslenskir unglingar, í rannsókninni, hafa á rafrænu einelti.

Rýnihópar líkt og aðrar rannsóknaraðferðir hafa takmarkanir. Ein þeirra er að þó niðurstöður gefi ákveðna mynd fyrir tiltekinn hóp er ekki hægt að yfirfæra hana á stærri hópa og hefur rannsóknin þannig ekki forspárgildi (Media Awareness Network, 2004). Þá er einnig takmörkun við rýnihópa að hafi einhver reynslu af tilteknu rannsóknarefni eða umfjöllunarefni gæti honum þótt erfitt að deila henni í hóp (Parris o.fl., 2010).

Í þessari rannsókn varð höfundur var við að andrúmloftið í strákahópnum var töluvert stirt. Af einhverjum ástæðum virtust þeir ekki ná að tjá sig, þrátt fyrir að höfundur hafi oft en ekki skynjað að þeir vildu hafa sagt meira um ákveðna hluti. Telur höfundur að hér hafi samsetning hópsins skipt máli þar sem að þetta vandamál kom ekki upp hjá stelpunum sem höfðu meiri innbyrðis tengsl.

4. Niðurstöður

Í þessum kafla verður fjallað um helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Eru niðurstöðurnar settar fram eftir þeim þemum sem fram komu við greiningu gagna. Meginþemun sem fram komu voru: Viðhorf þátttakanda til rafræns eineltis, rafrænt einelti í daglegu lífi, munurinn á strákum og stelpum í rafrænu einelti, rafrænt einelti, stríðni eða rífrildi og að lokum að takast á við rafrænt einelti.

4.1 Virkni þátttakanda

Virkni þátttakanda í rýnihópnum var almennt góð. Í stelpuhópnum voru fimm af sjö sem tóku virkan þátt í umræðum. Tvær voru hlédrægar og kusu að segja ekki mikið en tóku undir með öðrum í hópnum þar sem þær voru sammála. Góður andi var í stelpuhópnum, voru þær óhræddar við að tjá sig og segja sína skoðun.

Í strákahópnum mynduðust ágætar umræður á köflum. Strákarnir voru heldur feimnari við að tjá sig um rafrænt einelti samanborið við stelpurnar í rannsókninni. Voru það helst Stefán og Lárus sem tóku af skarið í umræðum. Einn strákur í hópnum virtist hafa upplifað meira og/eða séð meira einelti, rafrænt og hefðbundið en svör hans við spurningum einkenndust gjarnan af því. Einn í hópnum kaus að taka ekki þátt í umræðum. Aðrir tóku virkan þátt.

4.2 Viðhorf þátttakenda til rafræns eineltis

Allir þátttakendur í rannsókninni, stelpur og strákar, voru meðvituð um hefðbundið einelti. Að sögn þátttakenda starfa báðir skólar eftir eineltisáætlunum og sögðu þau að reglulega væri rætt um hefðbundið einelti. Fram kom að þátttakendur höfðu minna velt fyrir sér, rætt um eða fengið fræðslu um rafrænt einelti.

Í byrjun viðtala voru báðir hópar beðnir um að segja hvað að þeirra mati rafrænt einelti er og hvernig það er frábrugðið hefðbundnu einelti. Voru allir sammála um að rafrænt einelti væri einelti sem færi fram í gegnum tölvur, síma og Internetið. Í báðum hópum kom fram að rafrænt einelti er, að mati þátttakanda, meira andlegt einelti heldur en líkamlegt. Hjá strákunum lýsti Lárus rafrænu einelti á eftirfarandi hátt „Rafrænt einelti er andlegt, bara verið að særa manneskjuna sem mest með orðum.” Mun dýpri umræða skapaðist innan stelpuhópsins um mun hefðbundins og rafræns eineltis. Voru þær, líkt og strákarnir, sammála um að rafrænt einelti væri meira andlegt

og einelti með orðum. Bættu þær hinsvegar við að í rafrænu einelti væri fjarlægð milli geranda og þolanda sem ekki væri í hefðbundnu einelti. Gerði þessi fjarlægð, að mati Ölmú, það að verkum að gerandi hefur tækifæri til að segja hluti við þolanda sem hann myndi ekki þora að segja í raunveruleikanum.

Alma: Rafrænt einelti er þegar það er ekki talað beint til þolandans, frekar í gegnum SMS eða Facebook, kannski er þetta eitthvað sem hann getur ekki sagt ef hann stendur við hliðina honum... þú veist ekki svona face to face.

Í skilgreiningu á hefðbundnu einelti felst að áreiti/atvik þurfi að vera endurtekið til að geta flokkast sem einelti. Þegar umræðan barst að því hvernig endurtekning birtist í rafrænu einelti kom hik á flesta. Sögðu strákarnir að endurtekning væri fólgin í því þegar gerandi gerir hlutinn aftur og aftur. Í stelpuhópnum gerðu Alma og Hrafnhildur greinamun á því hvort að gerandi gerði hlutinn endurtekið eða hvort að fleiri tækju þátt í því að gera hlutinn endurtekinn. Til dæmis með því að skoða ákveðnar vefsíður eða taka þátt í því að senda nafnlaus SMS.

Alma: Ákveðin manneskja gerir þetta kannski, en aðrir geta haldið áfram að gera þetta. Þannig að hún sjálf gerir þetta kannski bara einu sinni en þetta verður endurtekið af því að fleiri krakkar gera þetta.

Hrafnhildur: Þannig þó svo einhver geri þetta bara einu sinni halda kannski aðrir áfram og þá er þetta orðið einelti fyrir manneskjuna sem verður fyrir því... en þessi sem byrjaði hélt að þetta yrði kannski bara einu sinni.

Voru stelpurnar allar sammála að ætlun geranda væri oft aðeins eitt stakt atvik. Hann gerði sér hinsvegar ekki grein fyrir að einelti á Internetinu getur haldið áfram að honum óspurðum og án þess að hann sjálfur taki beinan þátt í því.

Í báðum hópum ræddu þátttakendur um hvernig endurtekningin skiptir máli þegar kemur að því hvernig þolandi upplifir atvik. Að mati þátttakanda taka þolendur atvik meira inn á sig eftir því sem þau gerast oftari. Eins og Stefán sagði „*maður myndi ekkert spá í því ef maður fengi þrjú SMS eða eitthvað... Flestir fara samt örugglega að taka það meira inn á sig og þæla meira í þessu, þú veist, eftir því sem það gerist oftari.*”

Hjá bæði stelpunum og strákunum kom fram óöryggi varðandi það að skilgreina atvik sem rafrænt einelti. Sögðu Aron og Alma bæði frá atvikum sem þau nýlega höfðu orðið vitni af. Atvik sem þeim fannst mögulega vera rafrænt einelti en gátu ekki verið viss.

Aron: Ég sá um daginn myndband á Youtube, en það var farið út strax daginn eftir. Það var af einhverri dauðadrukkinni gellu sem var nakin og eitthvað, hún bauð svolítið upp á þetta. Æ ég veit ekki hvort þetta sé æææ þú veist ... rafrænt einelti sko.

Alma: Maður hefur alveg séð einhvern segja eitthvað við einhvern sem á ekkert að vera segja við hann, þetta er síðan kannski sagt oft... ég sá svoleiðis dæmi um daginn. Það er örugglega hægt að skilgreina þetta sem rafrænt einelti, en manni finnst samt erfitt að segja hvort þetta sé það.

Hrafnhildur og Sirrý bættu við að vegna þess hve rafrænt einelti er nýtt og vegna þess hversu lítið, að þeirra mati, sé búið að ræða það, þyki unglíngum oft erfitt að átta sig á hvort eitthvað sem gerist á Internetinu geti talist sem rafrænt einelti.

4.2.1 Nafnleyndin

Í rafrænu einelti hefur gerandi tækifæri til að vera nafnlaus. Alma, Sirrý og Hrafnhildur lögðu allar áherslu á hversu miklu máli nafnleyndin skiptir í rafrænu einelti. Hjá strákunum kom fram sama viðhorf. Eins og Lárus sagði „*Nafnleyndin er alveg stór þáttur í þessu, með nafnleynd færðu tækifæri til að vera leiðinlegur við einhvern, án þess að hann viti hver þú ert.*”

Töldu þátttakendur í báðum hópum nafnleyndina vera eina helstu ástæðu þess að unglíngar í dag beiti og taki þátt í rafrænu einelti. Að mati þátttakenda eru einnig fleiri sem taka þátt í rafrænu einelti vegna nafnleyndarinnar en ef nafnleynd væri ekki í boði. Eins og Aron sagði „*það eru miklu fleiri sem taka þátt í rafrænu einelti bara af því að enginn þarf að vita að það sé þessi sem er gerandinn.*”

Er talið barst að því hvort algengara væri að gerendur í rafrænu einelti væru undir nafnleynd eða ekki, taldi Alma að í flestum ef ekki öllum tilvikum notuðu gerendur nafnleyndina. Voru aðrar í hópnum sammála þessari fullyrðingu en Sirrý bætti við orði Ölmu og sagði „*Margir sem eru gerendur í rafrænu einelti myndu ekki gera þetta ef þeir þyrftu að skrifa nafnið sitt og láta vita hver hann er.*”

Nafnleyndin skiptir máli bæði fyrir gerendur og þolendur rafræns eineltis að mati þátttakenda. Aðspurð hvaða þýðingu nafnleyndin hefði fyrir gerendur sagði Auður „*til þess að gerendur fái ekki jafn mikið samviskubit.*” Einnig komu fram þættir svo sem að nafnleyndin gæfi gerendum kost á því að segja hvað sem er, þora meira og taka minni ábyrgð á orðum sínum og gjörðum. Komu þessir þættir einnig fram hjá strákunum.

Talið barst að því hverjar afleiðingar nafnleyndar væru fyrir þolanda rafræns eineltis. Voru bæði strákarnir og stelpurnar sammála um að vegna nafnleyndarinnar væru afleiðingar rafræns eineltis, fyrir þolendur, oft verri en í hefðbundnu einelti.

Jón: Afleiðingar af rafrænu einelti eru örugglega verri sko, vegna þess að maður veit ekki hver gerandinn er og þess vegna er ekkert hægt að gera í því.

Alma: Það er kannski meira hægt að taka á því sem er ekki rafrænt, í hefðbundnu veistu hver gerandinn er þá er meira hægt að tala við hann... Það er líka svo ótrúlega erfitt að stoppa rafrænt einelti og þess vegna getur það verið lengra og grófara."

Sirry: Það er líka með nafnleyndina að þolandinn veit ekkert. Það gæti verið að gerendurnir séu bara tveir einstaklingar en maður veit ekkert hvað þetta eru margir. Þetta kannski bara allur skólinn en kannski bara einhverjir þrír sem sitja alltaf út í horni og eru að reyna að vinna sér upp sitt sjálfstraust.

Aðspurðar hvaða áhrif óvissa, vegna nafnleyndar, hefði á einstaklinginn og vinasambönd. Voru stelpurnar sammála um að hún ylli mikilli einangrun, óöryggi og hræðslu. Alma bætti við „*Hann verður örugglega bara ótrúlega varasamur og reiður.*“ Í sömu umræðu í strákahópnum nefndu strákarnir vantraust til vina og mikið óöryggi. Alex sagði „*já svo treystir hann kannski bara besta vini sínum en svo er það kannski hann sem er gerandinn*“ Stefán bætti við

Stefán: Þolandinn missir bara allt sjálfstraust, hættir jafnvel að fara út og vill ekki vera með neinum. Hættir kannski bara að gera allt sem hann gerði áður af því hann er hræddur um að gerandinn sé þar, af því hann veit ekkert hver gerandinn er. Þannig vill hann jafnvel bara vera útaf fyrir sig af því hann treystir engum.

Að mati þátttakanda er auðvelt að koma nafnlausum skilaboðum áleiðis. Sirry og Björk nefndu báðar í þessu samhengi vefinn Formspring.me og heimasíður já.is og nova.is þar sem hægt er að senda nafnlaus SMS. Auður sagði „*það er ekkert mál að koma skilaboðum til einhvers án þess að hann viti hver maður er á netinu það eru mjög margar leiðir til þess sko.*“

4.2.2 Hvar fer rafrænt einelti fram?

Er þátttakendur voru spurðir að því hvar rafrænt einelti fer helst fram, voru þau einróma um að vefsíðan Formspring.me sé einn helsti vettvangur rafræns eineltis í dag. Að sögn Ölmu er Formspring Internet þar sem hægt er að spyrja aðra, undir nafnleynd,

spurninga og/eða segja eitthvað um viðkomandi á hans síðu (*e.profile*). Voru allar stelpurnar sammála um að nafnleyndin væri helsta ástæða þess að þessi vefur væri vinsæll vettvangur rafræns eineltis. Tóku allar undir orð Auðar „Formspring er svona einn helsti eineltisstaðurinn í dag.“ Strákarnir nefndu einnig Formspring sem vettvangur rafræns eineltis. Voru flestir á sama máli um að mikið rafrænt einelti væri inn á þeim vef. Eins og Stefán sagði „*það er eiginlega svo lítið mikið verið að drulla yfir fólk þar, eiginlega mest þar sko.*“

Nafnlaus SMS komu oft fyrir í umræðunni um hvar rafrænt einelti fer fram og voru þau að mati þátttakenda algengur vettvangur rafræns eineltis. Aðspurð hvernig slíkt gæti birst svaraði Axel „*æ þú veist bara þegar það verið að senda eitthvað ljótt til einhvers í gegnum SMS... og kannski gert það oft.*“ Flestar stelpurnar voru þó sammála um að það að senda eitt SMS gæti varla talist sem rafrænt einelti. Sagði Alma „*það er ekki endurtekið og ekki oft. Þó það sé ótrúlega ljótt að senda eitthvað einu sinni þá er ekki hægt að skilgreina það sem einelti.*“ Björk benti hinsvegar á í framhaldi að, að hennar mati, skipti máli hvað gerandinn væri að senda og hver hugsunin bak við skilaboðin væru. Strákarnir voru hinsvegar í mótsögn við stelpurnar. Þar voru allir sammála um að eitt SMS gæti flokkast sem rafrænt einelti.

Stefán: Það getur verið einelti, það er hægt að senda SMS af já.is nafnlaust, það þarf ekkert að senda það oft, það getur verið nóg að senda það einu sinni...

Lárus ...það skiptir samt rosa miklu máli hvernig manneskjan sem fær SMS-ið tekur því, tekur hún því sem einhverju flippi eða mjög alvarlega.

Það sem skipti máli hvað varðar það að flokka SMS sem rafrænt einelti eða ekki og hafði áhrif á skoðun þátttakenda, var hvort SMS-in væru nafnlaus eða með nafni. Nafnlaus SMS voru því álitin meira ógnandi og því verri en SMS sem send voru undir nafni, þeim var frekar tekið sem, eins og Lárus sagði „*sem einhverju flippi.*“

Það kemur ekki á óvart vegna fyrri þekkingar og umræðu að í báðum hópum var Facebook nefndur sem vettvangur rafræns eineltis. Skoðanir þátttakenda um hversu mikið rafrænt einelti er á Facebook voru misjafnar. Flestir töldu að ekki væri mikið einelti á Facebook, aðrir voru hikandi við að fullyrða um það. Allir höfðu þó séð rafrænt einelti á Facebook og flestir nýlega. Það var aðeins Jón sem sagðist sjá mikið af rafrænu einelti á Facebook. Að mati Hrafnhildar getur verið erfitt að dæma um það hvort mikið sé um rafrænt einelti á Facebook. Eins og hún benti á „*þó að allir geti séð prófílinn þá*

veit fólk ekki hvort að það sé mikið um rafrænt einelti inn á spjallinu, þar geta tveir talað saman án þess að aðrir viti." Voru aðrar í hópnum sammála þessari staðhæfingu.

Aðspurð að því hvernig rafrænt einelti fari fram á Facebook nefndu báðir hópar að skrifa niðrandi athugasemdir á síðu (prófil) einstaklings eða um myndir sem viðkomandi á. Einnig kom fram í báðum hópum að búa til hatursíður um ákveðinn aðila þar sem allir eiga að líka við (*e.like*) ef þeir þola ekki viðkomandi. Strákarnir nefndu það að birta niðrandi myndir, myndir sem hafði verið breytt til að gera lítið úr þolanda á Facebook, það kom ekki fram hjá stelpunum. Jón og Sirrý tóku bæði dæmi um hvernig rafrænt einelti gæti birst á Facebook. Jón: „Bara nefna fólki ljótum nöfnum og eitthvað svoleiðis, til dæmis druslan þín og eitthvað og skrifa það á vegginn hans." Sirrý: „Sko kannski búa til svona hóp, þar sem allir sem þola ekki þennan eiga að líka (*e. like*) við síðuna. Svo er kannski geðveikt margir sem líka síðuna en vita ekkert hvað þeir eru að særa hann geðveikt mikið."

Þátttakendur í báðum hópum sögðust hafa séð slíka haturssíðu og flestir nýlega. Eins og Aron sagði „já ææ ég sá svoleiðis síðu bara um daginn.... henni var samt bara lokað eftir tvo daga eða eitthvað."

Í rannsóknum um rafrænt einelti og boðleiðir þess hefur spjallrásarforritið MSN gjarnan verið nefnt og einnig tölvupóstar. Aðspurð hvort að þátttakendur yrðu vör við rafrænt einelti eftir þessum leiðum voru allir, bæði strákarnir og stelpurnar, á einu máli um að það væri mjög sjaldgæft í dag. Ástæður þess að mati þátttakenda eru að margir unglingar í dag eru hættir að nota MSN en nota eingöngu Facebook til að vera í sambandi við vinina. Einnig skiptir máli að á MSN þurfa notendur að samþykkja vinabeiðnir og hafa því meiri stjórn á samskiptum sínum og við hverja þau eiga samskipti. Í strákahópnum var ekkert rætt um tölvupósta. Hjá stelpunum voru allar sammála um að tölvupóstar væru lítið vandamál hvað varðar rafrænt einelti.

Alma: Rafrænt einelti fer ekkert í gegnum tölvupósta, af því að unglingar í dag nota hann ekkert. Maður á bara tölvupóst til að komast inn á Facebook.

Er þátttakendur voru spurðir hvað það væri sem stjórnaði því hvaða leiðir unglingar nota til rafræns eineltis svaraði Hrafnhildur „Ef þeir vilja vera undir nafnleynd þá SMS eða Formspring, annars bara Facebook."

4.2.3 Þolendur og gerendur

Þegar rætt var um þolendur og gerendur í rafrænu einelti kom margt fram, sumt óvænt en annað sem samræmist nokkuð fyrri þekkingu. Orð sem notuð voru til að lýsa þolendum rafræns eineltis voru til dæmis skrítnir, minniháttar, einmana og öðruvísi í útliti. Í umræðunni um þolendur töldu þátttakendur að þeir sem verða fyrir rafrænu einelti geri oft eitthvað, eða bjóði upp á það með hegðun sinni að aðrir ráðist að þeim með rafrænum leiðum. Vildu margir þátttakendanna, bæði hjá strákunum og stelpunum, meina að með því að fara óvarlega á netinu byðu unglingar upp á það að ákveðnu marki að verða fyrir rafrænu einelti. Sem dæmi um slíka hegðun nefndu þátttakendur að samþykkja vinabeiðnir frá þeim sem þau ekki þekkja og/eða setja vafasamar myndir af sér á netið. Eva sem lítið hafði sagt hingað til sagði í þessu samhengi „*þetta er soldið undir einstaklingnum komið*” bætti Björk við:

Til dæmis ef þú ert með Formspring þá þarftu bara að vera undir það búin að fá eitthvað leiðinlegt til þín. Þú átt alveg að eiga von á því að fá til þín leiðinlegar spurningar og ljótar athugasemdir þar sko.

Hjá strákunum sagði Stefán „*Ef þú værir ekkert inn á Facebook og svoleiðis vefjum þá ertu ekkert að lenda í rafrænu einelti,*” tóku aðrir í hópnum undir með honum.

Að mati þátttakenda skiptu viðbrögð þolanda miklu máli þegar litið var til þess hvort atvik væri rafrænt einelti eða ekki. Fram kom í báðum hópum að það færi að einhverju leyti eftir því hversu mikið þolendur tækju hlutina inn á sig. Eins og Lárus orðaði það „*Sumir taka það ekkert inn á sig þótt þeir séu að fá eitthvað sent til sín eða eitthvað svoleiðis, þeir taka þessu ekkert alvarlega...*” „...og þæla bara ekkert meira í þessu” bætti Jón við. Sama viðhorf kom fram í stelpnahópnum. Sirrý sagði „*oft tekur fólk þetta ekkert mikið inn á sig, tekur þessu bara sem gríni.*” Hrafnhildur benti hins vegar á það í framhaldi að mögulegt væri að þolandinn segði ekki frá því að atvikin hefðu áhrif á hann. Eins og hún orðaði þetta „*já eða bara lætur ekki vita að hann taki þetta inn á sig.*”

Talið barst að gerendum og hvaða mögulegu ástæður gerendur hefðu fyrir framkomu sinni. Nefndu þátttakendur atriði, svo sem vanlíðan, einmanaleika og/eða heimiliserfiðleika geranda. Einnig voru nefndar ástæður svo sem að gerandi legði annan í einelti til að byggja upp eigið sjálfstraust og/eða til þess að fá athygli frá öðrum. Í báðum hópum var nefnd sú ástæða að gerandi í rafrænu einelti væri jafnvel einhver sem hefði orðið fyrir einelti í raunveruleikanum og þetta væri hans leið til að hefna sín,

nafnlaust. Auður „það gæti alveg verið að... sko að þessi sem er polandinn hafi jafnvel einhvertíman lagt gerandann í einelti í raunveruleikanum.“

Hjá stelpunum var afbrýðisemi nefnd sem ástæða fyrir rafrænu einelti og jafnframt sú algengasta. Afbrýðisemi kom hins vegar ekki upp í umræðum hjá strákunum. Aðspurðar hvernig afbrýðisemi gæti verið ástæða fyrir rafrænu einelti útskýrðu Alma og Sirrý

Alma: Sko það er kannski stelpa sem er kannski ótrúlega sæt og svona, svo er önnur stelpa sem er geðveikt afbrýðisöm út í hana og dritar hana þess vegna niður þannig að hún missi sjálfstraustið.

Sirrý: Þú veist... þessi stelpa er til dæmis ótrúlega sæt með falleg augu, vinsæl og með flott hár. Kannski fer hún bara í taugarnar á þér... þú veist og maður hugsar kannski af hverju er ég ekki svona – þá hugsar maður kannski bara okey drullum yfir hana þannig að hún verði ekki jafn góð með sig.

Stelpurnar nefndu einnig ástæðuna „að vernda sjálfan sig“ sem mögulega ástæðu geranda í rafrænu einelti. Með því áttu þær við að í raun væri betra að taka þátt í rafrænu einelti sem gerandi heldur en mögulega að verða fyrir því.

Hrafnhildur: Já sko, svo það séu ekki allir að vera leiðinlegir við þig líka... heldur ef maður er bara með hinum í að gera þá er polandinn náttúrulega ekkert að fara gera neitt við þig.

Í báðum hópum var komið inn á að gerendur legðu stundum þolendur í rafrænt einelti til að hafa gaman af. Hjá strákunum sagði Axel „kannski bara leiðist gerandanum og langar að skemmta sér, hafa eitthvað til þess að hlæja af...“, „... já ég held að það sé alveg algengt“ bætti Jón við en aðrir í hópnum tóku undir. Skemmtanagildi sem ástæða rafræns eineltis kom einnig upp hjá stelpunum. Bættu þær hinsvegar við að, að þeirra mati gera gerendur sér sjaldan fyllilega grein fyrir afleiðingum gjörða sinna og enn síður þeir sem legðu aðra í rafrænt einelti til að hafa gaman.

Alma: Það eru ekki nærri því allir sem eru að gera sér grein fyrir afleiðingum þess að leggja einhvern í einelti á netinu, þótt það sé bara til að skemmta sér.

Umræðan beindist því að því hvort mögulegt, vegna þess að gerendur gera sér ekki grein fyrir afleiðingum, sé að rafrænt einelti gerist óvart að hálfu geranda. Svaraði Björk spurningunni „kannski stundum, en alls ekki alltaf... ég myndi segja að í flestum tilfellum sé þetta viljandi.“ Voru aðrar í hópnum því sammála.

4.2.4 Hópurinn

Að mati þátttakenda skiptir hópurinn töluverðu máli í rafrænu einelti. Töldu þannig flestir, bæði í stráka og stelpuhópnum, það að vera í hóp geti ýtt undir rafræna eineltishegðun.

Auður: Ömmm, sko maður fer frekar að gera þetta af því að það eru aðrir í kring að gera þetta, það er þess vegna oftast bara ekkert einn að þessu.

Alma: Ég held að maður myndi aldrei fara út í þetta ef maður hefði aldrei heyrt einhvern annan baktala þolandann. Maður myndi ekki eiga frumkvæðið af þessu ef maður hefði ekki heyrt að aðrir væru að gera þetta líka.

Það að vera í hópi dregur úr ábyrgð hvers og eins og gerir unglingum auðveldara að taka þátt í rafrænu einelti að mati þátttakanda. Í báðum hópum töluðu þátttakendur um að með því að vera í hópi dreifðist ábyrgðin á fleiri gerendur, sem að mati Ölmur minnkaði samviskubit og ábyrgðartilfinningu hjá hverjum og einum. Einnig gerði það að verkum að kæmist upp um málið gætu gerendur skýlt sér á bak við hvern annan og hópinn, eins og Jón sagði „þá er ekkert hægt að kenna bara einum um.“

Samhljómur var í báðum hópum um að rafrænt einelti væri oftast stundað í hóp. Það er að segja fleiri vita af því sem er í gangi á Internetinu og taka þátt í því. Benti Alma hinsvegar á að hópur á Internetinu er ekki nauðsynlega hópur í raunveruleikanum.

Alma: Ég held að það sé líka bara, að maður sér að það eru aðrir að þessu og þú veist... ég þoli þessa manneskju ekki heldur og slæst bara í hóp með þeim... hann er samt alltaf einn í tölvunni, þá er hann samt með öðrum í hóp.

Aðspurð hvort unglingar í dag, að mati þátttakenda, væru oftast einir í tölvunni eða með hóp í rafrænu einelti. Töldu strákarnir að strákar væru oftast einir. Stelpurnar sögðu það vera algengara að stelpur væru tvær til þrjár saman í hóp. Allir voru sammála því að vegna nafnleyndarinnar skipti hópurinn þó ekki jafn miklu máli og í hefðbundnu einelti.

4.2.5 Öryggisleysi

Rafrænt einelti fer ekki eftir sömu lögmálum og hefðbundið einelti. Í hefðbundnu einelti eru félagslega og líkamlega sterkir einstaklingar í góðum vinahóp oft tiltölulega óhultir fyrir einelti. Að mati þátttakenda á þetta ekki við um rafrænt einelti.

Auður: Það geta allir lent í þessu, þú getur aldrei verið örugg. Það er ekki þannig að þótt að þú eigir marga vini þá sértu ekkert að fara lenda í þessu, það er ekki þannig. Það geta allir lent í þessu.

Strákarnir ræddu einnig um öryggisleysi gagnvart rafrænu einelti. Áhersla þeirra beindist þó meira að líkamlegum einkennum fremur en félagslegum líkt og gerði hjá stelpunum

Aron: Það þarf ekkert að vera að gerandi í rafrænu einelti sé eitthvað sterkari heldur en þolandinn, æ þú veist eins og í venjulegu einelti... þess vegna geta allir verið þolandur og allir geta verið gerendur, það skiptir ekkert máli hvernig maður er í alvörunni.

Voru allir þátttakendur á sama máli um að rafrænt einelti einkenndist mikið til af öryggisleysi. Töldu bæði stelpurnar og strákarnir að lítið væri hægt að gera til að koma í veg fyrir það að lenda í rafrænu einelti. Eins og Alma benti á „*það þarf ekki meira til en að gerandanum sé illa við þig eða eitthvað*” en Hrafnhildur bætti við „*Sko, ef einhver er í vinsælum vínahóp og er alveg vinsæll getur hann samt alveg lent í rafrænu einelti... þar kemur afbrýðisemin inn.*”

4.3 Rafrænt einelti í daglegu lífi

Þegar þátttakendur voru spurðir að því hvort þeir hefðu orðið vitni að rafrænu einelti eða hefðu heyrt af tilvikum um rafrænt einelti, svöruðu flestir neitandi en voru samt hikandi í svari. Aðeins einn í strákahópnum sagðist sjá mikið af rafrænu einelti.

Það var lýsandi í báðum hópum, þó heldur meira í strákahópnum, að þátttakendur ræddu um rafrænt einelti sem fjarlægt fyrirbæri, eitthvað sem gerist aðeins fyrir aðra en ekki í eigin nærumhverfi. Eins og Stefán sagði „*maður þekkir engan beint*” og voru flestir í hópnum sammála honum.

Aron: Maður sér rafrænt einelti ekkert endilega beint hérna heldur miklu meira á til dæmis Youtube og eitthvað, bara þar sem maður sér fólk frá Ameríku eða eitthvað...þetta er sko alveg miklu verra í útlöndum en hér.

Við frekari umræður um rafrænt einelti í daglegu lífi kom fram að flestir höfðu séð og heyrt um rafrænt einelti sem snerti einhvern í vínahópnum eða í skólanum. Auður sagði frá atviki sem hún hafði orðið vitni af á Formspring nýlega. Þar fékk stelpa, sem hún þekkti, sent á síðuna sína mikið af neikvæðum og niðrandi athugasemdum. Í strákahópnum sagði Lárus frá atviki sem hann hafði nýlega séð á Facebook. Þar áttu allir að líka (*e.like*) við tiltekna síðu ef þeir hötuðu ákveðinn einstakling. Stefán sagði einnig

frá síðu sem hann hafði séð ekki fyrir svo löngu síðan, þar að sögn Stefáns áttu allir að „drulla yfir ákveðinn einstakling.“

Hjá strákunum beindist umræðan að rafrænu einelti sem hafði komið upp í skólanum tveimur árum áður. Stefán sagði „Það var dæmi hérna fyrir tveim árum, það var hommi hérna“ greip Aron fram í og sagði „úff það var rosalegt.“ Allir í hópnum vissu um hvaða tilvik var verið að ræða og tóku undir orð Arons um hversu alvarlegt það hefði verið. Aðspurðir hvernig rafræna eineltið hefði lýst sér í þessu tilviki sagði Jón „það var bara drullað alveg slatta yfir hann á Facebook og svoleiðis“ bætti Lárus við og sagði „það eru líka ekkert margir að setja mynd af sjálfum sér reykja gras á Facebook og eitthvað...“ Að mati flestra strákanna þóttu þeim því þessi tiltekni aðili hafa boðið upp á að verða þolandi rafræns eineltis að einhverju marki.

Talið barst að því hvort rafrænt einelti væri, að mati þátttakenda, algengt í dag. Voru allir strákarnir sammála um að rafrænt einelti hefði aukist töluvert síðastliðin ár. Stefán og Lárus töldu það hins vegar hvorki vera að minnka né aukast um þessar mundir. Í stelpuhópnum benti Hrafnhildur á að rafrænt einelti væri án efa algengara og alvarlegra en unglingar í dag gerðu sér grein fyrir og tóku aðrar í hópnum undir þá fullyrðingu.

Sirry: Já maður heldur að þetta séu kannski bara svona nokkur atvik, sem maður heyrir frá vinum sínum eða eitthvað. En það er örugglega mikið fleiri sem lenda í þessu en maður gerir sér grein fyrir.

Auður: Ég held að það séu líka krakkar sem eru að lenda í þessu en fatta það ekki sjálf, eða taka það ekki inn á sig eða svoleiðis... taka því bara sem gríni, allavega til að byrja með.

4.3.1 Rafrænt einelti í skólanum

Börn og unglingar í dag verja miklum tíma innan skólans. Í umræðu um skólann og rafrænt einelti kom fram að báðir skólar voru með virka eineltisáætlun og að hart væri tekið á öllu einelti sem upp kæmi. Voru flest allir þátttakendur því á sama máli um að hefðbundið einelti væri ekki vandamál í þeirra skóla. „Allavega ekki hér á efsta stigi“ sagði Lárus.

Auður: Af því það er búið að taka svo vel á þessum málum er eiginlega ekkert einelti hérna sem maður verður var við. Þess vegna finnst manni maður alveg vera öruggur gangvart því, eða svona yfirleitt...

Í stelpuhópnum kom fram að vegna þess hve hart væri tekið á hefðbundnu einelti í skólum, hefði rafrænt einelti aukist. Eins og Sirry sagði „vegna þess að það er tekið

svona mikið á hefðbundnu einelti, held ég að rafrænt einelti hafi orðið meira, af því að hitt var stoppað” tóku allar undir þetta. Bætti Auður einnig við „það vita allir hvað skólinn tekur hart á hefðbundnu einelti, en kannski vita þeir það ekki með rafrænt einelti og nota það því frekar.” Sambærilegt viðhorf kom fram hjá strákunum. Þar hafði Lárus orð á því „ég hef aldrei orðið vitni að einelti hérna í skólanum.” Aðspurður hvort þetta ætti einnig við um rafrænt einelti svaraði hann „Jújú, alveg af rafrænu bara ekki hefðbundnu” tóku Stefán, Aron og Axel undir með honum.

4.4 Strákar, stelpur og rafrænt einelti

Bæði strákarnir og stelpurnar í rannsókninni voru sammála um að mikill munur væri á kynjunum hvað varðar rafrænt einelti. Töldu þátttakendur að munurinn lægi helst í tíðni og ástæðum. Eins og Jón sagði: „Rafrænt einelti er meira svona stelpudæmi... það eru sko stelpurnar sem eru mest í þessu,” tóku allir strákarnir undir þessa fullyrðingu en Lárus bætti við „Stelpur eru líka töluvert verri í rafrænu einelti en strákar. Þær eru oft fleiri sem eru að ráðast á eina og þær ganga líka lengra en strákar myndu gera.” Voru stelpurnar sammála strákunum í því að rafrænt einelti væri eitthvað sem stelpur myndu frekar en strákar gera og lenda í.

Aðspurðar af hverju þær teldu þennan mun vera nefndu þær ástæður svo sem að strákar þyrðu meira, að strákar baktala ekki jafn mikið og bera sig ekki jafn mikið saman við hvor annan. Við þetta bætti Sírý „Strákar bara þora miklu meira að segja hluti face to face, oft svona hluti sem ég myndi aldrei þora að segja beint við einhvern”

Alma: Strákar eru bara ekkert jafn mikið að drulla yfir hvorn annan.... sko strákar segja miklu meira bara beint við hvorn annan. Ef þeim mislíkar eitthvað segja þeir það bara beint... þeir eru miklu hreinskilnari. Stelpur einhvern vegin þora ekkert alltaf að segja beint við aðra og þess vegna velja þær kannski frekar rafrænar leiðir.

Strákarnir í rannsókninni gerðu greinarmun á því af hverju strákar og stelpur grípa til rafræns eineltis. Að sögn Stefáns og Lárusar liggur munurinn helst í því að hjá strákum þurfa að koma upp stór mál, eins og Lárus sagði „að einhver reyni við kærustuna þína.” Stelpur hinsvegar, að mati strákanna, lenda í eða beita rafrænu einelti út af smáhlutum, rifrildum eða jafnvel af því einhver gerði eitthvað sem annari mislíkaði.

Axel: Sko strákar nota miklu frekar að tala bara við einstaklinginn og láta hann heyra það, eða nota líkamlegt ofbeldi. Stelpur nota miklu meira orð og eitthvað svoleiðis.

Stelpurnar voru sammála um að ástæður sem stelpur hefðu til rafræns eineltis væru oft mun minni og „ómerkilegri“ en hjá strákum.

Björk: Ég held að stelpur séu miklu meira að í veist, að tala um hversu ljót einhver er eða hvernig hún klæðir sig og eitthvað svoleiðis. Strákar segja bara meira þú ert ömurlegur í þessu... eitthvað svona meira.

Báðir hópar voru þannig sammála um að strákar grípa frekar til líkamlegs ofbeldis, hefðbundins eineltis og/eða að ræða hlutina beint við viðkomandi. Stelpur að mati þátttakenda, nota oft og frekar baktal og rafrænt einelti.

Hvað varðar kynjamun og ástæður fyrir rafrænu einelti voru flestar stelpurnar sammála um að aðalástæðan fyrir rafrænu einelti hjá stelpum væri afbrýðisemi. Einnig töldu þær að hjá stelpum þekktust frekar þolandi og gerandi og að gerandinn sé oftast, en hjá strákum, í sama vinalhóp og þolandinn. Þá töldu stelpurnar, stráka frekar leggja aðra í rafrænt einelti til þess eins að vera leiðinlegir við viðkomandi eða til að hafa gaman af. Strákarnir voru sammála mörgu því er kom fram hjá stelpunum, þó áherslur og orðalag hafi verið á annan veg.

Stefán: Stelpur, vinkonur ráðast kannski meira á einhverja stelpu sem heldur að hún sé hluti af vinalhópnum eða eitthvað svoleiðis. Þolandinn heldur þannig að gerendurnir séu vinkonur hennar í alvörunni. Strákar ráðast meira bara á einhvern sem er leiðinlegur eða hegðar sér öðruvísi eða eitthvað þannig.

Hrafnhildur taldi einnig að strákar, eins og hún sagði „*séu líka svolítið að sýna sig fyrir öðrum strákum með því að gera þetta.*“ Bætti Alma við „*já en þá held ég að þeir komi líka frekar fram undir nafni.*“ Aðspurðar hvort stelpurnar teldu að nafnleyndin væri mismunandi milli kynja svöruðu allar í stelpuhópnum því játandi. Björk sagði „*ég held að strákar myndu miklu frekar koma fram undir nafni heldur en stelpur.*“

Nafnleyndin gegnir stærra hlutverki en bara að fela auðkenni geranda að mati stelpnanna. Töldu stelpurnar í rannsókninni að það að leggja einhvern í einelti og koma fram undir nafni, gæti mögulega orðið til þess að aðstæður myndu snúast við og þær sjálfar yrðu fyrir einelti, hefðbundnu og rafrænu. Sírý og Alma töldu einnig að vera undir nafnleynd væri leið stelpna til að draga úr neikvæðum afleiðingum rafræns eineltis fyrir þolandann. Er það í ákveðinni mótsögn við það sem áður hafði fram komið í sambandi við nafnleynd og það því höfundur stelpurnar um að útskýra hvað þær ættu við.

Sirry: Stelpum finnst kannski eitthvað ógeðslega þirrandi og þú veist segja það við hana. En þær vilja kannski ekki vera það leiðinlegar að hún viti hver þær eru.... þannig að henni líði ógeðslega illa í kring um þær.

Að mati þátttakenda er töluverður kynjamunur þegar kemur að rafrænu einelti, tíðni þess og ástæðum. Að auki töldu stelpurnar vera mun á því hvernig kynin taka því að lenda í rafrænu einleiti. Auður sagði í þessu samhengi: „*Stelpur taka hlutina meira til sín og taka þeim líka miklu verr en strákar.*” Bætti Alma við „*strákar taka líka helling til sín en þeir sýna það ekki, það er bara ímynd stráka að fara ekkert að gráta.*”

4.5 Rafræn stríðni, rífrildi eða einelti?

Hvenær verður góðlátleg stríðni að einelti og hvenær þróast rífrildi út í einelti? Mörkin milli eineltis og stríðni í gegnum rafrænar leiðir eru töluvert óljós að mati viðmælanda. Nokkrar ástæður voru nefndar í þessu samhengi. Alma og Auður nefndu að talsmáti unglunga í dag er frábrugðinn því sem áður var. Sögðu stelpurnar talsmátann mótast af þeim fyrirmyndum sem unglingar hafa. Nefndi Alma sem dæmi lagatexta eftir Erp Eyvindarsson sem oft þykja mjög grófir en Auður nefndi einnig hvernig talsmáti í vinsælum unglíngamyndum hefur áhrif.

Alma: Fólk er farið að tala með svo miklu.... það er bara verið að segja tík, hommi, hálfviti við fólk en það er ekkert alvarlegt...eða þú veist bara, hættu þessu þú fokking þarna.... Sumir taka þetta kannski inn á sig, þó það sé bara venjulegur talsmáti hjá þeim sem er að segja þetta.

Allir þátttakendur, bæði stelpur og strákar gerðu sér grein fyrir því að slíkur talsmáti með rafrænum leiðum getur auðveldlega misskilist. Eins og Hrafnhildur orðaði það: „*á netinu heyrir maður ekkert hvernig einstaklingurinn er að meina hlutina.*” Þannig getur það sem á að vera fyndið eða sagt í gríni misskilist af móttakanda sem „*getur tekið því sem einelti*” bætti Sirry við. Þessi óvissa um meiningu orða getur því, að mati þátttakenda, skipt miklu um hvort þolandi túlki þau sem stríðni eða einelti.

Björk: Það getur alveg verið að þolandi taki því sem gerandinn sagði geðveikt inn á sig og segir þá eitthvað sem hinn verður líka sár yfir. Þá verður kannski svona stríð á milli þeirra.... sem getur síðan alveg orðið rafrænt einelti.

Sirry: Stundum er þetta kannski óvart. Kannski ætlaði gerandinn bara að gera eitthvað smá grín en svo hélt það óvart áfram. Svo fattar hann bara æææ... kannski tók hann þessu frekar illa og ekki eins og hann hélt að hann myndi taka því.“

Í strákahópnum líkt og hjá stelpunum töldu þátttakendur oft, þó ekki alltaf, að túlkun þolanda á skilaboðum og viðbrögð hans stjórnari því hvort litið sé á atvik sem rafræna stríðni eða rafrænt einelti. Eins og Lárus sagði „*það skiptir bara máli hvernig manneskjan tekur því, tekur hún þessu geðveikt alvarlega eða bara sem einhverju djóki.*” Stefán bætti hinsvegar við að eðli skilaboðanna skiptu alltaf máli. „*það skiptir alltaf máli hvort þetta sé eitthvað geðveikt alvarlegt, eða bara svona létt djók.*”

Aðspurðir að því hvernig stríðni á Internetinu væri frábrugðin einelti á Internetinu nefndu strákarnir fyrirbærið „*facerape.*” Í því felst að ef viðkomandi gleymir Facebookinu sínu opnu nýta vinirnir tækifærið og skrifa stöðuuppfærslu (*e.status*) sem getur verið fyndin, vandræðaleg og allt þar á milli.

Jón: Maður hefur alveg lent í því að vinur manns skilur Facebookið sitt eftir opið og þá er skrifað eitthvað á statusinn hans, svona *facerape.* Það er hins vegar ekkert illa meint.

Voru allir strákarnir hinsvegar sammála um að slíkt væri aðeins góðlátlegt grín og enginn af þeim myndu taka slíku sem rafrænu einelti.

Umræðan beindist því næst að rafrænu rifrildi og hvernig það væri frábrugðið rafrænu einelti. Báðir hópar voru sammála um að í rafrænu rifrildi hefðu báðir aðilar hefðu jafn mikið að segja og því væri ekki valdaójafnvægi í samskiptunum. Eins og Alma sagði „*rafrænt rifrildi er þegar þolandi svarar fullum hálsi.*” Við þetta bætti Sirrý „*einelti er hins vegar þegar þolandinn getur ekki og þorir ekki að svara fyrir sig*” og Hrafnhildur bætti enn við „*rifrildi er þegar hann... þú veist þegar hann ver sig.*”

Strákarnir, meira en stelpurnar, voru allir sammála um að rafrænt rifrildi væri mun algengara en rafrænt einelti, eins og Stefán sagði: „*maður hefur sko miklu oft séð rafrænt rifrildi.*” Aðspurðir í hverju munurinn væri fólginn svaraði Lárus:

Í rifrildi er kannski verið að rífast um eitthvað sem skiptir máli, til dæmis fótboltaleik eða eitthvað skilurðu.... rafrænt einelti þá er hins vegar verið að stríða eða eitthvað svona tilgangslaust, níðast á einum aðila.

Fram kom í báðum hópum að þátttakendur töldu að rafrænt rifrildi gæti oft orðið að rafrænu einelti. Gerist þetta að sögn þátttakenda þegar fleiri einstaklingar eru komnir inn í rifrildið, annar einstaklingurinn gengur of langt og/eða rifrildið er orðið persónulegt. Líkt og Jón sagði: „*þetta verður að rafrænu einelti þegar það er byrjað að ráðast á persónuna sjálfa en ekki eitthvað utanaðkomandi.*”

4.6 Að takast á við rafrænt einelti

Til að fá fram hvernig þátttakendur myndu bregðast við rafrænu einelti og hvernig þeim þætti rétt að takast á við það, voru þau beðin um að ímynda sér að þau væru þolendur rafræns eineltis og velta fyrir sér mögulegum viðbrögðum. Viðbrögð þeirra mátti greina í þrennt. Í fyrsta að gera ekki neitt og gleyma, í öðru lagi að loka síðum þar sem eineltið fer fram og í þriðja og síðasta lagi að segja frá.

Stefán og Alma ræddu um að besta leiðin til að takast á við rafrænt einelti, að þeirra mati, væri að loka síðum þar sem eineltið fer fram svo sem Facebook og Formspring. Þetta var jafnframt sú leið sem var fyrst nefnd í báðum hópum.

Alma: Eins og á Formspring ef þú ert að fá, eða ef það er verið að drita þig niður þá áttu bara að loka þessu... þannig getur þú döldið sjálfur stoppað þetta, maður getur þá bara tekið ákvörðun, okey ég loka þessu bara.

Stefán: Ég myndi bara byrja á því að loka Facebook síðunni minni, það væri náttúrulega bara langsniðugast.

Flestir þátttakendur bæði strákar og stelpur voru sammála um að svo lengi sem aðstæður væru ekki mjög alvarlegar myndu þau reyna að láta atvikin fram hjá sér fara, gera lítið úr þeim og reyna að gleyma. Eins og Alma sagði „*maður vill ekkert gera mikið mál úr svona hlutum, maður vill bara reyna gleyma svona hlutum eiginlega.*” Ein ástæða þess að þátttakendum þótti ákjósanlegt að láta atvikið/in fram hjá sér fara og reyna að gleyma var eins og Jón sagði „*það er hvort sem er ekkert hægt að gera í þessu, ekki þegar maður veit ekki hver gerandinn er.*”

Auður: Ég myndi bara reyna að gleyma þessu, þú veist ekki gera mikið mál úr því. Ef þetta væri eitthvað rosalega alvarlegt þá myndi ég kannski segja einhverjum.

Voru þátttakendur sammála um að kæmi til þess að aðstæður yrðu mjög alvarlegar og rafrænt einelti of yfirþyrmandi myndu þau segja einhverjum frá. Allir þátttakendur nema Aron sögðust fyrst myndu segja vinum frá en síðan foreldrum. Aðeins einn strákur nefndi að hann myndi jafnvel láta lögreglu og/eða barnaverndarnefnd vita. Taldi Alma að það færi mikið eftir sambandi unglinga við einhvern fullorðinn og gæðum þess, hvort að þau myndu segja frá rafrænu einelti.

Flestir sögðust myndu segja vinum frekar en foreldrum og á undan foreldrum frá rafrænu einelti. Átti þetta sérstaklega við um stelpurnar sem lögðu mikla áherslu á vinina. Eins og Björk sagði „*það er þægilegra að segja vinum sínum frá. Það getur verið*

erfitt að segja foreldrum frá svona... þú veist aldrei hvernig þau bregðast við." Flestir í báðum hópum voru sammála um að í mjög alvarlegum tilfellum myndu þau leita til foreldra sinna. Aðspurð hversu alvarleg atvik þyrftu að vera sagði Axel: „*Ef það væri farið að ganga alltof langt, til dæmis ef það væri alltaf verið að hóta manni með einhverju*” en bæði Stefán og Lárus tóku undir. Hjá stelpunum svaraði Auður: „*Ef það væri stanslaust og ef hann ætlaði að lemja mig og eitthvað þannig.... þá myndi ég segja foreldrum mínum frá því.*” Sírý og Alma voru hinsvegar sammála um að jafnvel þótt rafrænt einelti væri orðið svo alvarlegt myndu þær ekki segja foreldrum sínum frá því. Eins og Sírý sagði „*ég held að ég myndi ekki segja frá því samt...*” Alma: „*Ekki ég heldur, ég myndi segja vinkonum mínum frá því en ekki foreldrum mínum.*”

Ástæða þess að unglingar, að mati þátttakenda, segja ekki eða síður foreldrum sínum frá rafrænu einelti var óvissa um hvernig foreldrarnir myndu bregðast við og óttuðust þau að viðbrögð foreldra myndu aðeins gera ástandið verra og jafnvel auka á eineltið.

Alma: Ég myndi ekki vilja að það væri gert mál úr þessu þannig að foreldrar mínir myndu koma með þetta í skólann sko.... ég held að þá myndi maður bara lenda í meira einelti.

Björk: Það geta bara ekkert allir sagt foreldrum sínum frá svona hlutum. Sumir foreldrar myndu bara ekkert skilja en aðrir myndu kannski fara í sjökk og gera ógeðslega mikið mál úr þessu.

Umræðan beindist að því hvort og hverjum þau myndu segja frá rafrænu einelti innan skólans. Strákarnir voru allir á sama máli um að þeir myndu ekki segja neinum á vegum skólans nema ef þeir vissu hver gerandinn væri. Stefán: „*Sko ef maður vissi hver gerandinn væri og þetta væri innan skólans þá myndi maður alveg láta skólastjórnendur vita.*” Lárus bætti við orð Stefáns og sagði „*það er voða lítið hægt að gera hvort sem er ef gerandinn er undir nafnleynd.*”

Að sögn Ölmur og Auðar myndu þær ekki segja neinum innan skólans frá rafrænu einelti, nema einum kennara. Án þess að nafn kennarans hefði komið fram vissu allar stúlkunnar hvern var verið að tala um og voru því sammála. Aðspurðar hvað gerði þennan kennara sérstakan og af hverju þær myndu segja honum frá rafrænu einelti sögðu Sírý og Alma

Alma: Hún tekur bara svo vel á móti öllu, hún er bara svo æðisleg. Hún er einhvern veginn alveg inni unglingslífinu og viti alveg hvað er að gerast þar og hvernig það gerist.

Auður: sko þessi kennari... Það er bara einhvern veginn persónan sjálf. Hún skilur mann og það er stundum eins og hún sé unglíngur sjálf. Hún lætur mann alveg læra en hún leggur líka mikið upp úr því að hafa gaman, þannig maður bara einhvern veginn treystir henni.

4.6.1 Foreldrar og skóli

Foreldrar og skóli bera sameiginlegt hlutverk í að vernda börn og unglínga gegn hverskonar einelti. Talið barst að því hvaða hlutverk foreldrar hefðu í rafrænum eineltismálum, hvort sem börn þeirra hefðu stöðu þolanda eða geranda. Hjá strákunum sagði Stefán: „foreldrar verða að tala við börnin og útskýra fyrir þeim að rafrænt einelti sé alveg jafn slæmt og hefðbundið.“ Stelpurnar bentu á að foreldrar þyrftu að byrja á fræðslu gegn einelti, rafrænu og hefðbundnu meðan börnin væru enn ung. Eins og Hrafnhildur sagði „það þarf að taka á þessu strax á meðan börn eru ung, ekki bara þegar þau eru orðin unglíngar og kannski byrjuð að lenda í þessu.“

Hlutverk skólans, að mati þátttakenda, ætti að felast í því að ræða við gerendur og þolendur. Sinna fræðslu um rafrænt einelti til nemenda og foreldra. Einnig nefndu strákarnir það að skólinn ætti að ræða við foreldra þolanda og geranda, sé þess þörf. Var það eitthvað sem ekki kom fram hjá stelpunum. Vildi Axel að skólinn ætti að vera í samstarfi við lögreglu í alvarlegum eineltismálum.

Bæði stelpurnar og strákarnir í rannsókninni lögðu áherslu á að rafrænt einelti ætti heima inn í eineltisáætlunum í skólum.

Lárus: það ætti náttúrulega að hafa rafrænt einelti inn í eineltisáætlunum... já það á alveg að bæta því inn, því það er alveg jafn alvarlegt og hefðbundið.

Fram kom að þátttakendum þótti lítið vera rætt um rafrænt einelti í skólanum. Fannst öllum nauðsynlegt að vekja meiri athygli á rafrænu einelti og auka umræðu um það, líkt og Alma sagði „það er búið að reyna að kenna manni eitthvað og það er líka búið að loka á einhverjar síður, en það er ekki búið að ræða þetta eins mikið og hefðbundið einelti.“ Sírý bætti við „það þarf að fara ræða rafrænt einelti meira, alveg jafn mikið og hefðbundið... af því þetta er svo nýtt þá vita krakkar ekkert alveg um þetta en þetta er alveg jafn alvarlegt.“

4.6.2 Lausnir

Það voru ekki margar lausnir við rafrænu einelti sem komu upp í huga þátttakenda er þau voru spurð. Voru allir, stelpur og strákar, sammála um hversu vandmeðfarið og erfitt væri að takast á við rafrænt einelti. Eins og Alma sagði „það er bara svo ótrúlega erfitt að takast á við þetta, það er svo erfitt að gera eitthvað í þessu.“ Hjá strákunum sagði Jón: „*Það er ekki til nein lausn held ég.*“

Í strákahópnum kom upp sú hugmynd að hægt væri að taka tölvuna af gerandanum og/eða setja hann í tölvustraff. Eftir nokkrar umræður um hagnýtni tölvustraffs sem lausn í rafrænu einelti benti Stefán á að, að öllum líkindum myndi gerandi taka upp fyrri hætti um leið og hann fengi aðgang að tölvu á ný. Því væri tölvustraff ekki skilvirk leið til að takast á við rafrænt einelti og tóku aðrir í hópnum undir með honum.

Í báðum hópum var rætt um mikilvægi fræðslu og forvarna í baráttunni við rafrænt einelti. Bentu Lárus og Jón hinsvegar á að misjafnt er hvað unglingar „*nenna*“ að hlusta á slíkt og því er ekki víst að fræðsla beri þann árangur sem vonast er eftir. Stelpurnar voru jákvæðari í garð fræðslu gegn rafrænu einelti. Alma benti þó á að vandamálið við fræðslu um rafrænt einelti sé að lítil reynsla er komin á það og því geti verið erfitt fyrir fullorðna að ætla að fræða unglinga um skaðsemi og afleiðingar rafræns eineltis. Sírý: „*Fullorðnir skilja þetta ekkert alveg*“ og bætti Auður við „*Krakkar sem hafa lent í þessu eru bara unglingar ennþá og þeir eru ekkert að fara segja frá reynslunni sinni.... ekki strax.*“

Vildu stelpurnar í rannsókninni meina að besta leiðin til að vinna á móti rafrænu einelti væri að ræða við geranda og útskýra fyrir honum þann skaða sem hegðun hans hafi valdið eða gæti valdið.

Alma: Það ætti bara, að reyna eftir bestu getu að láta geranda gera sér grein fyrir því hvað hann hefur gert og láta honum líða illa yfir því... og svo bara ekkert meir.

Auður: Þú veist, láta hann fá samviskubit yfir því sem hann hefur gert. Þannig getur hann kannski skilið hvernig gerandanum líður.

Engum af þátttakendum þótti rétt að refsastaklega fyrir rafrænt einelti. Jón sagði hinsvegar, þvert á aðra í hópnum „*það væri bara fínt ef það væri hægt að refsa fyrir rafrænt einelti.*“ Bætti Lárus við „*það er samt bara rosalega erfitt að ætla að refsa fyrir rafrænt einelti... hverjum ætti að refsa, kannski veit enginn hver gerandinn er*“

5. Umræður og lokaorð

Rannsókn þessi miðaði að því að varpa ljósi á hugarheim unglunga varðandi rafrænt einelti. Í þessum kafla verða niðurstöður dregnar saman og tengdar við fræðilega þekkingu. Þá verður leitast við að svara þeim rannsóknarspurningum sem lagt var upp með. Í lokaorðum verður gerð grein fyrir vangaveltum höfundar og dreginn verður saman helsti lærdómur er draga má af rannsókninni. Í lok kaflans verða dregnar upp nokkrar hugmyndir að mögulegum framtíðarrannsóknum um rafrænt einelti.

5.1 Umræða um niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa nokkuð góða mynd af því viðhorfi sem unglingarnir í rannsókninni hafa til rafræns eineltis. Það viðhorf og sú reynsla sem þátttakendur lýstu voru um margt sambærilegar við það sem áður hefur komið fram í rannsóknum um rafrænt einelti. Helstu niðurstöður sem voru; hverjar boðleiðir rafræns eineltis eru, hversu stóru hlutverki nafnleyndin gegnir í rafrænu einelti og hversu mikil þörf virðist vera á aukinni fræðslu til unglunga um rafrænt einelti. Þá kom einnig fram að viðhorf unglunganna til rafræns eineltis einkenndist af ákveðnu skilningsleysi og úrræðaleysi. Kom fram áberandi kynjamunur hjá unglingunum varðandi hegðun kynjanna í rafrænu einelti og ástæðum fyrir því.

Boðleiðir

Algengi og tíðni eineltis á rafrænum miðlum virðist fara eftir því, að einhverju leyti, hversu mikla stjórn unglingar hafa á samskiptum. Fram kom hjá viðmælendum í rannsókninni að vefurinn Formspring.me er einn helsti vettvangur rafræns eineltis í dag en einnig eru nafnlaus SMS smáskilaboð algeng í rafrænu einelti. Eins sögðu unglingarnir að rafrænt einelti væri inn á Facebook en hins vegar í minna mæli en á tveimur fyrrnefndu stöðunum. Athygli vekur að á þeim stöðum sem unglingarnir töldu mest rafrænt einelti vera, Formspring og SMS, er nafnleynd og ekki þarf að samþykkja hver hefur aðgang að viðkomandi síðu eða símanúmeri. Því getur hver sem er sent viðkomandi óviðeigandi skilaboð eftir þessum leiðum. Á Facebook þarf að samþykkja vinabeiðnir og eigandi síðu hefur stjórn á því hver getur haft samband við sig. Facebook gefur ekki kost á því að gerandi sé nafnlaus, þó hann geti búið sér til gervinafn (*e.nick*). Svo virðist vera að í þeim tilvikum þar sem rafrænt einelti fer fram á Formspring eða með SMS, sé gerandi oftast einn að verki. Virðist nafnleyndin skipta máli í þessu

samhengi. Á Facebook þar sem gerendur þurfa að koma fram undir nafni virðist fjöldinn/hópurinn skipta meira máli.

Áhugvert er að samkvæmt rannsókn Wade og Beran (2011) er algengast að rafrænt einelti fari fram á spjallrásum (MSN), spjallborðum og samfélagssíðum. Eins hafa sumar rannsóknir nefnt tölvupósta (Patchini og Hinduja, 2006). Það er ekki í samræmi við veruleika unglíngana í rannsókninni. Getur mögulegur munur stafað af síauknum vinsældum samskiptavefjarins Facebook.

Viðhorf og þekking unglíngna á rafrænu einelti

Niðurstöður bentu til þess að unglíngarnir þekktu mjög vel til hefðbundins eineltis og afleiðinga þess. Kom fram að í báðum skólum er unnið eftir eineltisáætlunum og voru viðmælendur sammála um að þau yrðu mjög lítið vör við hefðbundið einelti í skólanum. Af því má draga þá ályktun að eineltisáætlanir og fræðsla um hefðbundið einelti beri árangur. Fram kom að unglíngarnir í rannsókninni töldu að vegna þess hve hart hefur verið tekið á hefðbundnu einelti hafi einelti í gegnum rafrænar leiðir aukist. Sem, að mati unglíngana, er síður sýnilegt fullorðnum. Vakti athygli í þessu samhengi að þó unglíngarnir segðust sjá lítið af hefðbundnu einelti sögðust flestir, bæði strákar og stelpurnar, reglulega sjá rafrænt einelti.

Í viðtölunum kom fram ákveðið skilningsleysi unglíngana á séreinkennum rafræns eineltis. Birtist þetta í því að unglíngarnir töluðu gjarnan um rafrænt einelti líkt og um hefðbundið einelti væri að ræða. Til dæmis virtust unglíngarnir ekki gera sér grein fyrir því hvernig endurtekning í rafrænu einelti birtist. Gerðu strákar sér ekki grein fyrir því að endurtekning verður til þegar sama efni er skoðað af mörgum á Internetinu og gerði hvorugur hópurinn sér grein fyrir því að endurtekning er ekki aðeins þegar efni er skoðað oft heldur hversu hratt og til margra það dreifist. Niðurstaða þessi er í samræmi við niðurstöður Vandebosch og Cleemput (2009) og Sourander o.fl. (2010) sem komust að því að unglíngar gera sér ekki grein fyrir stærð mögulegs áhorfendahóps og hraða Internetsins. Er þetta vísbending um að frekari fræðsla um séreinkenni rafræns eineltis sé þörf meðal unglíngna.

Fram kom í rannsókn Media Awareness Network (2004) að unglíngar eru almennt á móti einelti. Hinsvegar gera þau sér ekki alltaf grein fyrir því ef þau eru sjálf þátttakendur í rafrænu einelti eða verða vitni að því. Kom þetta einnig fram í rannsókn þessari. Það er að segja, að í byrjun viðtala virtust unglíngarnir í rannsókninni ekki gera

sér fyllilega grein fyrir því hvað rafrænt einelti er og áttu erfitt með að skilgreina það. Er leið á viðtölin, þroskaðist og breyttist umræðan og vakti það athygli höfundar að fleiri fóru að tengja við, segja frá og skilgreina atvik sem þeir hefðu orðið vitni af sem rafrænt einelti. Hér kemur fram aukin þörf á fræðslu um skilgreiningu rafræns eineltis.

Það vakti athygli að unglíngarnir í rannsókninni voru sammála um að rafrænt rífrildi og rafræn stríðni væru mun algengari en rafrænt einelti. Til dæmis sögðust strákarnir oftast sjá rafrænt rífrildi heldur en rafrænt einelti. Greinilegt var að mörkin á milli rafrænnar stríðni/rífrildis eða rafræns eineltis voru óljós. Ástæður þessa að mati unglíngana, voru meðal annars málfar unglínga í dag. Sögðu unglíngarnir það að kalla hvort annað „*tík, hommi, filf eða hálfviti*“ ekki vera illa meint en að slíkur sé raunverulegur talsmáti unglínga í dag. Samræmist þetta rannsókn Vendeboš og Cleemput (2008) um að talsmáti unglínga og viðbrögð þess er tekur á móti skilboðum skipti máli þegar litið er til þess hvort atvik sé álitid stríðni eða einelti.

Einnig kom fram og einkenndi gjarnan umræðuna um rafrænt einelti að viðbrögð þolanda skiptu miklu máli. Það er að segja hvort þolandi taki skilaboðum alvarlega eða sem gríni. Með þessu virtust unglíngarnir taka ábyrgðina af geranda og setja yfir á þolanda. Kom það aftur fram í því, að mörgum þóttu þolendur bjóða upp á að lenda í rafrænu einelti með einhverju sem þeir gerðu, eða með því að vera á síðum líkt og Formspring eða Facebook. Ber þetta ákveðið merki þess að unglíngarnir eigi erfitt með að setja sig í spor annarra, spor þess sem tekur við niðrandi og særandi skilaboðum. Má segja að það sé í samræmi við hugrænar þroskakennningar þar sem unglíngar hafa enn ekki fullþroskaða tilfinningagreind, getuna til að skilja afleiðingar eða taka ákvarðanir byggðar á dómgreind og rökfærslu (Álfheiður Steinhórsdóttir og Guðfinna Eydal, 2010).

Áhugavert var að sjá hvernig umræðan um hópinn birtist hjá unglíngunum í rannsókninni. Að mati unglínganna dreifir það ábyrgðinni að vera í hóp í rafrænu einelti og minnkar samviskubit hjá hverjum og einum. Því virðast unglíngarnir ekki skilja til fullnustu ábyrgð hvers og eins geranda í rafrænu einelti. Einnig kom fram að unglíngarnir töldu unglínga í dag taka þátt í rafrænu einelti vegna þess þeir sjá aðra gera það. Veltir höfundur fyrir sér hvort hér sé um að ræða mikilvægi vinanna, að falla inn í hópinn og taka þátt eins og kemur fram í kenningum Erikson um unglíngsárin. Annað sem vakti athygli var að unglíngarnir virtust ekki hafa jafn mikinn skilning á afleiðingum fyrir þolanda í rafrænu einelti og í hefðbundnu einelti. Allir unglíngarnir voru sammála

um að hefðbundið einelti væri ólíðandi og að þau myndu ekki taka þátt í slíku, þrátt fyrir að aðrir gerðu það. Hér virðist því skorta fræðslu um afleiðingar rafræns eineltis og ábyrgð geranda.

Samkvæmt unglíngunum í rannsókninni geta allir lent í rafrænu einelti og allir geta beitt rafrænu einelti, hvort sem einstaklingur er hluti af vinsælum félagahópi eða ekki. Í rafrænu einelti felist töluvert öryggisleysi, eins og unglíngarnir lýstu sjálfir skiptir ekki máli hver félagsleg staða einstaklings er, það eru allir mögulegir þolendur rafræns eineltis. Er þetta í samræmi við það sem kom fram í rannsókn Vandebosch og Cleemput (2008).

Nafnleyndin og áhrif hennar

Fram kom að nafnleyndin er einn stærsti áhrifaþátturinn í rafrænu einelti. Kemur þetta ekki á óvart miðað við fyrri þekkingu og rannsóknir (Mishna, o.fl., 2009; Tokunaga, 2010).

Athygli vekur að viðmælendur í rannsókninni töldu nafnleyndina vera eina helstu ástæðu þess að unglíngar taki þátt í og lendi í rafrænu einelti. Það veldur áhyggjum að unglíngar telji sig geta sagt hvað sem er á Internetinu undir nafnleynd og með því ekki tekið ábyrgð á orðum sínum. Fram kom hjá stelpunum að í rafrænu einelti þora unglíngar að segja hluti sem þeir myndu ekki gera í raunveruleikanum.

Í rannsókn Kiriakidis og Kavorua (2010) kom fram að vegna nafnleyndar geta afleiðingar rafræns eineltis oft verið verri en í hefðbundnu einelti. Kom þetta viðhorf einnig fram hjá unglíngunum í rannsókninni. Orsök þessa virðist vera óvissa þolandans um hver gerandi sé, hvort það sé aðeins einn aðili, allur skólinn eða jafnvel besti vinurinn. Af þessari óvissu verður til óöryggi og mikill ótti. Þá kom fram í rannsókn Price og Dalgeish (2010) að ótti er mjög algeng afleiðing rafræns eineltis og að óttinn er ekki aðeins bundinn við skóla eða frístundir heldur er hann stöðugur. Eins töldu viðmælendur að óttinn væri verstur, hann ylli tortryggni í garð vana og yrði til þess að þolandi einangraði sig.

Kynjamunur í rafrænu einelti

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að töluverður munur er á milli kynja í rafrænu einelti. Kom það sérstaklega fram í því hversu nákvæmar stelpurnar voru í svörum og hversu miklu meira þær virtust hafa velt fyrir sér málefnum um rafrænt einelti,

samanborið við strákana. Eins kom fram, að í báðum hópum töldu unglingarnir rafrænt einelti vera eitthvað sem stelpur gera frekar og lenda í. Er þetta í takt við erlendar niðurstöður um kynjamun í rafrænu einelti (Kowalski o.fl., 2008; Bauman, 2010). Þá kom fram í rannsókninni að unglingarnir töldu rafrænt einelti yfirleitt haldast innan kynja, það er að segja að stelpur leggja stelpur í rafrænt einelti. Kom það sama fram í niðurstöðum Heiðu Kristínar Harðardóttur og Krístrúnar Birgisdóttur (2009). Það sama kom fram í þessari rannsókn og vekur vissulega áhuga að bæði kynin telja mismunandi ástæður vera fyrir því að unglingar grípi til rafræns eineltis. Strákarnir í rannsókninni töldu að strákar myndu aðeins nota rafrænt einelti í stórum málum, eins og þeir sögðu „*hlutir sem skipta máli*“. Töldu þeir hinsvegar stelpur nota rafrænt einelti vegna minniháttar mála. Fram kom hjá stelpunum að stór ástæða rafræns eineltis meðal stúlkna væri afbrýðisemi og að stelpur notuðu rafrænt einelti til að gera lítið úr og minnka sjálfstraust þolanda sem oft er jafningi geranda eða jafnvel vinkona. Vert er því að hafa í huga hvort að við mótun úrræða og fræðslu um rafrænt einelti þurfi að taka mið af þeim kynjamun sem virðist vera í rafrænu einelti.

Viðbrögð við rafrænu einelti og úrræði

Það var sláandi, en samræmdist jafnframt fyrri rannsóknnum, að viðbrögð unglinganna einkenndust af skilningsleysi á rafrænu einelti og tilfinningu um úrræðaleysi vegna nafnleyndar. Fram kom í báðum hópum að fyrstu viðbrögð væru að eyða skilaboðum, loka síðum á borð við Formspring og Facebook og reyna að hundska og gleyma. Það skiptir hins vegar máli í rafrænu einelti, sem unglingarnir gerðu sér ekki grein fyrir, að þótt þau slökkvi á Internetinu eða GSM símanum getur gerandi haldið áfram að senda efni um þolanda á Internetið sem aðrir hafa frjálstan aðgang að, eða haldið áfram að senda SMS sem birtast þegar þolandi kveikir á símanum á ný.

Samkvæmt rannsóknnum ber mestan árangur að ræða við fullorðinn einstakling um rafrænt einelti, komi það upp (Hinduja og Patchini, 2007; Price og Dalgeish, 2010; Bauman, 2010). Það vekur því töluverðar áhyggjur að síðasta úrræði sem unglingarnir í rannsókninni sögðust grípa til, sérstaklega á meðal stelpanna, væri að ræða við fullorðna, foreldra og/eða skólayfirvöld um rafrænt einelti. Hér er mikilvægt að velta upp hlutverki og stöðu fullorðinna. Eins og ein stúlkan sagði fer það eftir sambandi og gæðum þess hvort unglingar í dag ræði við fullorðna um eineltismál. Ítrekar þetta mikilvægi þess að foreldrar byggji upp samband grundvallað á trausti og virðingu við

börn sín meðan þau eru enn ung svo að þau leiti frekar til þeirra með vandamál sem upp kunna að koma á unglingsárum. Er þetta í samræmi við kenningu Erikson um unglingsárin og einnig kemur þetta fram í skrifum Sóleyjar S. Bender (2001).

Mikilvægt er að ræða ástæður þess að unglingarnir kysu að segja ekki frá ef þau myndu lenda í rafrænu einelti. Fram kom að unglingarnir óttuðust skilningsleysi fullorðinna og voru hrædd um að ef þau segðu frá myndi hinn fullorðni bregðast of harkalega við og þannig gera meira úr eineltinu og jafnvel auka á það. Töldu viðmælendur því betra að ræða málin við vini og fá þaðan félagslegan stuðning. Er þetta sambærilegt við það sem fram hefur komið í erlendum rannsóknum (Parris o.fl., 2010; Kiriakidis og Kavorua, 2010; Li, 2010b). Einnig hér kemur í ljós skortur á fræðslu um rafrænt einelti og hvernig beri að bregðast við því.

Annars einkenndust viðbrögð, eða ímynduð viðbrögð viðmælanda við rafrænu einelti, af úrræðaleyfi vegna nafnleyndarinnar. Eins og einn í strákahópnum sagði „*það er hvort sem er ekkert hægt að gera í þessu.*“ Að þessu sögðu má velja því upp hvort unglingar geri sér grein fyrir því að yfirleitt er hægt að rekja sendingar og grípa til aðgerða. Ítrekar þetta enn fremur mikilvægi fræðslu um rafrænt einelti.

5.2 Samantekt

Í byrjun var lagt upp með spurninguna „*hver er sýn unglinga í níunda og tíunda bekk á rafrænt einelti?*“ Undirspurningar voru: Hverjar eru ástæður og afleiðingar rafræns eineltis að mati unglinga? Hvert er sjónarmið stráka og stelpna á rafrænt einelti?

Að lokum hvernig er hægt að takast á við rafrænt einelti að mati unglinga?

Þegar litið er til fyrstu spurningarinnar kemur í ljós að unglingarnir virtust lítið hafa velt því fyrir sér hvað rafrænt einelti er og að skilningur þeirra á eðli rafræns eineltis er takmarkaður. Má hér nefna skilningsleysi varðandi endurtekningu, hversu hratt efni berst á Internetinu og hve unglíngunum þótti erfitt að skilgreina einstaka atvik sem rafrænt einelti. Voru flestir unglíngarnir í rannsókninni sammála um að þótt að þau sæju ekki mikið rafrænt einelti væri meira um það en unglíngar í dag gerðu sér grein fyrir.

Þegar skoðaðar eru hverjar afleiðingar og ástæður rafræns eineltis eru að mati unglínganna, kemur fram að viðmælendur voru sammála um að afleiðingar af rafrænu einelti eru oft verri en í hefðbundnu einelti og var það sérstaklega tengt við nafnleynd og úrræðaleyfi. Afleiðingar sem nefndar voru, voru til dæmis ótti, hræðsla, óröryggi,

einangrun og almenn vanlíðan. Hvað varðar ástæður rafræns eineltis voru nefndir þættir sem samræmdust þeirri fræðslu sem hefur verið um hefðbundið einelti líkt og að gerendum líði illa, eru sjálfir þolendur eineltis eða glíma við aðra erfiðleika. Hér kom fram ákveðin yfirfærsla fræðslu um hefðbundið einelti yfir á rafrænt einelti og bar þess vott að þátttakendur hefðu ekki velt þessu mikið fyrir sér áður.

Önnur undirspurningin lýtur að kynjamun í rafrænu einelti. Óhætt er að segja að töluverður kynjamunur hafi komið fram hjá viðmælendum í rannsókninni. Bæði endurspegladist kynjamunurinn í því hvernig unglingarnir, stelpurnar og strákar, ræddu um rafrænt einelti og líka í mismun á ástæðum rafræns eineltis. Bar þar helst að stelpurnar nefndu ítrekað ástæðuna afbrýðisemi en afbrýðisemi kom ekki upp hjá strákunum. Einnig voru báðir hópar, eins og áður kom fram, sammála um að rafrænt einelti væri meira á meðal stúlkna.

Síðustu spurningunni sem lagt var upp með var ætlað að skoða hvernig unglingarnir í rannsókninni myndu bregðast við rafrænu einelti og hver úrræði við rafrænu einelti væru í þeirra huga. Fram kom að viðbrögð einkennast af úrræðaleyfi og mistúlkun þess að hægt sé að stoppa rafrænt einelti með því að eyða skilaboðum og loka síðum, þó það sé vissulega líklegt til að minnka umfang þess. Í samhengi við þessa síðustu spurningu kom fram mikilvægt atriði og jafnframt það sem þarf að athuga nánar. Sögðust unglingarnir helst ekki leita til fullorðinna, foreldra og skóla ef upp kemur rafrænt einelti. Vekur það tölverðar áhyggjur og tilefni til að ætla að meiri fræðslu sé þörf um nauðsyn þess að segja frá rafrænu einelti.

5.3 Lokaorð

Líkt og fram hefur komið eru unglingsárin viðkvæmur tími, þegar sjálfsmýnd einstaklinga bæði breytist og þroskast, hugrænt, tilfinningalega og félagslega. Unglingurinn fer í auknum mæli að líta til félagahópsins eftir ráðum, viðurkenningu og félagslegu samþykki. Að verða fyrir aðkasti, einelti hefðbundnu og rafrænu, getur haft mikil áhrif á þetta þroskaskið í lífi hvers einstaklings og haft langvarandi afleiðingar.

Á tímum stöðugar tæknipróunar hefur einelti í auknum mæli færst frá skólanum, skólalóðinni og stöðum þar sem börn og unglingar hittast í frístundum, yfir á rafræna miðla svo sem Formspring, Facebook og SMS. Svo virðist sem fræðsla og umræða um rafrænt einelti sé töluvert á eftir fræðslu og umræðu um hefðbundið einelti, ásamt því

að úrræði við rafrænu einelti virðast vera fá. Af bæði fræðilegri umfjöllun og niðurstöðum þessarar rannsóknar er ljóst að töluverð vinna er framundan við að skapa samfélagslega meðvitund um rafrænt einelti og þá ógn sem af því stafar. Einnig þarf að auka meðvitund um rafrænt einelti og afleiðingar þess meðal unglunga, foreldra, kennara og innan skólans. Til að gera þetta þarf fræðslu. Fræðslu um rafrænt einelti, afleiðingar þess og einkenni. Ekki síst þarf fullorðið fólk, sem ekki ólst upp með tækninni á sama hátt og unglingar í dag hafa gert, að fá fræðslu um hana. Með aukinni fræðslu er hægt að stuðla að öruggri Internetnotkun barna og unglunga og réttum viðbrögðum þegar upp kemur rafrænt einelti.

5.3.1 Helsti lærdómur og framtíðarrannsóknir

Helsti lærdómur sem draga má af þessari rannsókn er að auka þarf fræðslu um rafrænt einelti. Kom þetta ítrekað fram í niðurstöðum rannsóknarinnar. Einnig kom fram hversu mikill áhrifaþáttur nafnleyndin í rafrænu einelti er.

Rannsóknin er ein af fáum sem gerðar hafa verið um rafrænt einelti á Íslandi. Gefur hún nokkra hugmynd um viðhorf nokkurra unglunga til rafræns eineltis. Er þó mörgum spurningum ósvarað, spurningum sem gætu verið áhugavert rannsóknarefni í framtíðinni, til dæmis:

- Hvert er raunverulegt umfang og tíðni rafræns eineltis.
- Áhugavert gæti verið að skoða rafrænt einelti sem fer fram á meðal fullorðinna til dæmis á bloggsíðum.
- Að skoða hvernig minnka megi áhrif nafnleyndar í rafrænu einelti. Jafnvel hvernig megi koma í veg fyrir að gerendur geti verið undir nafnleynd, til dæmis með rafrænum skilríkjum.
- Hvernig má finna aðgerðum gegn rafrænu einelti stað inn í eineltisáætlunum grunn- og framhaldskóla.

5.3.2 Vangaveltur höfundar

Líkt og var tekið fram í inngangi var markmið ritgerðarinnar ekki að fjalla um félags- og skólafélagsráðgjöf sérstaklega. Hinsvegar, eins og fram hefur komið, er rafrænt einelti ekki einstaklingsvandamál heldur fjölskyldu- og samfélagslegt vandamál og tengist því starfsvettvangi félagsráðgjafa, innan og utan skóla.

Hefur höfundur meðan á skrifum hefur staðið velt fyrir sér mikilvægi þess að allar fagstéttir vinni saman þegar kemur að eineltismálum og að sérþekking hvorrar fagstéttar fái að njóta sín. Veltir höfundur því upp mikilvægi þess að kennarar og/eða náms –og starfsráðgjafar innan skóla, sem oft fá upp í hendurnar eineltismál, vísi málunum áfram til skólafélagsráðgjafa eða félagsráðgjafa hjá félagsþjónustu. Má í því sambandi benda á að samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga veita félagsráðgjafar persónulega ráðgjöf og félagslegan stuðning við fjölskyldur, stuðning og ráðgjöf sem getur verið nauðsynlegur í erfiðum eineltismálum.

Rafrænt einelti er vandamál sem þarfnast sérstakra viðbragða og úrræða. Að mati höfundar, og samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar, er aukin fræðsla um rafrænt einelti nauðsynleg og tímabær. Fræðsla um rafrænt einelti myndi bæði gegna hlutverki forvarna og til að vekja vitund samfélagsins um alvarleika rafræns eineltis. Að mati höfundar er það samfélagsleg ábyrgð allra þeirra er vinna með börnum og unglingum að sinna slíkri fræðslu. Helsta áherslan í fræðslu um rafrænt einelti þyrfti að snúa að eðli og séreinkennum rafræns eineltis, svo sem nafnleynd og endurtekningu. Einnig er mikilvægt að fræða unglinga um að í flestum tilvikum er hægt að komast að því hver gerandi í rafrænu einelti er og því sé mikilvægt að segja frá. Samhliða þessu þarf að hafa í huga að miðla alvarleika rafræns eineltis og upplýsingum um mögulega skaðabótaskyldu.

Að mati höfundar er mikilvægi þess að setja rafrænt einelti inn í eineltisáætlanir grunnskóla ótvírætt. Samkvæmt því sem áður kom fram bera eineltisáætlanir árangur og hefur, að mati unglíngana, dregið úr hefðbundnu einelti.

Við vinnslu verkefnisins hafa ýmis siðferðileg álitamál farið í gegnum huga höfundar. Til dæmis vakti athygli höfundar hversu erfitt unglingunum þótti að setja sig í spor annarra, til dæmis þolanda í rafrænum eineltismálum. Einnig kom fram að unglingarnir töldu að nafnleynd í rafrænu einelti gerði það að verkum að unglingar telja sig geta sagt hvað sem er á Internetinu, án þess að þurfa að taka ábyrgð á gjörðum sínum. Veltir

höfundur hér upp spurningunni um skilning unglunga á réttu og röngu og hvaða ábyrgð foreldrar, samfélagið og jafnvel fjölmiðlar beraí að vinna með og þroska siðferðiskennd unglunganna.

Markmiðið með rannsókninni var að varpa ljósi á hugarheim unglunga varðandi rafrænt einelti. Telur höfundur að niðurstöður þessarar rannsóknar nái því markmiði ágætlega. Hinsvegar hefur þessi rannsókn eins og flestar einhverja annmarka. Kemur fyrst upp í huga reynsluleysi höfundar. Má þar nefna að við afritun gagna varð höfundur var við nokkrar athugasemdir þátttakanda, úr viðtölunum, sem hann hefði gjarnan viljað fylgja betur eftir til að öðlast dýpri skilning á efninu. Einnig veltir höfundur fyrir sér hvort úrtaksaðferð hafi mögulega skekkst niðurstöður. Það er að segja, þar sem stelpurnar höfðu meiri innbyrðis tengsl virtist vera auðveldara fyrir þær að tjá sig í hóp. Í strákahópnum, þar sem minni innbyrðis tengsl voru, virtust þátttakendur eiga erfiðara með að tjá sig. Veltir höfundur fyrir sér hvort frekari eða önnur þekking hefði fengist ef valið hefði verið í hópa eftir öðrum leiðum.

Það er von mín að þessi ritgerð eigi eftir að skila aukinni þekkingu um rafrænt einelti og að sú þekking megi verða til þess að vekja fullorðna, börn og unglunga til meðvitundar um alvarleika rafræns eineltis.

Heimildaskrá

- Acitelli, L. K. og Young, A. M. (1996). Gender and Thought in relationships. Í Fletcher, A. J. og Fitness, J. (ritstjórar), *Knowledge structures in close relationships: A social psychological approach* (bls. 147-168). England: Lawrence Erlbaum Associates.
- Almenn hegningarlög nr. 19/1940.
- Anna Margrét Sigurðardóttir. (2005, nóvember). *Einelti og netið*. Sótt 15. September 2011 af <http://saft.is/greinarogskyrslur/>
- Anna Margrét Sigurðardóttir. (2006). Börnin og tæknin – þekkjum veröld þeirra [rafræn útgáfa]. *Uppeldi*, 19(1), 64.
- Atlantic City Schools. (e.d.). *Bullies to Buddies: Four Types of Cyberbullies*. Sótt 21. september 2011 af <http://www.starw.org/b2b/4TypesofCyberbullies.htm>
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (2010). *Sálfræði einkalífsins: Lærðu á lífið* (2.útgáfa). Reykjavík: Sögur útgáfa.
- Ása Baldursdóttir. (2009). *Lífið á Facebook: Formgerð samskipta*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags og Mannvísindasvið.
- Barnaheill. (e.d.). *Ný og endurbætt ábendingalína tekin í notkun*. Sótt 6. október 2011 af <http://www.barnaheill.is/barnaheill/frettir/529nyendurbaettabendingalinatekininotkun.html>
- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Bauman, S. (2010). Cyberbullying in a rural intermediate school: an exploratory study [rafræn útgáfa]. *The Journal of early adolescence*, 30, 803-833.
- Beckett, C. og Taylor, H. (2010). *Human Growth and Development*. London: SAGE publications.
- Belsey, B. (2005). *Cyberbullying: An emerging threat to the "Always on generation."* Sótt 17. september 2011 af http://www.cyberbullying.ca/pdf/Cyberbullying_Article_by_Bill_Belsey.pdf
- Berk, L. E. (2007). *Development through the lifespan* (4. útgáfa). Boston: Allyn and Bacon.
- Bradshaw, C. P., Swayer, A. L. og O'Brennan, L. M. (2007). Bullying and peer victimization at school: Perceptual differences between students and school staff [rafræn útgáfa]. *School Psychology Review*, 36(3), 361-382.
- Calvete, E., Orune, I., Estévez, A., Villardón, L. og Padilla, P. (2010). Cyberbullying in adolescents: Modalities and aggressor's profile [rafræn útgáfa]. *Computers in human behavior*, 26, 1128-1135.
- Daníel Reynisson. (2011). *Einelti meðal barna frá sjónarhorni lögfræðinnar*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.

- Dehue, F., Bolman, C. og Völlink, T. (2008). Cyberbullying: Yongsters' experiences and parental perception [rafræn útgáfa]. *CyberPsychology & Behavior*, 11, 217 - 223.
- Directgov. (e.d.). *Internet and email bullying*. Sótt 16. september 2011 af <http://www.direct.gov.uk/en/YoungPeople/HealthAndRelationships/Bullying/DG182401>
- Doktor. (e.d.). *Einelti og netið*. Sótt 16. september 2011 af http://www.doktor.is/index.php?do=view_grein&id_grein=4525&option=com_dgreinar
- Dooley, J. J., Pyzalski, J. og Cross, D. (2009). Cyberbullying versus face to face bullying: A theoretical and conceptual review [rafræn útgáfa]. *Journal of Psychology*, 217(4), 182-188.
- Education.com (e.d.). What Are the Forms That Cyberbullying Might Take? Sótt 22. september 2011 af http://www.education.com/reference/article/Ref_What_Forms/
- Englander, E. K. (2011). *Summary report: Marc Freshman study: Bullying, Cyberbullying & Cyber-behaviors in Massachusetts*. Sótt 23. september 2011 af <http://webhost.bridgew.edu/marc/MARC%20Freshman%20Study%202011.pdf>
- Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative Methods in Social Work Research*. Bandaríkin: MCGraw-Hill.
- Family Safe Computers. (e.d.). *Instant Messaging & Chat Rooms*. Sótt 15. september 2011 af <http://www.familysafecomputers.org/imchat.htm>
- Farrington, D. P. og Ttofi, M. M. (2009). *School-Based Programs to Reduce Bullying and Victimization*. Sótt 22. September 2011 af www.campbellcollaboration.org/lib/download/718/
- Félagsráðgjafarfélag Íslands. (e.d.). *Siðareglur íslenskra félagsráðgjafa*. Sótt 11. október 2011 af <http://felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>
- Goebert, D., Else, I., Matsu, C., Chung-Do, J. og Chang, J. Y. (2010, september). The Impact of cyberbullying on substance use and mental health in a multiethnic sample [rafræn útgáfa]. *Maternal and child health Journal*, 15, 1282–1286.
- Gordon, M. A., Madonna, M. M. og Banas, S. H. (2009). *Dealing with Bullying*. New York: Infobase publishing.
- Guðrún Kristinsdóttir. (ritstjóri). (2004). *Barnaverndarmál, Skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrannalönd*. Reykjavík: Félagsþjónustan Reykjavík.
- Hampson, S. E. (1982). *The construction of personality: An indruduction* (2. útgáfa). New York: Routledge.
- Háskóli Íslands. (e.d.). *Siðareglur fyrir rannsóknir í félagsvísindadeild Háskóla Íslands*. Sótt 12. október 2011 af

http://www.hi.is/files/skjol/felagsvisindasvid/deildir/felags_og_mannvisinda/Si__areglur_lokaskjal.pdf

- Heiða Kristín Harðardóttir og Krístrún Birgisdóttir. (2009). *Rafrænt einelti er ofbeldi, ofbeldi er glæpur*. Óbirt BA- ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið.
- Heimili og Skóli: SAFT. (2009a). *Viðhorfsrannsókn*. Sótt 26. september 2011 af http://www.saft.is//media/files/1195728922/Barnakonnun_4018854_SAFT_040909.pdf
- Heimili og Skóli: SAFT. (2009b). *Örugg Internetnotkun hjá barnafjölskyldum: Viðhorfskönnun*. Sótt 26. september 2011 af http://www.saft.is//media/files/1195728922/Foreldrakonnun_4018545_SAFT_190309.pdf
- Hinduja, S. og Patchini, J. W. (2011a). High-tech cruelty [rafræn útgáfa]. *Educational Leadership, 68*(5), 48-52.
- Hinduja, S. og Patchini, J. W. (2011b). Cyberbullying: A review of the legal issues facing educators [rafræn útgáfa]. *Preventing school failure: Alternative education for children and youth, 55*(2), 71-78.
- Hinduja, S. og Patchini, J. W. (2010). Bullying, cyberbullying, and suicide [rafræn útgáfa]. *Archives of suicide research, 14*(3), 206-221.
- Hinduja, S. og Patchini, J. W. (2007). Offline consequences of online Victimization: School violence and delinquency [rafræn útgáfa]. *Journal of school Violence, 6*(3), 89-110.
- Hjördís Árnadóttir. (2011). *Einelti og eineltisáætlanir: Aðkoma félagsþjónustu og barnaverndar*. Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands: Félagsráðgjafardeild
- Hoyle, R. H., Harris, M. J. og Judd, C. M. (2002). *Research Methods in Social Relations*. BNA: Wadsworth.
- Kail, R. V. og Cavanaugh, J. C. (2010). *Human Development: A Life-Span View* (5.útgáfa). Belmont: Wadsworth.
- Kelsey, C. M. (2007). *Generation Myspace: Helping your teen survive online adolescence*. New York: Marlowe & Company.
- Kerr, M. og Stattin, H. (2000). What parents know, how they know it, and several forms of adolescent adjustment: Further support for a reinterpretation of monitoring. *Developmental Psychology, 36*(3), 366–380.
- Kiriakidis, S. P. og Kavorua, A. (2010). Cyberbullying: A review of the literature on harassment through the internet and other electronic means [rafræn útgáfa]. *Family and community health, 33*(2), 82-93.
- Kowalski, R. M., Limber, S. P. og Agatston, P. W. (2008). *Cyberbullying: Bullying in the digital age*. Bandaríkin: Blackwell Publishing.

- Li, Q. (2010a). Cyberbullying in high schools: A study of students' behaviors and beliefs about this new phenomenon [rafræn útgáfa]. *Journal of aggression, maltreatment and trauma*, 19(4), 372-392.
- Li, Q. (2010b). Cyberbullying in schools: A research of gender difference. *School psychology international*, 27, 157-169.
- Li, Q. (2007). New bottle but old wine: A research of cyberbullying in schools [rafræn útgáfa]. *Computers in Human Behavior*, 23, 1777-1791.
- Liau, A. K., Khoo, A. og Ang, P. H. (2008). Parental awareness and monitoring of adolescent internet use [rafræn útgáfa]. *Current Psychology*, 27(4), 217-133.
- Linton, M. (2011, september). *Cyberbullying: Its tragic consequences*. Sótt 21. september 2011 af <http://www.examiner.com/teen-issues-in-buffalo/cyberbullying-its-tragic-consequences?ref=fwix>
- Litosseliti, L. (2003). *Using focus groups in research*. London: Continuum.
- Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Lög um fjarskipti nr. 81/2003.
- Ma, C. Q. og Huebner, E. S. (2008). Attachment relationships and adolescents' life satisfaction: Some relationships matter more to girls than boys. *Psychology in the Schools*, 45(2), 177-190.
- Madigan, L. (2010). Cyberbullying: A students perspective. Sótt 3. september 2011 af http://www.illinoisattorneygeneral.gov/children/cyberbullying_focus_report0610.pdf
- Macdonald, C. D. og Roberts-Pittman, B. (2010). Cyberbullying among college students: Prevalence and demographic differences [rafræn útgáfa]. *Procedia Social and Behavioral Sciences*, 9, 2003-2009.
- Media Awareness Network. (2004, febrúar). *Young Canadians in a wierd world (Phase II): focus groups*. Sótt 29. ágúst 2011 af http://www.mediaawareness.ca/english/research/YCWW/phaseII/upload/YCWWII_Focus_Groups.pdf
- Mennta og Menningarmálaráðuneytið. (2006). *Aðalnámsskrá grunnskólanna, almennur hluti*. Reykjavík: Mennta og Menningarmálaráðuneytið.
- Mishna, F., Sainim, M. og Solomon, S. (2009). Ongoing and online, Children and youth's perceptions of cyber bullying [rafræn útgáfa]. *Childrene and youth services review*, 31(12), 1222-1228.
- Mouttapa, M., Valente, T., Gallaher, P., Rohrbach, L. A. og Unger, J. B. (2004). Social network predictors of bullying and victimization [rafræn útgáfa]. *Adolescence*, 39(154), 315-335.

- Netplaces. (e.d.). *Types of Cyber Bullying*. Sótt 16. september 2011 af <http://www.netplaces.com/dealing-with-bullies/cyber-bullying/types-ofcyber-bullying.htm>
- Olweus (e.d.-a). *Dan Olweus: Einelti meðal barna og unglunga, ráðleggingar til foreldra*. Sótt 9. september 2011 af <http://olweus.is/Einelti.pdf>
- Olweus (e.d.-b). *Gegn einelti: Eineltisáætlun*. Sótt 26. september 2011 af <http://olweus.is/eineltisaaetlun.cfm>
- Parker, J. G., Rubin, K. H., Erath, S. A., Wojslawowicz, J. C. og Buskirk, A. A. (2006). Peer relationships, child development and adjustment: A developmental psychopathology perspective. Í Cicchetti, D. og Cohen, D. J. (ritsjórar), *Developmental Psychopathology: Theory and method* (2. útgáfa) (bls. 419-493). New Jersey: John Wiley & Sons.
- Parris, L., Varjas, K., Meyers, J. og Cutts, H. (2011). *High school students perceptions of coping with cyberbullying*. Sótt 8. september 2011 af <http://yas.sagepub.com/content/early/2011/03/06/0044118X11398881.full.pdf+html>
- Patchin, J. W. og Hinduja, S. (2010). Cyberbullying and self esteem. *Journal of school & health*, 80(12), 614-621.
- Patchin, J. W. og Hinduja, S. (2006). Bullies move beyond the schoolyard: A Preliminary look at cyberbullying. *Youth Violence and Juvenile Justice*, 4(2), 148-169.
- Persónuvernd. (e.d.). *Reglur um tilkynningarskyldu*. Sótt 12. október 2011 af <http://www.personuvernd.is/tilkynningar/reglur-um-tilkynningarskyldu/>
- Price, M. og Dalgeish, J. (2010). Cyberbullying: Experiences, Impacts and Coping Strategies as described by Australian young people. *Youth studies Australia*, 29(2), 51-59.
- Raskauskas, J. og Stoltz, A. D. (2007). Involment in traditional and electronic bullying among adolescents. *Developmental psychology*, 43(3), 564-575.
- Rosenberg, M. (1965). *Society and the adolescent self-image*. Princeton: Princeton University.
- Ryanpatrickhalligan. (e.d.). *Ryans´story*. Sótt 16. september 2011 af <http://www.ryanpatrickhalligan.org/index.htm>
- SAFT: Samfélag, fjölskylda, tækni. (e.d.a). *Hvað er rafrænt einelti*. Sótt 3. september 2011 af <http://saft.is/rafraenteinelti/hvaderraenteinelti/>
- SAFT: Samfélag, fjölskylda, tækni. (e.d.b). *Netsvar: Einelti*. Sótt 15. september 2011 af <http://www.saft.is/netsvar/umraedur/18267/flokkur/13/52/umraeda/75/>
- SAFT: Samfélag, fjölskylda, tækni. (e.d.c). *Farsímanotkun barna og unglunga*. Sótt 12. september 2011 af <http://www.saft.is/media/files/1195728922/farsimanotkunbogu.pdf>

- Sigurður Kristinnsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161-180). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða meigindlegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-236). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Shariff, S. (2008). *Cyberbullying: Issues and solutions for the school, the classroom and the home*. Routledge: London.
- Slovak, K. og Singer, S. B. (2011). School social workers perceptions of cyberbullying [rafræn útgáfa]. *Children & School*, 33(1), 5-17.
- Smith, P. K., Mahdavi, J., Carvalho, M., Fisher, S., Russell, S., og Tippett, N. (2008). Cyberbullying: Its nature and impact in secondary school pupils [rafræn útgáfa]. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 49(4), 376–385.
- Sourander, A., Anat, B. K., Ikonen, M., Lindroos, J., Luntamo, T., Koskelainen, M., Ristkari, T. og Helenius, H. (2010). Psychosocial Risk Factors Associated With Cyberbullying Among Adolescents: A Population-Based Study [rafræn útgáfa]. *Arch Gen Psychiatry*, 67(7), 720-728.
- Sóley S. Bender. (2001). Kynheilbrigði unglunga: forvarnarpistill. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 77, 345.
- Sóley S. Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 85-99). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stopcyberbullying. (e.d.). *What methods work with the different kinds of cyberbullies?* Sótt 21. september 2011 af <http://www.stopcyberbullying.org/educators/howdoyouhandlecyberbully.html>
- Sutton, J., Smith, P. K. og Swettenham, J. (1999). Bullying and Theory of Mind: A Critique of the Social Skills Deficit, View of Anti-Social Behaviour [rafræn útgáfa]. *Social Development*, 8, 117-127.
- Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource* (3. útgáfa). New York: Wiley.
- Tenenbaum, L., Varjas, K., Meyers, J. og Parris, L. (2011). Coping strategies and perceived effectiveness in fourth through eighth grade victims of bullying [rafræn útgáfa]. *School psychology international*, 32, 263-287.
- Thio, A. (2007). *Deviant Behavior*. Boston: Pearson.
- Tokunaga, R. S. (2010). Following you home from school: A critical review and synthesis of research on cyberbullying victimization [rafræn útgáfa]. *Computers in Human Behavior*, 26, 277–287.

- Twyman, K., Seylor, C., Taylor, A. L. og Comeaux, C. (2010). Comparing children and adolescents engaged in cyberbullying to matched peers [Rafræn útgáfa]. *Cyberpsychology, Behaviour, and social networking*, 13(2), 195-199.
- Umboðsmaður Barna. (e.d.). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Sótt 6. október 2011 af http://barn.is/barn/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/
- Vandebosch, H. og Cleemput, K. V. (2009). Cyberbullying among youngsters: Profiles of bullies and victims. *New media & Society*, 11, 1349-1371.
- Vandebosch, H. og Cleemput, K. V. (2008). Defining cyberbullying: A qualitative research into the perceptions of youngsters [rafræn útgáfa]. *CyberPsychology Behavior*, 11(4), 499-503.
- Wade, A. og Beran, T. (2011). Cyberbullying: The New era of bullying [rafræn útgáfa]. *Canadian Journal of school psychology*, 26, 44-61.
- Willard, N. (2007). *Cyberbullying and cyberthreats: responding to the challenge of online social aggression, threats and distress*. Bandaríkin: Malloy Inc.
- Wilson, E. J. og McAloney, K. (2010). Upholding the convention on the rights of the child: A quandary in cyberspace [rafræn útgáfa]. *Child care in practice*, 16, 167-180.
- Ybarra, M. L., Mitchell, K. J., Wolak, J. og Finkelhor, D. (2006). Examining characteristic and associated distress related to internet harassment: Findings from the second youth internet safety survey [rafræn útgáfa]. *Pediatrics*, 118, 1169-1177.
- Ybarra, M. L og Mitchell, K. J. (2004). Online aggressor/ targets, aggressors, and targets: A comparison of associated youth characteristic [rafræn útgáfa]. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 7, 1308-1316.
- Yilmaz, H. (2010). An Examination of Preservice Teachers' Perceptions about Cyberbullying [rafræn útgáfa]. *Eurasia Journal of Mathematics, Science & Technology Education*, 4, 263-270.
- Zimmerman, M. A. og Arunkumar, R. (2004). Resiliency research: Implications for schools and policy [rafræn útgáfa]. *Social Policy report – society for research in child development*, 4, 1-17.
- Þorlákur H. Helgasson og Heimili og Skóli. (2009). *Einelti: Góð ráð til foreldra*. Reykjavík: Oddi.
- Þórolfur Þórlindsson og Þorlákur Karlsson. (2003). Um úrtök og úrtaksaðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 51-66). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal I: Kynningarbréf og upplýst samþykki

Kynningarbréf

Ágæta foreldri

Selfoss, 15. September 2011

Rannsóknin sem ég er að biðja unglingsinn þinn að taka þátt í ber vinnuheitið nafnið „Rafrænt einelti – sjónarhorn unglinga“ Rannsóknin er hluti af lokaverkefni mínu til starfsréttinda við félagsráðgjafardeild Íslands. Með þessu bréfi vil ég kynna fyrir ykkur rannsóknina, um hvað hún snýst og veita upplýsingar um væntanlega þátttöku.

Rafrænt einelti er tiltölulega nýtt fyrirbæri sem hefur á síðustu árum kallað á aukna athygli samfélagsins. Rafrænt einelti er í stuttu máli einelti sem fer fram í gegnum rafrænar leiðir svo sem Internetið og Gsm síma. Rannsóknir á rafrænu einelti sýna fram á að rafrænt einelti er raunveruleg ógn við velferð barna og unglinga. Í Rannsókninni verður leitast við að varpa ljósi á hugarheim unglinga varðandi rafrænt einelti og hvernig það birtist þeim.

Við undirbúning rannsóknar var haft samband við grunnskóla barnsins þíns. Í samstarfi við skólann var tilviljunarkennt úrtak tekið úr nemendalista 9. og 10. bekkjar. Í því úrtaki kom upp nafn barnsins þíns.

Rannsóknin felst í rýnihópaviðtölum. Þátttakendur í rannsókninni verða á bilinu 14-16 og verður þeim skipt í tvo hópa eftir kyni. Þátttaka í rannsókninni felst í því að mæta í eitt viðtal sem tekur 60-75 mín. Viðtölin fram mánudaginn 3. Október 2011 á skólatíma.

Umræðuefnið í viðtölunum verður rafrænt einelti, hvaða merkingu þátttakendur leggja í hugtakið og hver skilningur þeirra er á rafrænu einelti. Viðtölin verða hljóðrituð og afrituð í framhaldi. Persónuupplýsingar sem beðið verður um eru nafn, aldur og kyn. Öllum nöfnum og persónueinkennum verður breytt við vinnslu gagna og því munu ekki vera mögulegt að rekja upplýsingar til einstaka barns.

Að taka þátt í rannsókninni ætti ekki að hafa neina áhættu í för með sér. Fylsta trúnaðar verður gætt við alla viðmælendur. Ávinningur af þátttöku er það þekkingargildi sem hún getur veitt. Með von um að þekkinguna megi nýta til að auka meðvitund um rafrænt einelti og auka forvarnir.

Það er sjálfsagður réttur ykkar að hafna þátttöku í rannsókn þessari.

Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar og voru engar athugasemdir gerðar við hana. Nr. Tilkynningar er S5355/2011 og er hægt að nálgast hana inn á personuvernd.is. Þeir sem hafa aðgang að gögnum úr viðtölum eru einungis ég sjálf sem

framkvæmdaraðili rannsóknar og aðstoðarmaður sem verður með mér í viðtölunum. Hún mun skrifa undir trúnaðaryfirlýsingu.

Við lok viðtals munu þátttakendur fá bíómiða frá Sambíónum og frímiða frá pylsuvagningum.

Mér hefur verið kynntur tilgangur þessarar vísindarannsóknar og í hverju þátttaka mín er fólgin. Ég er samþykk(ur) þátttöku.

Undirskrift foreldris/ foreldra

Undirskrift þátttakanda

Ábyrgðarmaður rannsóknar

Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar er Háskóli Íslands. Leiðbeinandi er Halldór S. Guðmundsson, lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og aðstoðarleiðbeinandi er Krístrún Birgisdóttir sérfræðingur hjá menntamálaráðuneytinu
Sími: 525-5206. Netfang: felagsraðgjof@hi.is.

Það er von mín að þið sjáið ykkur fært að taka þátt í rannsókn þessari og veitið skriflegt leyfi ykkar. Ef þið hafið einhverjar spurningar um þátttöku í rannsókninni er ykkur frjálst að hafa samband.

Kveðja,

Helga Lind Pálsdóttir
S: 867-1866
Hlp2@hi.is

Samþykkið þið þátttöku þið ég ykkur vinsamlegast að skila þessu bréfi með undirskrift forráðamans og barns á skrifstofu skólans við fyrsta tækifæri.

Viðtalsvísir: MA-rannsókn 2011

<p>Skilgreining unglunga á rafrænu einelti</p>	<p>Flest hafið þið heyrt um einelti og hvernig það fer fram. En nú langar mig að spyrja hvað þið hafið heyrt um rafrænt einelti?</p> <p>1) Hvað er rafrænt einelti að ykkar mati? - hvað er öðruvísi við rafrænt einelti og hefðbundið einelti ? * Nafnleynd, Endurtekning, Áhorfandahópur, Hraði nestisins</p> <p>2) Hafið þið orðið vitni af eða hafið þið heyrt af einhverjum sem varð fyrir rafrænu einelti ? - Hvernig voru þessi atvik - Hvaða tækni var notuð í þessum tilvikum</p> <p>3) Hversu algengt haldið þið að rafrænt einelti sé?</p> <p>4) Ef ég segi við ykkur rafrænt einelti eða rifrildi á netinu? - Hver teljið þið að sé munurinn?</p>
<p>Sjónarhorn og skilningur unglunga á rafrænu einelti</p>	<p>Nú langar mig að spyrja ykkur um ykkar álit og ykkar skoðunum á rafrænu einelti og af hverju þið teljið að það eigi sér stað.</p> <p>1) Af hverju haldið þið að sumir taki þátt í að leggja aðra í rafrænt einelti? * Ástæður: Hefna sín, sýna sig, tæknikunnátta, skemmtun</p> <p>2) Hvaða ástæður haldið þið að séu fyrir því að sumir lendi í rafrænu einelti en ekki aðrir?</p> <p>3) Hvaða áhrif haldið þið að rafrænt einelti hafi á þann sem verður fyrir því? T.d á líðan, vinasambönd, í skólanum ?</p> <p>4) Getur verið að það sé munur á rafrænu einelti á milli stráka og stelpna? Í hverju er þessi munur fólgin? *Aðferðir, Ástæður, Afleiðingar</p>
<p>Viðbrögð</p>	<p>Nú langar mig að biðja ykkur að hugsa um að: Ef þið mynduð lenda í rafrænu einelti</p> <p>1) Hvað mynduð þið gera ?</p> <p>2) Myndu þið segja einhverjum frá því – hverjum ? - Ef þið mynduð ekki segja frá af hverju ekki ?</p>
<p>Lausnir/refsing</p>	<p>Nú langar mig að biðja ykkur um að koma með hugmyndir af því hvernig hægt sé að koma í veg fyrir rafrænt einelti ? - Hvaða lausnir eru til ?</p> <p>1) Hvaða refsing finnst ykkur ætti vera ef upp kemst að einhver hefur verið að leggja annan í rafrænt einelti</p>